

Sp.

722. Skýrsla

[396. mál]

Matthíasar Á. Mathiesen utanríkisráðherra um utanríkismál.

(Lögð fyrir Alþingi á 109. löggjafarþingi 1986–87.)

Inngangur.

Undanfarin missiri hefur þeirri skoðun vaxið fylgi að aukna áherslu beri að leggja á þann þátt utanríkismálanna er lýtur að kynningu íslenskrar framleiðslu, vöru og þjónustu á erlendri grund. Í síðustu skýrslu lýsti ég því aukna vægi sem alþjóðaefnahagsmál hafa fengið á vettvangi alþjóðamála. Almennt efnahagsástand í heiminum hefur ekki aðeins áhrif á afkomu einstakra ríkja, heldur tengjast efnahags- og öryggismál margvíslegum böndum. Þessar staðreyndir kalla á árvekni okkar Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi á sviði efnahagsmála. Við verðum annars vegar að tryggja framleiðslu okkar hindrunarlausan

aðgang að helstu mörkuðum og hins vegar að hefja átak í sölu- og markaðsmálum með hliðsjón af þeim breytingum sem eru að eiga sér stað í íslensku atvinnulífi með tilkomu nýrra atvinnugreina.

Ný tækni á sviði fjarskipta og samgangna færir okkur ný tækifæri. Lítil og meðalstór fyrirtæki sækja í sig veðrið á kostnað stórrækstrar í alþjóðlegum viðskiptum. Hráfniskostnaður og frumvinnsla verður sífellt minna hlutfall framleiðsluverðs, nýjar aðferðir draga úr kostnaði við vinnuafli og aukin eftirspurn er eftir menntuðu starfsfólki. Í þessu umróti breyttra tíma hljóta íslensk fyrirtæki að hafa mikla möguleika og ættu allir að leggjast á eitt til að nýta þá, opinberir aðilar jafnt sem einkaaðilar.

Þótt stærstu verkefni utanríkisþjónustunnar í náinni framtíð hljóti að vera á sviði utanríkisviðskipta- og útflutningsmála er á engan hátt dregið úr mikilvægi öryggis- og varnarmála. Öðru nær. Farsæld íslensku þjóðarinnar hvílir sem fyrr á undirstöðu traustra varna. Það má orða það svo að traustar varnir séu forsenda þeirra frjálslegru samskipta ríkja á Vesturlöndum sem Íslendingar hafa notið góðs af á undanförunum áratugum.

1. Stefnyfirlýsing ríkisstjórnarinnar.

Núverandi ríkisstjórn var mynduð hinn 26. maí 1983. Þann dag var gefin út stefnyfirlýsing og er kaflinn um utanríkismál svohljóðandi:

„Meginmarkmið utanríkisstefnu Íslendinga er að treysta sjálfstæði landsins og gæta hagsmuna þjóðarinnar. Það verði m.a. gert með þátttöku í norrænu samstarfi, varnarsamstarfi vestrænna þjóða, alþjóðasamvinnu um efnahagsmál, starfi Sameinuðu þjóðanna og stofnana, sem þeim eru tengdar. Á alþjóðavettvangi beiti Ísland sér fyrir aukinni mannúð, mannréttindum og friði.

Stefna Íslands í afvopnunarmálum miðist við að stuðla að gagnkvæmri og alhliða afvopnun, þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Standa þarf vörð um fyllstu réttindi Íslands innan auðlindalögsögunnar og réttindi landsins á hafsbotssvæðum utan hennar verði tryggð svo sem alþjóðalög frekast heimila.“

Í samræmi við þessi atriði hefur verið unnið í tíð núverandi ríkisstjórnar, fyrst undir forustu Geirs Hallgrímssonar og síðan undir minni forustu, en ég tók við embætti utanríkisráðherra hinn 24. janúar 1986.

2. Þjónusta við útflytjendur.

Við ráðherraskiptin, sem urðu í utanríkisráðuneytinu í ársbyrjun 1986, lýsti ég nokkrum þeim verkefnum sem ég hugðist beita mér fyrir í störfum mínum í ráðuneytinu. Mun ég nú víkja að framgangi þeirra atriða er ég nefndi í inngangi síðustu skýrslu í þessu sambandi:

— Hinn 10. desember s.l. var opnuð sérstök skrifstofa við sendiráð Íslands í Brussel þar sem aðsetur fastafulltrúa okkar Íslendinga hjá EB verður í framtíðinni. Þessari skrifstofu er ætlað það hlutverk að fylgjast grannt með málefnum EB og koma á framfæri íslenskum sjónarmiðum hvenær sem þörf er talin á slíku. Þetta er fyrsta skrefið í þá átt að mörkuð verði framtíðarstefna gagnvart hinu ört vaxandi samstarfi Evrópuþjóða, en þess má geta að áætlanir eru uppi um að ríki bandalagsins verði öll orðin að einu markaðssvæði á árinu 1992.

— Í samvinnu við Útflutningsráð Íslands er nú verið að ganga frá fyrirkomulagi við ráðningu sérstakra markaðsfulltrúa sem starfa munu í íslenskum sendiráðum. Þessir fulltrúar munu koma til viðbótar þeim tveimur markaðsfulltrúum sem áður höfðu verið ráðnir til utanríkisráðuneytisins, en þeir eru í London og New York. Útflutningsráð Íslands hóf starf sitt síðastliðið haust og þar með eru skilyrði fyrir hendi til mun víðtækara samstarfs allra þeirra aðila er sinna útflutningi en áður hefur þekkt.

— Nefnd undir forustu Davíðs Ólafssonar, fyrrv. seðlabankastjóra, hefur kannað hvernig best sé að haga utanríkis- og viðskiptaþjónustu okkar Íslendinga í Asíu. Í

niðurstöðum nefndarinnar segir að ekki séu enn fyrir hendi þær forsendur er réttlæti stofnun sérstaks sendiráðs eða viðskiptaskrifstofu í Asíu með öllum þeim kostnaði sem því yrði samfara. Nefndin fellst á þá áherslu í starfi Útflutningsráðs Íslands að við núverandi aðstæður beri að leggja aukna rækt við markaðsstarf í nálægari löndum. Á hinn bóginn er lagt til að samskipti við ríki Asíu, einkum Japan, verði eflað, t.d. með styrkjum til náms og skipulögðum kynnisferðum. Einnig leggur nefndin til að ráðnir verði sérfræðingar til ráðuneyta eða Útflutningsráðs Íslands sem hefðu það hlutverk að safna upplýsingum, tæknilegum og viðskiptalegum, aðallega frá Japan. Sérfræðingarnir mundu vinna úr upplýsingunum og búa þær úr garði þannig að þær væru aðgengilegar fyrir útflytjendur og framleiðendur sem væri þannig auðveldað að fylgjast með því sem væri að gerast á þessum sviðum.

3. Íslenskt frumkvæði í öryggis- og varnarmálum.

Rétt er að rifja upp á hvern hátt hefur verið unnið að öryggis- og varnarmálum urdanfarin fjögur ár:

— Stigin hafa verið fyrstu skrefin í þá átt að til verði innlend sérfræðiþekking á herfræðilegum og hertæknilegum málum. Í þessu skyni starfar nú sérstök varnarmálaskrifstofa innan ráðuneytisins og þangað hafa m.a. verið ráðnir tveir varnarmálafulltrúar, en ráðning þeirra skapar skilyrði til þess að unnt verði að leggja hlutlægt íslenskt mat á varnarstöðu landsins og fyrirkomulag varnanna.

— Íslendingar hafa tekið virkari þátt í umræðum um öryggismál Norður-Atlantshafs-svæðisins og bætt tengsl sín við hermálafyrirvöld Atlantshafsbandalagsins. Á þann hátt er safnað upplýsingum sem gera stjórnvöldum betur kleift en ella að fylgjast með og hafa áhrif á allar ákvarðanir sem snerta öryggishagsmuni þjóðarinnar.

— Einn þáttur þessa íslenska frumkvæðis er aukin hlutdeild Íslendinga sjálfra í vörnum landsins, t.d. munu Íslendingar koma til með að annast rekstur hinna fyrirhuguðu ratsjárstöðva á Vestfjörðum og Norðausturlandi. Íslendingar tóku þátt í öllum ákvörðunum um tæknibúnað þessara stöðva og um staðarval og er það skýrt dæmi um frumkvæði Íslendinga í eigin vörnum.

— Mörkuð hefur verið ný stefna í því að upplýsa almenning um framtíðaráætlanir bæði hvað snertir búnað og mannvirki varnarliðsins og er einmitt ratsjárstöðvarmálið gott dæmi um það.

— Byggingu nýrrar flugstöðvar á Keflavíkurflugvelli er að ljúka og verður hún tekin í notkun 14. apríl n.k.

— Loks hefur öll aðstaða varnarliðsins, húsakostur og tækjabúnaður, verið bætt til mikilla muna. Má þar benda á ný og traust flugskýli, nýjan flugvélakost, fyrirhugaða stjórnstöð og olíubirgðastöð í Helguvík, en framkvæmdir þar eru nú í fullum gangi og stefnt að því að þeim ljúki í árslok 1988.

Í eðlilegu framhaldi framangreindra atriða lagði ég til í ríkisstjórninni í ársbyrjun 1986 að gerð yrði úttekt á „innra öryggi“ þjóðarinnar, en þar er öðru fremur átt við varnir gegn alþjóðlegum hryðjuverkum, svo og gegn ólöglegri upplýsingastarfsemi. Í kjölfarið var skipuð nefnd undir forsæti Baldurs Möllers, fyrrv. ráðuneytisstjóra, til að meta stöðu þessara mála. Nefndinni er ætlað að skila tillögum um hvernig yfirstjórn og samræmingu ráðstafana til eflingar innra öryggi skuli fyrir komið í stjórnkerfinu, hvert skuli vera verksvið hvers þeirra aðila er sinna þessum málum, svo og að meta þörfina á sérstökum reglum um samskipti embættismanna og annarra opinberra starfsmanna við erindreka erlendra ríkja. Nefndin hefur nú skilað bráðabirgðaálitinu og er það til athugunar í ríkisstjórninni. Búast má við fullnaðarniðurstöðum á næstu dögum.

4. Samskiptin við varnarliðið.

Það er sérstakt ánægjuefni að tekist hefur á undanförunum vikum og mánuðum að leysa þann vanda sem upp hafði komið vegna sjóflutninga til varnarliðsins, svo og að semja við varnarliðið um kaup á landbúnaðarafurðum. Svo lengi hafði dregist að finna viðunandi lausn á þessum málum að alvarleg staða var komin upp á síðastliðnu sumri í samskiptum Íslands og Bandaríkjanna. Þar kom vissulega einnig til deilan um hvalveiðar Íslendinga í vísinda skyni sem spillti mjög fyrir eðlilegum samskiptum ríkjanna.

Frá árinu 1904 hafa verið í gildi í Bandaríkjunum lög sem áskilja að sjóflutningar vegna bandarísks herliðs erlendis skuli fara fram með bandarískum skipum séu þau tiltæk. Fyrstu árin eftir gerð varnarsamningsins milli Íslands og Bandaríkjanna frá 5. maí 1951 notfærðu bandarísk skipafélög sér þennan forgangsrétt til flutninga fyrir varnarliðið hér á landi, þó aldrei svo að ekki væru einhverjir flutningar með íslenskum skipum. En frá árinu 1967 og fram til ársins 1984 voru aðeins íslensk skipafélög í þessum flutningum. Í maí 1984 hóf bandarískt skipafélag, Rainbow Navigation, flutninga á þessari leið. Í skjóli laganna frá 1904 hefur þetta skipafélag notið forgangsréttinda til flutninga fyrir varnarliðið og flutt langmest af þeim varningi sem til hefur fallið.

Með hliðsjón af mikilvægi traustra siglinga íslenskra aðila fyrir þjóðina og ríkjandi viðhorfum hér til þróunar frjálsra viðskipta töldu íslensk stjórnvöld nauðsynlegt að fá þessu fyrirkomulagi breytt þannig að flutningar fyrir varnarliðið færu fram á jafnréttisgrundvelli. Þegar ljóst var í febrúar–mars 1986 að úrlausn bandarískra dómstóla leysti ekki deiluna var málið tekið til ítarlegrar athugunar í ráðuneytinu. Var meðal annars sendiráðinu í Washington falið að leita ráðgjafar sérfróðra manna á sviði bandarískra stjórnлага og stjórnarfars. Niðurstaða þessara athugana var sú að helst væri mögulegt að leysa ágreininginn með gerð sérstaks samnings sem að fenginni staðfestingu öldungadeildar Bandaríkjaþings víki til hliðar lögnum frá 1904 eingöngu að því er varðaði umrædda flutninga milli Íslands og Bandaríkjanna. Eftir fund íslenskra og bandarískra embættismanna, sem haldinn var í London 4. september 1986, komst málið loks á lokaskrið. Fóru samningaviðræður síðan fram í Washington um miðjan september 1986 og lauk með gerð samnings þess sem nú er í gildi milli ríkjanna. Hafa Alþingi og Bandaríkjaþing staðfest hann. Fullgildingarskjöl voru afhent 31. október. Útboðsgögn voru lögð fram 30. janúar og er miðað að því að nýja fyrirkomulagið gildi frá 1. mars 1987.

Meginatriði samningsins eru þau að skipafélögum beggja ríkjanna er tryggður jafn réttur til að keppa um flutninga. Í samningnum felst undanþága frá bandarísku lögnum frá 1904. Undanþága þess gerir umrædda samkeppni á jafnréttisgrundvelli mögulega, svo og ráðstöfun flutninga til íslenskra skipafélaga. Með samningnum fylgir samkomulag sem gerir ráð fyrir að lægstbjóðandi fái 65% flutninganna hverju sinni en næstbjóðandi, frá hinu landinu, fái 35% ef um viðunandi tilboð er að ræða og aðili kys að nýta sér þann rétt. Að öðrum kosti fær lægstbjóðandi allan flutninginn. Endurskoðun ákvæða, er snerta framkvæmd samkeppnisreglna, fer fram árlega og má breyta þeim með samkomulagi aðildarríkjanna. Samningnum er unnt að segja upp með 12 mánaða fyrirvara. Í þingræðu, skömmu eftir að samningurinn var undirritaður, komst ég þannig að orði:

„Lausn siglingamálsins sýnir, að Íslendingar geta leyst deilumál við einstakar samstarfsþjóðir sínar í Atlantshafsbandalaginu þannig, að báðar þjóðir geti vel við unað. Sú varð t. d. raunin á eftir lok landhelgisdeilnanna við Breta. Þetta getur tekið tíma og reynt á þólrifin, en það tekst. Nú er ekkert því til fyrirstöðu, að varnarsamstarfið við Bandaríkin verði áfram treyst.“

Það verður síðan enn til að efla samstarf Íslendinga og Bandaríkjamanna að samið hefur verið um kaup varnarliðsins á landbúnaðarafurðum. Þreifingar hafa staðið um það mál um nokkurt skeið og í lok janúar s.l. komu fulltrúar bandaríska sjóhersins hingað til lands til

viðræðna við íslensk stjórnvöld um kaup á íslenskum afurðum. Þeim viðræðum lauk með samkomulagi sem undirritað var 2. febrúar. Samkvæmt því mun varnarliðið kaupa nokkurt magn af nautakjöti, kjúklingum, svínakjöti og eggjum. Þetta samkomulag gildir í 12 mánuði. Framleiðendur munu fá fullt verð fyrir afurðir sínar og ekki kemur til útflutningsbóta.

Bæði þessi mál staðfesta, hvort með sínum hætti, hvílíkt vandaverk það er að tryggja árekstralaus samskipti við erlent varnarlið þótt það sé í landinu að vilja landsmanna sjálfra. Í öllum aðalatriðum hafa samskiptin við Bandaríkjamenn verið til fyrirmyndar og ræður þar miklu raunsæi og lipurð þeirra manna sem haldið hafa á málum af beggja hálfu. Þegar ágreiningur rís verða báðir aðilar, ekki síður Íslendingar en Bandaríkjamenn, að forðast óbilgirni. Það hefur reynst heilladrýgst í samskiptum okkar við Bandaríkjamenn að skilja greinilega á milli varnarhagsmuna þjóðarinnar og fjárhagslegs ábata af veru varnarliðsins.

5. Fundur með íslenskum kjörræðismönnum.

Þriðji fundur kjörræðismanna Íslands fór fram í Reykjavík dagana 31. ágúst til 4. september 1986. Fyrri fundirnir voru haldnir árin 1971 og 1976. Til fundarins komu tæplega 130 af 185 kjörræðismönnum Íslands úr öllum heimshornum og voru í för með þeim um 130 makar, börn, skyldmenn og vinir. Allt fundarhald fór fram á Hótel Loftleiðum og þar bjuggu þátttakendur einnig. Haldnir voru fyrirlestrar um utanríkisstefnu Íslands og utanríkisþjónustu, utanríkisverslun, efnahagsmál og útflutning iðnaðarvara og sjávarafurða. Þá var sérstök landkynningar- og menningardagskrá. Farið var með þátttakendur og fjölskyldur þeirra í dagsferð um Suðurland. Ræðismennirnir þágu boð forseta Íslands, utanríkisráðherra, borgarstjórans í Reykjavík og 15 samtaka og fyrirtækja úr atvinnulífinu. Ræðismennirnir lýstu almennt ánægju sinni með fundinn í heild og töldu mikilvægt að endurnýja tengsl við land og þjóð og fylgjast með þeim öru framförum sem hér hafa orðið á undanförunum árum. Töldu þeir æskilegt að halda slíka fundi oftar en verið hefur.

6. Um efni skýrslunnar.

Í öllum meginatriðum er skýrsla sú, er hér fer á eftir, svipuð að uppbyggingu og skýrslan frá í fyrra. Í fyrsta lagi er fjallað um alþjóðleg málefni þar sem fyrst er greint frá friðar- og afvopnunarmálum og þá gerð grein fyrir alþjóðlegum samtökum og svæðasamvinnu sem Íslendingar eiga aðild að. Loks er þar sagt frá málefnum fjarlæggra heimshluta. Í öðru lagi er lýst nærtækari hagsmunum og tvíhliða samskiptum Íslendinga og annarra þjóða, þ.e. í köflunum um utanríkisviðskipti, þróunarsamvinnu, öryggis- og varnarmál og hafréttarmál. Í kaflanum um utanríkisviðskipti, sem tekinn er saman í viðskiptaráðuneytinu, er fjallað um alþjóðasamtök og samvinnu á sviði efnahags- og viðskiptamála. Þá á við sami fyrirvari og gerður var í inngangi skýrslu minnar í fyrra, þ.e. að ekki er gerð grein fyrir almennu ástandi mála í nálægum heimshlutum þar sem afstaða ríkisstjórnarinnar þarfnast annaðhvort ekki skýringa eða kemur fram í öðrum köflum skýrslunnar. Viðhorfum stjórnarinnar er hins vegar lýst til málefna fjarlægari heimshluta sem Íslendingar eru ekki í eins beinu sambandi við.

I. Einstök alþjóðamál.

Leiðtogar risaveldanna komu saman til fundar í Reykjavík í byrjun október og þar var ræddur meiri niðurskurður kjarnavopna en menn höfðu búist við. Þeir Ronald Reagan og Mikhail S. Gorbachev náðu samkomulagi um grundvöll afvopnunar á tveimur sviðum af þremur, þ.e. varðandi meðaldræg og langdræg kjarnavopn, en árangur strandaði á geimvarnaáætlun Bandaríkjamanna (SDI) þar sem Sovétmenn gerðu það að forsendu árangurs á öðrum sviðum að Bandaríkjamenn legðu áætlunina til hliðar. Frá þessari kröfu höfðu þeir reyndar fallið í fyrri umræðum risaveldanna í Genf. Þessi niðurstaða olli vonbrigðum og setti mark á umræður um afvopnunarmál í kjölfar fundarins.

Í síðustu skýrslu minni til Alþingis lýsti ég því viðhorfi að mikilvægt væri að staðið verði við ákvæði hins svonefnda ABM-samnings („Anti Ballistic Missile Treaty“) frá 1972, en hann takmarkar varnir gegn kjarnorkuvopnum. Ekki er raunhæft að banna tilraunir með geimvarnakerfi, enda hafa Sovétmenn staðið að slíkum tilraunum um árabíl, en mikilvægt er að þær tilraunir fari fram innan þeirra marka sem samningurinn frá 1972 setur. Að undanfögnu hefur nokkur umræða farið fram um „nýja“ túlkun samningsins og jafnvel að uppsetningu geimvarna verði flýtt. Ég er þeirrar skoðunar að hyggilegt sé að rasa ekki um ráð fram í því efni og að hafast ekkert það að er spillt getur fyrir árangri á öðrum sviðum afvopnunar eða hleypt af stað vígbúnaðarkapphlaupi í geimnum. Ég vil bæta því við, líkt og ég gerði í síðustu skýrslu, að bendi niðurstöður geimvarnarannsóknna til að geimvarnakerfi geti stefnt heimsfriðnum í hættu ber risaveldunum að sjá til þess að slík kerfi verði aldrei að veruleika. Sýni þær á hinn bóginn að geimvarnakerfi muni stuðla að friði og öryggi er eðlilegt að risaveldin geri samkomulag um framkvæmd slíkra áætlana.

Sú staðreynd, að samkomulag virtist ekki langt undan í viðræðum þeirra Reagans og Gorbachevs, gerði það að verkum þegar frá leið að athygli stjórnmálamanna, einkum í Vestur-Evrópu, beindist í auknum mæli að hinum gífurlegu yfirburðum Varsjárbandalagsríkjanna á sviði hefðbundins vígbúnaðar, vopna og herafla. Hlutverk kjarnavopna í varnarstefnu vestrænna ríkja komst aftur á dagskrá og má segja að vestrænir stjórnmálamenn hafi skyndilega áttað sig á þeirri þversögn, sem þeir verða að leysa, að vilja heim án ógnunar kjarnavopna, en tryggja um leið þann frið og það öryggi sem kjarnavopn í varnarvíðbúnaði Atlantshafsbandalagsins hafa veitt. Af þeim sökum hefur aukin áhersla verið lögð á þá stefnu, eftir leiðtogafundinn, að niðurskurði kjarnavopna verði að fylgja stöðugleiki á öðrum sviðum vígbúnaðar.

Á fundi utanríkisráðherra Atlantshafsríkjanna í Halifax s.l. vor var settur sérstakur vinnuhópur í það verkefni að undirbúa tillögur NATO um samdrátt hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu. Þessi hópur („High Level Task Force“) skilaði hugmyndum sínum fyrir fund utanríkisráðherra bandalagsins sem haldinn var í Brussel í desember og á þeim fundi var samþykkt sérstök yfirlýsing (Brusselyfirlýsing) þar sem ríkjum Varsjárbandalagsins er boðið til viðræðna um víðtækan samdrátt hefðbundins vígbúnaðar. Þessar viðræður munu fara fram í Vín þar sem nú stendur yfir þriðji framhaldsfundur Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE). Vonandi verður þetta frumkvæði Atlantshafsbandalagsins til þess að hleypa nýja lífi í MBFR-viðræðurnar svonefndu („Mutual and Balanced Force Reductions“) sem staðið hafa yfir í Vín milli Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins frá 1973 án sýnilegs árangurs.

Ef árangur næst í þeim afvopnunarviðræðum sem ég hef nú vikið að og nánari grein verður gerð fyrir hér á eftir hafa nauðsynleg skilyrði skapast fyrir árangri á öðrum sviðum afvopnunar. Í því sambandi vil ég nefna annars vegar svonefnda „fyrstingu“ og hins vegar bann við tilraunum með kjarnavopn. Afstaða vestrænna ríkja til tillagna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna um fyrstingu kjarnavopna hefur tekið mið af því að hyggilegast sé að ná samkomulagi um niðurskurð og samdrátt áður en til fyrstingar kemur. Varðandi tilraunir með kjarnavopn er árangur í afvopnunarviðræðum forsenda þess að samningar náist um allsherjarbann við slíkum tilraunum. Það sem staðið hefur í vegi fyrir þessu er sú staðreynd að Sovétmenn hafa reynst tregir til að samþykkja eins tryggar eftirlitsráðstafanir og Bandaríkjamenn hafa krafist. Bandaríkjamenn telja að nauðsynlegt sé að halda uppi „sannferðugum fælingarmætti“ meðan varnarstefna þeirra og Atlantshafsbandalagsins hvílir á ógn kjarnorkusprengjunnar og á meðan ekki hafa náðst samningar um afvopnun og um eftirlit verði þeir að halda tilraunum sínum áfram. Þeir benda einnig á að reynslan af tilraunabanni þeirra og Breta á sjötta og sjöunda áratugnum hafi ekki verið góð.

Það er þó mikilvægt að hafa hugfast þegar framangreind mál eru vegin og metin að Sovétmenn hafa breytt nokkuð um áherslur á undanförunum mánuðum og það má alls ekki vísa allri viðleitni þeirra á bug sem áróðri. Það ber t.d. að virða þá ákvörðun þeirra að sleppa fjölmörgum andófsmönnum, þar á meðal Andrei Sakharov, úr haldi. Á hinn bóginn kemur raunverulegur friðarvilji þeirra í ljós við samningaborðin í Genf og á RÖSE-fundinum í Vín þar sem fjallað er um efndir á ákvæðum Helsinki-samþykktarinnar. Sovétmenn geta ekki vænst þess að Vesturlandabúar slái af kröfum sínum um aukin mannréttindi innan Sovétríkjanna þótt þekktustu einstaklingunum úr hópi andófsmanna sé sleppt. Aðeins með fullum og skilyrðislausum efndum á ákvæðum Helsinki-samþykktarinnar geta þeir vænst þess að jarðvegur hafi skapast fyrir raunhæfum og langvarandi árangri á sviði afvopnunar.

En það eru mörg önnur ljón á vegi friðsamlegrar sambúðar ríkja heims. Ófriðarbál brenna í flestum heimsálfum: Sovétmenn halda áfram hernaði sínum í Afganistan, í Kampútseu starfar leppstjórn í skjóli Víetnama, stríð Írana og Íraka er í algleymingi, Líbúumenn stunda skæruhernað í Chad, ófriðarástand er í sunnanverðri Afríku og heitt í kolunum víðar, svo sem í Mið-Ameríku. Auk beinna hernaðaraðgerða þurfa íbúar heimsins að þola ýmsar aðrar erjur og skætur. Vil ég þar sérstaklega nefna alþjóðlega hryðjuverkastarfsemi, en hún hefur ekki síst bitnað á saklausum borgurum Vesturlanda. Á mörgum fundum og ráðstefnum á fjölþjóðlegum vettvangi hefur verið fjallað um leiðir til varnar gegn þeirri ógn sem alþjóðleg hryðjuverk valda, en erfitt hefur reynst að finna þau meðul sem duga. Íslendingar hafa ekki verið óhultir í þessu tilliti og á ég þá við aðgerðir erlendra skemmdarverkamanna í Reykjavík síðastliðið haust. Sem betur fer urðu þar engin slys á mönnum. Þær aðgerðir sýndu þó að engin þjóð getur verið fullviss um að sleppa alveg undan klóm hryðjuverkamanna. Við eigum því fulla samleið með öðrum ríkjum Vesturlanda í aðgerðum þeirra til að stemma stigu við hvers kyns skærustarfsemi sem beinist að saklausum borgurum.

1. Afvopnun.

Íbúar Vesturlanda hafa að mestu sloppið við hernaðaráttök allt frá lokum síðari heimsstyrjaldarinnar. En það er íhugunarefni að geryðingarvopn hafa þar gegnt lykilhlutverki. Hvað vestrænar þjóðir áhrærir er vandinn því sá að draga úr vopnabirgðum án þess að veikja öryggi. Við lausn þessa vanda verður að taka mið af ástæðum vígbúnaðarins sem m. a. er tortryggni og ótti. Ef afvopnun á að skila árangri og friður að haldast verður hún að hvíla á gagnkvæmum skilningi og samkomulagi. Þá verður að vera tryggt að við slíkt samkomulag verði staðið og að efni þess sé svo skýrt að enginn vafi leiki á um túlkun.

Með þátttöku okkar í Atlantshafsbandalaginu erum við Íslendingar beint og óbeint þátttakendur í ýmsum afvopnunarviðræðum. Vissulega skiptir afstaða okkar ekki sköpum varðandi frið í heiminum, en við megum aldrei liggja á liði okkar í þessum mikilvægustu málum mannkyns. Um leið verðum við að leggja áherslu á gæði samninga um þessi efni því það á við um friðinn eins og hvað annað að lengi býr að fyrstu gerð. Hér á eftir verður í stuttu máli sagt frá þróun viðræðna um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar frá því síðasta skýrsla um utanríkismál var lögð fram á Alþingi í apríl 1986.

1.1. Reykjavíkurfundur Reagans og Gorbachevs.

Segja má að eftir fund þeirra Reagans og Gorbachevs í Reykjavík, dagana 11. og 12. október s.l., hafi heiti höfuðborgarinnar öðlast táknrænt gildi um heim allan. Hér náðu leiðtogarnir verulegum árangri í átt til afvopnunar þó að endanlegt samkomulag hafi ekki náðst. Á þeim árangri verður byggt næstu missirin.

Vissulega höfðu vonir manna um samkomulag eflst mjög eftir því sem fundurinn stóð lengur fram á sunnudaginn 12. október og fór langt fram úr áður gerðri tímaáætlun. Því urðu

margir fyrir vonbrigðum í fyrstu. Þegar hins vegar var farið ofan í saumana á því sem gerðist í Reykjavík breyttist viðhorfið strax.

George P. Shultz, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, mætti á aukafundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins í Brussel mánudaginn 13. október og gerði grein fyrir því sem gerðist á Reykjavíkurfundinum. Þá var rétt að renna upp fyrir mönnum hve víðtækur grunnur að samkomulagi hafði náðst milli leiðtoganna.

Í Reykjavík voru þeir sammála um að á næstu fimm árum ætti að fækka langdrægum kjarnavopnum um helming. Þeir urðu ásáttir um hámark 6000 kjarnaodda í langdrægum skotkerfum sem ekki mættu vera fleiri en 1600 talsins. Þá urðu þeir ásáttir um geysimikla fækkun meðaldrægra kjarnavopna. Þannig skyldu leyfðir 100 kjarnaoddar í slíkum sovéskum flaugum í Asíu (SS-20 og SS-4) og 100 í Bandaríkjunum, en engar í Evrópu. Þá ræddu leiðtogarnir tveir einnig bann við kjarnavopnatilraunum þótt ekki næðist samkomulag. Enn fremur um að fylgja ákvæðum samningsins frá 1972 um takmörkun gagneldflauga (ABM-samningsins) næstu 10 árin þótt Bandaríkjamenn ítrekuðu ásetning sinn að halda áfram rannsóknum á geimvörnum, sem þeir segjast geta stundað án þess að brjóta í bága við þann samning. Ágreiningur leiðtoganna tveggja var fyrst og fremst um geimvarnir. Reagan samþykkti að geimvarnakerfi skyldi ekki tekið í notkun í 10 ár. Á sama tíma yrði langdrægum kjarnaeldflaugum útrýmt. Gorbachev gat fallist á 10 ára tímamörkunina, en gerði jafnframt þá kröfu að rannsóknir á og tilraunir með geimvarnakerfi færu eingöngu fram í rannsóknastofum. Það var vegna ágreinings um geimvarnir sem leiðtogarnir tveir náðu ekki samkomulagi því að Gorbachev gerði niðurstöðu í því efni að forsendu fyrir samningum um önnur atriði. Í Genf höfðu Sovétmenn áður sagt að samkomulag um t.d. meðaldræg kjarnavopn þyrfti ekki að tengjast samkomulagi á öðrum sviðum.

1.2. Genfarviðræður risaveldanna.

Sjötta lota afvopnunarviðræðna Sovétmanna og Bandaríkjamanna hófst 18. september s.l. Í viðræðunum er fjallað um niðurskurð langdrægra kjarnavopna (START), meðaldrægra kjarnavopna (INF) og um geimvopn, svo sem kunnugt er. Sjöttu lotunni lauk 12. nóvember 1986 og má segja að Reykjavíkurfundur Reagans og Gorbachevs hafi gersamlega breytt stöðu mála í Genf.

Bandaríkjamenn lögðu þar fram tillögur seint í október, tillögur sem byggðust á afstöðu Reagans í Reykjavík. Tillögur Sovétmanna sáu dagsins ljós 7. nóvember s.l. og voru þær í samræmi við afstöðu Gorbachevs í Reykjavík. Þó hafa báðir aðilar sakað hinn um að hafa horfið frá samkomulagsatriðum í Reykjavík. Dagana 2.–5. desember héldu aðalsamningamenn risaveldanna með sér sérstakan aukafund í Genf þar sem sérstaklega var farið yfir ágreiningsmálin. Því miður tókst þá ekki að gera lista yfir óleyst ágreiningsefni, en slíkur listi hefði getað flýtt fyrir árangri.

Sjöunda lota Genfarviðræðnanna hófst síðan 15. janúar s.l., en hléin eru notuð til að undirbúa nýjar tillögur og ráðgast við bandamenn. Almennt má segja um viðræður risaveldanna í Genf að aðilar hafi nú komist að samkomulagi um veigamikil atriði varðandi kjarnavopn og geimvarnir þótt ágreiningur sé um önnur. Öll vonum við að þau mikilvægu skref, sem stigin voru á Reykjavíkurfundinum, muni leggja grundvöll að árangri í viðræðum risaveldanna í Genf.

1.3. Fjölhliða viðræður.

Þótt viðræður leiðtoganna tveggja á Reykjavíkurfundinum beri langhæst í þróun viðræðna um takmörkun vígbúnaðar, hefur ýmislegt gerst í þeim málum á öðrum vettvangi frá því að ég lagði síðustu skýrslu um utanríkismál fram á Alþingi. Tel ég því rétt að fara hér á eftir nokkrum orðum um þær viðræður sem farið hafa fram á vegum Sameinuðu þjóðanna

og á fundunum í Vínarborg um gagnkvæman niðurskurð herafla og hefðbundins vígbúnaðar í Mið-Evrópu (MBFR). Í tengslum við síðarnefnda atriðið fjalla ég um frumkvæði Atlants-hafsbandalagsins í að koma af stað nýjum viðræðum um niðurskurð venjulegs vopnabúnaðar í Evrópu. Um Stokkhólmsráðstefnuna fjalla ég loks í kaflanum um Ráðstefnuna um öryggi og samvinnu í Evrópu (RÖSE).

1.3.1. Sameinuðu þjóðirnar.

Í fyrstu nefnd allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna var fjallað um afvopnunarmál á sama tíma og Reykjavíkurfundurinn fór fram og í kjölfar hans. Óvissa var þess vegna tengd því hvaða áhrif lyktir fundarins hefðu á störf nefndarinnar. Bæði Bandaríkjamenn og Sovétmenn forðudust í fyrstu nefnd, að mestu leyti, að saka hvorir aðra um að bera ábyrgð á því að ekki hefði náðst samstaða um ákveðna afvopnunar samninga í Reykjavík. Andrúmsloftið við umfjöllun um afvopnunarmálin var tiltölulega gott eins og árið 1985. Hóparnir lögðu aðaláherslu á nauðsyn bættra samskipta risaveldanna í framhaldi af Reykjavíkurfundinum. Það kom ekki á óvart að umræður um stöðvun vopnakapphaups í geimnum og um stöðvun allra tilrauna með kjarnavopn voru fyrirferðarmestar. Umræður um tillögur voru í svipuðu fari og oft áður. Meiri hluti ályktunartillagna var þannig samhljóða tillögum sem þar koma fram ár eftir ár.

Af hálfu Vesturlanda voru lagðar fram nýjar ályktunartillögur um aðgerðir til að skapa gagnkvæmt traust og öryggi og um afvopnun vegna hefðbundinna vopna. Almennt má segja að það var erfiðleikum bundið sem fyrr að fá sjónarmið Vesturlanda samþykkt. Hlutlausu og bandalagslausu ríkin standa oftast gegn vestrænum afvopnunar sjónarmiðum. Þessi ríki telja auk þess að aukin áhersla á afvopnun hefðbundinna vopna dragi athyglina frá niðurskurði kjarnavopna.

Austantjaldslöndin og mörg bandalagslaus ríki höfðu þó jákvæða afstöðu til ýmissa ályktunartillagna Vesturlanda. Austantjaldslöndin breyttu t.d. afstöðu sinni frá mótatkvæði í hjásetu vegna ályktunartillögu Breta um hlutlægar upplýsingar um herfræðileg málefni. Enn þá lengra gengu austantjaldslöndin í breyttri afstöðu til tillögu Bandaríkjanna um bann við notkun efnavopna. Áður greiddu þau atkvæði á móti, en nú með henni. Það er einnig athyglisvert að Austur-Evrópuríkin lögðu ekki fram sumar hefðbundnar ályktunartillögur sínar sem meira að segja bandalagslausu ríkin hafa talið hreinan áróður á móti Vesturlöndum. Nóg var samt af slíkum tillögum. Meðal áróðurstillagna, sem þannig „hurfu“, má t.d. nefna sovésku „frystingar“-tillöguna og búlgörsku tillöguna um vígbúnaðarkapphaupið á hafinu.

Hinn 18. nóvember s.l. var hér á Alþingi rætt um tillögu Svíþjóðar, Mexíkó o.fl. um tafarlausu stöðvun kjarnorkuvígbúnaðar, „frystingu“, og afstöðu Íslands. Sú tillaga var flutt svo til óbreytt frá fyrri tíð. Í henni voru enn sem fyrr vafasamar fullyrðingar, t.d. um að jöfnuður væri með risaveldunum í hernaðarmætti, og á þann hátt horft framhjá gifurlegum yfirburðum Sovétmanna í hefðbundnum vígbúnaði. Í umræðum á Alþingi benti ég á að menn hefðu verið að færast smátt og smátt frá hugmyndum um „frystingu“ kjarnorkuvígbúnaðar. Slíkri „frystingu“ yrði að fylgja eftir með tímafrekum og flóknum viðræðum um niðurskurð. Eðlilegra væri að ræða fyrst um afvopnun og svo um traustvekjandi aðgerðir til að tryggja öryggi til langs tíma. „Sænsk-mexíkanska“ tillagan var samþykkt með 118 atkvæðum gegn 12, en 4 sátu hjá. Ríki Atlants-hafsbandalagsins greiddu þannig atkvæði: 10 greiddu atkvæði gegn tillögunni, 3 sátu hjá (Ísland, eins og áður, Spánn og Holland) og 3 greiddu atkvæði með tillögunni (Danmörk, Noregur og Grikkland). Í fyrri sátu V-Pýskalaland og Luxemborg hjá. Kínverjar sátu hjá en Japanir greiddu atkvæði á móti.

Sérstök ástæða er til að benda á að nokkur hógværi bandalagslaus ríki tóku meiri þátt í umræðum og mótun ályktunartillagna en áður í fyrstu nefnd. Það átti þátt í að skapa betra

andrúmsloft í nefndinni. Kína tekur einnig virkari þátt í störfum nefndarinnar en áður og lagði fram tvær nýjar tillögur um afvopnun hefðbundinna vopna og kjarnavopna. Fengu þær almennan stuðning í nefndinni.

Störf fyrstu nefndar voru stytta um tæpar tvær vikur til að draga úr kostnaði. Það, ásamt fjölda framlagðra ályktunartillagna, leiddi að sjálfsgöngu til þess að það var minni tími en áður fyrir umræður. Alls voru 77 tillögur lagðar fram í nefndinni í stað 75 árið 1985. 67 af þeim voru samþykktar, þar af 22 einróma. Það er almenn skoðun aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna að ályktunartillögum verði að fækka, en það reynist aftur á móti erfitt í framkvæmd. Frekari vinnu í þessa átt ber að beina fyrst og fremst að fækkun þeirra tillagna sem samþykktar eru óbreyttar ár eftir ár.

Í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York starfar afvopnunardeild og hún starf-rækir sérstaka rannsóknastofnun um afvopnunarmál.

Þegar allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og fyrsta nefnd þess eru ekki að störfum fara umræður um afvopnunarmál fram innan afvopnunarráðsins. Þar eiga öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna aðild. Að afvopnunarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Genf eiga 40 ríki aðild. Ráðstefnan skilar skýrslum til allsherjarþingsins.

1.3.2. Hefðbundinn vígbúnaður í Evrópu.

Hinn 30. október s.l. hófst 14. ár viðræðanna í Vínarborg um gagnkvæman niðurskurð heraflla og hefðbundins vopnabúnaðar í Mið Evrópu, MBFR („Mutual and Balanced Force Reductions“). Hefur því miður lítið miðað í samkomulagsátt á þessum árum og grundvallar-ágreiningur einkennt fundina, m.a. um hversu margir hermenn séu nú í Mið-Evrópu. Í skýrslu minni til Alþingis í fyrra lýsti ég nokkuð tillögum ríkja Atlantshafsbandalagsins frá 5. desember 1985 og dræmum viðtökum Varsjárbandalagsríkjanna. Vísa ég í hana. Í stuttu máli má segja að erfiðasta ágreiningsefnið sé nú um eftirlit með hugsanlegu samkomulagi. Ríki Atlantshafsbandalagsins leggja mesta áherslu á slíkt eftirlit, en Varsjárbandalagsríkin virðast óttast það.

Þegar utanríkisráðherrar Evrópuríkja hittust í Vínarborg vegna opunar Vínarfundar RÖSE sem um er fjallað hér á eftir komu nokkrir utanríkisráðherrar Atlantshafsbandalagsins saman á fund 6. nóvember 1986 með samningamönnum sínum í MBFR-viðræðunum. Á þessum fundi, sem Leo Tindemans, utanríkisráðherra Belgíu, stýrði, var samþykkt yfirlýsing þar sem segir m.a.:

„Markmið MBFR-viðræðanna er að minnka hernaðarspennuna í Evrópu, auka öryggi og skapa gagnkvæmt traust. Til að ná þeim markmiðum erum við reiðubúnir til þess að fækka í heraflla okkar og samþykkja aðrar takmarkanir á grundvelli sanngjarns samkomulags. Við erum tilbúnir til að samþykkja öruggt eftirlit með þeirri fækkun og með þeim heraflla, sem eftir yrði í Mið-Evrópu. Við erum reiðubúnir til þess að upplýsa nákvæmlega um stærð og samsetningu heraflla okkar.

Eftirlit með þeim skuldbindingum, sem aðilar gangast undir, er lykillinn að réttlátum og þýðingarmiklum afvopnunarsamningum. Öruggt eftirlit er frumforsenda þess annars vegar, að eftir samningum sé farið, og hins vegar að skapa það traust, sem nauðsynlegt er til að ná samningum um enn mikilvægari atriði.

Það var með ofangreint í huga, sem fulltrúar Atlantshafsbandalagsríkja lögðu fram tillögur 5. desember 1985, er höfðu að geyma mikilsvert frumkvæði til að koma skriði á MBFR-viðræðurnar. Í þeim var verulega komið til móts við hugmyndir Austurs og erum við vonsviknir yfir að þær skuli ekki enn hafa mætt jákvæðum skilningi ríkja Varsjárbandalagsins. Sérstökum vonbrigðum veldur, að Austur hefur ekkert komið til móts við okkur varðandi lykilatriðið, öruggt eftirlit. Við teljum, að þar hafi Austur tekið skref aftur á bak.“

Á vorkundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins í Halifax 29.–30. maí s.l. var samþykkt stutt yfirlýsing um nauðsyn takmörkunar hefðbundinna vopna í Evrópu. Jafnframt var settur á laggirnar vinnuhópur háttsettra embættismanna („High Level Task Force“) til að benda á leiðir til að koma hreyfingu á það mál. Skyldi vinnuhópurinn byggja á tillögum ríkja Atlantshafsbandalagsins á Stokkhólmsráðstefnunni og í MBFR-viðræðunum. Enn fremur skyldi hópurinn taka tillit til þeirra tillagna sem ríki Varsjárbandalagsins hafa lagt fram.

HLTF-hópurinn skilaði bráðabirgðaskýrslu á haustfundi utanríkisráðherra Atlantshafsbandalagsins 11. desember og þar var samþykkt sérstök yfirlýsing (Brusselsyfirlýsingin) um takmörkun hefðbundinna vopna. Í henni er tekið fram að nýjar viðræður um takmörkun hefðbundinna vopna ættu að leiða til aukins öryggis og jafnvægis í Evrópu, en með minni vígbúnaði. Auk þess lögðum við áherslu á að komið yrði á jafnvægi vígbúnaðar á einstökum svæðum innan Evrópu. Markmið slíkra nýrra viðræðna ættu annars vegar að vera aðgerðir til að skapa auknið traust og öryggi, hins vegar að koma á jafnvægi herafra og hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu. Fyrri atriðið yrði væntanlega rætt meðal hinna 35 þátttökuríkja RÖSE, en hið síðarnefnda yrði tekið upp í sérstökum viðræðum milli ríkja Atlantshafsbandalagsins og Varsjárbandalagsins (þ.e. eins konar útvíkkaðar MBFR-viðræður). Með Brussel-yfirlýsingunni hefur Atlantshafsbandalagið tekið mikilvægt frumkvæði í þá átt að koma viðræðum Austurs og Vesturs um niðurskurð hefðbundins vígbúnaðar í Evrópu úr þeirri sjálfheldu sem þær hafa að mestu verið í undanfarinn áratug.

1.3.3. Kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum.

Hinn 23. maí 1985 ályktaði Alþingi um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum. Ályktunin var samþykkt samhljóða eftir að utanríkismálanefnd Alþingis hafi náð samstöðu í málinu. Í ályktuninni segir m.a.:

„Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og spennu.“

Við umræður um tillöguna í sameinuðu þingi flutti Eyjólfur Konráð Jónsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis, skýringu nefndarinnar á því hvaða svæði um væri að ræða og voru það skýringar sem nefndin var sammála um. Í ræðu sinni sagði Eyjólfur Konráð m.a. að sá „landfræðilegi skilningur væri réttur að Norður-Evrópa næði a.m.k. yfir Norðurlönd, eyjar á norðanverðu Atlantshafi og Norður-Þýskaland, þ.e. Norður-Evrópusléttuna og allt frá Grænlandi til Úralfjalla“. Það kom einnig fram í máli Eyjólfss Konráðs þegar hann flutti skýringar utanríkismálanefndar við tillöguna að það svæði, sem um væri að ræða, næði til aðildarríkja Norður-Atlantshafsbandalagsins, Varsjárbandalagsins og hlutlausra ríkja. Af framansögðu er ljóst að ályktun Alþingis tekur til mun víðtækara svæðis og samninga heldur en þær hugmyndir um kjarnavopnalaust svæði á Norðurlöndum sem aðrir hafa rætt á vettvangi Norðurlandaráðs.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Stokkhólmi 9. apríl á síðast liðnu vori kom fram tillaga um skipun sérstakrar nefndar embættismanna til að kanna skilyrði þess að Norðurlönd yrðu einhliða lýst „svæði án kjarnavopna“. Tillagan var ekki afgreidd á þessum fundi enda vorum við Svinn Stray, þáverandi utanríkisráðherra Noregs ekki reiðubúnir til að taka afstöðu til hennar. Okkur þótti m.a. nauðsynlegt að fá það skýrt fram hvert verkefni nefndarinnar yrði ef til skipunar kæmi.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Kaupmannahöfn 14. ágúst s.l. varð niðurstaðan sú eins og fram kom í yfirlýsingu fundarins að áður en tekin yrði endanlega afstaða til skipunar slíkrar nefndar embættismanna væri nauðsynlegt að yfirmenn stjórnmaladeilda

utanríkisráðuneytanna gerðu úttekt varðandi tilgang og markmið slíks nefndarstarfs og könnuðu hvort um það næðist samstaða.

Á fundinum í Kaupmannahöfn greindi ég frá því að afstaða mín til stofnunar norrænnar nefndar embættismanna mótaðist af ályktun Alþingis um afvopnunarmál. Í fyrsta lagi væri svæði, sem aðeins næði til Norðurlanda, ófullnægjandi, jafnframt því sem nýtt skref í þessum efnum væri aðeins raunhæft sem liður í viðtækari aðgerðum til að efla öryggi í okkar heimshluta, þar á meðal með samkomulagi risaveldanna. Kjarni málsins er sú staðreynd að öll löndin fimm eru nú þegar kjarnavopnalaus. Þau ógna engum. Það eru ekki þau sem valda ugg eða ótta á friðrofi.

Yfirmenn stjórnmaladeilda norrænu utanríkisráðherranna hafa fjallað um hugsanlega stofnun embættismannanefndar sem ætti að kanna skilyrði fyrir yfirlýsingu um kjarnavopnalaus svæði á Norðurlöndum. Álit yfirmanna stjórnmaladeildanna verður á dagskrá fundar norrænna utanríkisráðherra sem haldinn verður í Reykjavík 25.–26. mars n.k.

2. Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE.

Slökunartímabil það, sem stóð yfir fyrri hluta 8. áratugarins, náði hámarki sínu við undirritun Helsinki-samþykktarinnar 1. ágúst 1975. Vissulega endurspeglar ákvæði samþykktarinnar m.a. að grundvallaratriði í samskiptum þátttökuríkja 35 er það tiltölulega góða andrúmsloft sem ríkti í samskiptum Austurs og Vesturs fyrir næstum 12 árum. Á hinn bóginn hafa deilur um framkvæmd ákvæða Helsinki-samþykktarinnar einkennt flesta RÖSE-fundi sem haldnir hafa verið á þessum rúma áratug. Einkum og sér í lagi hefur verið deilt á ríki Austur-Evrópu fyrir gróf brot á mannréttindaákvæðum samþykktarinnar.

Fyrsti framhaldsfundur RÖSE til að fylgjast með og freista þess að bæta framkvæmd Helsinki-samþykktarinnar var haldinn í Belgrad síðla árs 1977 og í ársbyrjun 1978. Umræður þar urðu oft mjög heitar og undirstrikuðu hversu sambúð Austurs og Vesturs hafði kólnað frá því sáttmálinn kom til sögunnar. Árangur Belgrad-fundarins varð líka rýr og ekki var sameinast um ný efnisatriði. Ákveðið var að halda þrjá fundi sérfræðinga um afmörkuð efni. Skyldu þeir fundir skila skýrslum til næsta framhaldsfundar.

Annar framhaldsfundur RÖSE var síðan haldinn í Madrid 11. nóvember 1980 til 9. september 1983. Á þeim tíma voru mörg fundarhlé, sum löng. Þrátt fyrir mikinn ágreining, m.a. vegna innrásar Sovétmanna í Afganistan og þróunar mála í Póllandi, náðist loks samkomulag í Madrid um ítarlegt lokaskjal. Bætti það töluvert við ákvæði Helsinki-samþykktarinnar t.d. varðandi rétt frjálsra verkalýðsfélaga, iðkunar trúarbragða, upplýsingamál, aðstöðu fréttamanna o.fl.

Þá var samþykkt í Madrid að halda ráðstefnu í Stokkhólmi um aðgerðir til að auka gagnkvæmt traust og öryggi svo og um afvopnun.

Loks var ákveðið að halda sex fundi sérfræðinga um afmörkuð mál innan ramma Helsinki-samþykktarinnar. Hefur verið gerð grein fyrir fimm þeirra í skýrslum utanríkisráðherra til Alþingis 1985 og 1986.

2.1. Bernarfundur um mannleg tengsl.

Sjötti og síðasti sérfræðingafundurinn, sem ákveðinn var í Madrid, hófst í Bern 15. apríl s.l. Honum lauk 27. maí, einum degi á eftir áætlun. Undirbúningsfundur var haldinn 2.–15. apríl.

Á fundinum í Bern voru til umfjöllunar atriði Helsinki-samþykktarinnar, er varða tengsl og reglulega fundi á grundvelli fjölskyldubanda, endursameiningu fjölskyldna, hjúskap milli ríkisborgara ólíkra landa, ferðalög af persónulegum ástæðum eða vegna starfs, bætt skilyrði til ferðalaga einstaklinga eða hópa, fundi ungs fólks, íþróttir og „víkkun tengsla“ (orðalag Helsinki-samþykktarinnar). Fundurinn einkenndist af mikilli gagnrýni á

framkvæmd ríkja Varsjárbandalagsins á ROSE-ákvæðum varðandi mannleg tengsl. Vesturlönd og hlutlausu ríkin bentu á margt í framkvæmd Varsjárbandalagsríkja á þessum ákvæðum sem stæðist ekki. Lögð var t.d. áhersla á það af hálfu „17-ríkjanna“ (NATO og Írland), en einnig nokkurra hlutlausra ríkja að einstaklingar fengju af ýmsum persónulegum ástæðum mjög aukið frelsi til að heimsækja ættingja og vini yfir járntjaldið.

Samkvæmt umboði Bernarfundar var ekki rætt þar um leyfi fyrir einstaklinga eða hópa til að setjast að í öðrum ríkjum (emigration), en þess í stað rætt um heimsóknir og ferðalög. Í Austur-Evrópu eru fjölmargir minnihlutahópar sem verða að þola undirokun. Staða tyrkneska minni hlutans í Búlgaríu er gott dæmi hér um. Þar í landi búa u.þ.b. 900 þúsund Tyrkir. Hafa búlgörsk yfirvöld reynt með markvissum hætti að þurrka sérkenni þeirra út, t.d. heimtað að allir breyti um nöfn, noti búlgörsku, hætti trúariðkunum sínum o.fl. Búlgörsk stjórnvöld eru og ásökuð fyrir að hafa látið taka einstaklinga úr tyrkneska minni hlutanum af lífi. Búlgarska sendinefndin í Bern hélt því blákalt fram, að í Búlgaríu væri enginn tyrkneskur minni hluti. Miklar umræður áttu sér stað um þetta mál. Einnig var meðferð Sovétmanna á Gyðingum og Varsjárbandalagsríkja á Þjóðverjum mjög til umræðu og gagnrýnd af Vesturlöndum. Þar sem leyfi fyrir einstaklinga til að flytjast á brott og setjast að í öðru landi voru ekki á dagskrá Bernarfundar, reyndu ýmsar vestrænar þátttökupjóðir að leysa ákveðin mál slíkra einstaklinga tvíhliða. Varð nokkur árangur af slíkum viðræðum í Bern.

Fjölmargar tillögur um bætta framkvæmd umræddra ákvæða komu fram á fundinum. Munaði litlu að samkomulag tækist um lokaskjal en Bandaríkjamenn lögðu áherslu á mikilvægi þess að staðið yrði við fyrri samþykktir um mannleg tengsl áður en nýjar samþykktir væru gerðar.

2.2. Stokkhólmsráðstefnan.

Stokkhólmsráðstefnan um aðgerðir til að auka gagnkvæmt traust og öryggi og um afvopnun í Evrópu hófst 17. janúar 1984 og henni lauk 22. september s.l. með samkomulagi um ítarlegt skjal, Stokkhólmskjalið 1986.

Í Helsinki-sáttmálanum er að finna ákvæði um að hvert ríki veiti öðrum upplýsingar um heræfingar sem á að halda. Talið var að slíkar upplýsingar mundu draga úr tortryggni milli þjóða og þannig minnka hættu á ófriði. Með Stokkhólmskjalinu 1986 hefur þetta kerfi verið aukið og endurbætt. Helstu efnisatriði Stokkhólmskjalsins eru:

- Samkomulagið nær nú frá Úralfjöllum vestur á Atlantshaf, en náði upphaflega aðeins 200 km austur fyrir landamæri Sovétríkjanna og að ströndum Atlantshafs.
- Samkomulagið er bindandi fyrir 35 ríki, en var áður aðeins viljayfirlýsing.
- Þjóðirnar hafa skuldbundið sig til að tilkynna fyrir fram um heræfingar eða herflutninga með þátttöku 13 000 manna eða fleiri, en þessi mörk voru áður við 25 000; einnig að tilkynna ef 300 skriðdrekar eða fleiri taka þátt í þeim, en þeir voru ekki nefndir áður. Tilkynningaskylda landgönguæfinga miðast við 3000 hermenn. Sömuleiðis er tilkynningaskylda ef 3000 eða fleiri fallhlífarmenn taka þátt í æfingu.
- Þjóðirnar skuldbinda sig til að veita hver annarri fyrir 15. nóvember ár hvert yfirlit yfir fyrirhugaðar og tilkynningaskyldar æfingar komandi ár.
- Æfingar 40 000 manna eða fleiri verður að tilkynna með minnst árs fyrirvara og æfingar 75 000 manna með tveggja ára fyrirvara. Eru þetta verulegar tímatakmarkanir á heræfingum.
- Um leið og heræfingar eru tilkynntar eru ríkin skuldbundin til að bjóða öðrum þátttökuríkjum að senda menn til að fylgjast með æfingum. Öll skilyrði fyrir þá eftirlitsmenn eru bætt.

- Sé ástæða til að ætla að einhver þjóðanna brjóti þetta samkomulag geta hinar krafist þess að fá að senda eftirlitsmenn til þess ríkis til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Þetta atriði er stærsta nýjung samkomulagsins, en um slíkt eftirlit hefur aldrei tekist að semja fyrr.
- Þátttökuríkin endurnýja fyrri heit um að beita aldrei valdi hvert gegn öðru eða í milliríkjasamkiptum.

Það er sérstakt fagnaðarefni að þetta samkomulag náðist á hernaðarsviðinu eftir langt kuldaskið í samskiptum Austurs og Vesturs. Hvort framhald verður á Stokkhólmsráðstefnunni ræðst m.a. af niðurstöðu Vínarfundar RÖSE.

2.3. Þriðji framhaldsfundur RÖSE, Vínarfundurinn.

Hinn 4. nóvember s.l. hófst í Vínarborg þriðji framhaldsfundur Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu, RÖSE. Segja má að mun byrlegar blási í samskiptum Austurs og Vesturs en við upphaf Madrid-fundarins 1980. Tveggja vikna undirbúningsfundir lauk 6. október s.l. í Vín. Þar var gengið frá dagskrá og framkvæmdaratriðum Vínarfundarins. Var það gert án verulegs ágreinings. Vesturlönd lögðu áherslu á að töluverður tími færi í umræður um framkvæmd Helsinki-samþykktarinnar (og Madrid-skjalsins). Var þeirri umræðu skammtaður lengri tími í Vín en gert var fyrir Madrid-fundinn. Þá lögðu Vesturlönd áherslu á fleiri opna fundi á fundinum í Vínarborg en var í Madrid og náðist samkomulag um tiltekna málamiðlun. Í ræðu minni á Vínarfundi RÖSE 6. nóvember s.l. sagði ég m.a.:

„Snemma kom í ljós, að lögð er mismunandi áhersla á einstök atriði samþykktarinnar. Slíkt er þó ekki í samræmi við upphafleg áform, þar sem jafnvægi átti að vera milli einstakra þátta samkomulagsins. Sum ríki virðast leggja meira upp úr öryggismálum, en láta mannúðarmál sitja á hakanum. Nægir í því sambandi að nefna örlög Andrei Sakharovs og þeirra sem á síðasta áratug mynduðu samtök til að fylgjast með framkvæmd Helsinki-samkomulagsins innan Sovétríkjanna. Þessir einstaklingar voru miskunnarlaust þaggaðir niður og sendir í útlegð.

Við skulum líta ögn nánar á stöðu mannréttindamála í sumum ríkjanna. Andófsmenn þurfa að þola harðræði í þrælkunarbúðum eða á geðsjúkrahúsum. Í hvert skipti sem slíkum aðgerðum er mótmælt er skírskotað til „fullréttis“. Þá eru það talin innanríkismál þegar einstaklingar vilja flytja úr landi, en fá ekki. Í augum Íslendinga eru þetta dæmi um mannréttindabrot og mannréttindi eiga sér engin landamæri. Orð fá aldrei brúað þetta hlydýpi, þar megna verkin ein að skapa aukið traust.“

Enn fremur sagði ég í ræðunni:

„Innan Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu þarf að fara fram mikið starf er tekur mið af jafnvægi einstakra þátta Helsinki-samkomulagsins. Það þarf að auka mannréttindi, en það þarf líka að huga að öðrum þáttum, sem minni gaumur hefur verið gefinn að til þessa. Ég vil nefna í þessu sambandi umhverfismálin, en af nógu er að taka. Sérstaklega er mikilvægt að þjóðir okkar sameinist um leiðir til að fyrirbyggja mengun andrúmsloftsins og hafsins. Það hlýtur að vera markmið okkar allra að skila komandi kynslóðum hreinu umhverfi og farsælli framtíð.“

Fyrstu lotu Vínarfundarins lauk 19. desember, en önnur lota hófst 27. janúar s.l. Segja má að fyrsta lota Vínarfundarins hafi verið samfelld umræða eða eins konar uppgjör lýðræðisríkjanna við kommúnistaríkin um mannréttindi. Var þetta líkast til ein þyngsta og áhrifamesta atлага gegn kommúnistaríkjunum á sviði mannréttinda sem gerð hefur verið, enda tækifærið þannig, líkt og í Belgrad og Madrid, að prófa mátti lið fyrir lið allt það sem þau sjálf höfðu lofað með undirskrift í Helsinki 1975.

Viðbrögð Sovétmanna voru nú önnur en áður. Venjulega hafa þeir sagt að þetta væru óþolandi afskipti af innanríkismálum þeirra, en nú hlustuðu þeir og sögðu að nýjar reglur

um veitingu leyfa fyrir fólk til að flytjast úr landi væru í burðarliðnum. Gagnrýndu þeir vestræn ríki, einkum Bandaríkin og Bretland, fyrir ástand mannréttindamála í þeim ríkjum. Eftir því sem á fundinn leið fóru að berast fregnir af því að Sovétríkin hefðu veitt tilteknum andófsmönnum frelsi. Hámarki náðu þessar tilslakanir þegar Andrei Sakharov var leyft að fara til Moskvu. Á hinn bóginn varpaði það skugga á aðgerðir Sovétmanna að Anatoli Marchenko lést við ömurlegar aðstæður í fangelsi í Moskvu.

II. Alþjóðastofnanir og svæðasamvinna.

1. Sameinuðu þjóðirnar og ýmsar sérstofnanir þeirra.

1.1. 41. allsherjarþingið.

Fjárhagskreppa Sameinuðu þjóðanna hvíldi sem mara yfir 41. allsherjarþinginu og raunar yfir 40. þinginu líka, en þingið var kallað saman til aukafunda um efnahagsvandann tvívegis á s.l. vori. Nánar verður vikið að þeim málum hér á eftir. Þrátt fyrir efnahagsvanda samtakanna voru haldin tvö aukaallsherjarþing á s.l. ári, þau 13. og 14. í röðinni. Hið fyrra fjallaði um efnahagskreppu Afríku. Vesturlönd og Afríkuríki náðu samkomulagi um ráðstafanir til hjálpar Afríkuríkjum og var ályktun þingsins samþykkt einróma. Hið síðara fjallaði um Namibíu. Ályktun um ástandið þar var samþykkt, en nær öll Vesturlönd, þar á meðal Norðurlönd öll, sátu hjá við atkvæðagreiðslu vegna óbilgjarns orðalags ályktunarinnar.

Af þeim hundruðum ályktana og samþykktu, sem 41. þingið gerði, skal hér aðeins dregið á örfáar þeirra, en að öðru leyti vísast til skýrslu fastanefndar Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum um þátttöku Íslands í 41. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna, 16. september til 18. desember 1986.

Eins og á undanförunum þingum samþykkti allsherjarþingið ályktanir um brottflutning erlendra herja frá Afganistan og Kampútseu með miklum meiri hluta. Engin teljandi hreyfing komst á önnur ófriðarmál sem verið hafa til umræðu hjá Sameinuðu þjóðunum árum saman, t.d. stríðið milli Írans og Íraks, Kýpurmálið, ástandið í Mið-Austurlöndum, Mið-Ameríku og Suður-Afríku. Eins og undanfarin ár fluttu Norðurlönd ályktunartillögu um kynþáttaaðskilnaðarstefnu Suður-Afríkustjórnar sem samþykkt var með yfirgnæfandi meiri hluta.

Ísland ásamt öðrum Norðurlöndum greiddi atkvæði með tveimur tillögum um Nikaragúa. Í annarri tillögunni er harmað viðskiptabann Bandaríkjanna á Nikaragua, en í hinni eru þau hvött til þess að hlíta dómi Alþjóðadómstólsins og láta af hernaðaraðgerðum gegn Nikaragúa.

Samþykkt var tillaga Bandaríkjanna um að eignarréttur teljist til grundvallar-mannréttinda og sé mikilvægur fyrir efnahagsþróun ríkja. Sovétríkin og 40 fylgiríki þeirra greiddu atkvæði gegn tillögunni. Enn fremur var samþykkt einróma tillaga Bandaríkjanna um mikilvægi einkaframfats í efnahagsþróun þróunarlandanna. Ísland var meðflytjandi að þeirri tillögu.

Samþykkt var ályktun þar sem ríki eru hvött til þess að gerast aðilar að og fullgilda hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Nú hafa 32 ríki fullgilt samninginn, þar á meðal Ísland, en 60 ríki þurfa að fullgilda hann svo að hann öðlist gildi.

Samþykkt var yfirlýsing um félagslegar og lögfræðilegar grundvallarreglur um vernd og velferð barna, með sérstöku tilliti til fósturs og ættleiðingar.

Hans G. Andersen, fastafulltrúi Íslands, flutti þingskapatillögu f.h. Norðurlanda að vísa frá tillögu Arabaríkja um synjun samþykktar kjörbréfs Ísraels. Tillaga Íslands var samþykkt með 82 atkvæðum gegn 40 en 12 sátu hjá.

Perez de Cuéllar var endurkjörinn aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna til fimm ára.

Guðmundur Eiríksson, þjóðréttarfræðingur utanríkisráðuneytisins, var kjörinn til setu í þjóðréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna (International Law Commission).

1.2. Fjárhagsvandi Sameinuðu þjóðanna.

Sameinuðu þjóðirnar hafa um langt skeið átt við alvarlegan fjárhagsvanda að stríða vegna vangreiddra skylduframlaga aðildarríkjanna. Sovétríkin voru stærsti skuldarinn um árabíl. Á árinu 1985, eftir að lög voru samþykkt í bandaríska þinginu sem skertu verulega skylduframlag Bandaríkjanna til Sameinuðu þjóðanna, urðu Bandaríkin stærsti skuldarinn. Í lok þess árs skulduðu Bandaríkin 85,5 milljónir bandaríkjadala, en Sovétríkin 40,8 milljónir.

Ástæðan fyrir lagasetningu Bandaríkjaþings var m.a. óánægja með að Vesturlönd, sem greiða þrjá fjórðu hluta útgjalda Sameinuðu þjóðanna, hafa aðeins 15% atkvæða í allsherjarþinginu sem samþykkir fjárlög samtakanna. Ríkin, sem minnst greiða til samtakanna, hafa því nær óskorað vald við ákvörðun útgjalda Sameinuðu þjóðanna. Í lok ársins 1985 samþykkti 40. allsherjarþingið ályktun um skipan 18 manna sérfræðinganevndar til að gera tillögur um lausn fjárhagsvanda samtakanna og bættan rekstur þeirra. Formaður nefndarinnar var Tom Vraalsen, fastafulltrúi Noregs. Þingið fjallaði á löngum fundum um tillögur nefndarinnar sem fólu í sér verulegan sparnað og hagræðingu í rekstri samtakanna, þar á meðal fækkun starfsfólks um 15% á næstu árum og fækkun yfirmanna í æðstu stöðum um fullan fjórðung. Það var ekki fyrir en á síðustu fundum þingsins að forseta þess tókst að ná samkomulagi sem aðilar gátu sætt sig við, sumir með nokkurri ólund. Mikilvægasta atriði samkomulagsins felst í því að nefnd, sem fjallar um framkvæmd starfsáætlana samtakanna (Committee for Programme and Co-ordination), skal taka samhljóða ákvarðanir og fá Bandaríkin og önnur aðildarríki í nefndinni þar með neitunarvald í fjármálum stofnunarinnar.

Fulltrúar Bandaríkjanna hafa nú lýst yfir að þeir muni leitast við að fá greiðsluheimild frá Bandaríkjaþingi til þess að greiða vangreiddan hluta skylduframlags Bandaríkjanna fyrir árið 1986 að upphæð 105 milljónir dollara. Skylduframlag Bandaríkjanna nemur 25% af heildarútgjöldum Sameinuðu þjóðanna. Gera menn sér nú vonir um að betri heimtur verði á skylduframlögum aðildarríkjanna. Norðurlöndin sýndu öðrum aðildarríkjum gott fordæmi með því að greiða skylduframlög sín fyrir árið 1987 til samtakanna þegar í fyrstu viku janúar s.l. Fjárhagsvandi Sameinuðu þjóðanna speglar í raun veika stöðu þeirra almennt. Því neyðarástandi, sem ríkt hefur undanfarin missiri, hefur þó verið aflétt að sinni þótt segja megi að stofnunin eigi enn eftir að koma fjárhagsmálum sínum á traustan og varanlegan grundvöll.

1.3. Efnahags- og félagsmálaráðið, ECOSOC.

Ísland var í fyrsta sinn kjörið í Efnahags- og félagsmálaráðið 1984 og tók sæti í ráðinu í janúar 1985. Kjörtímabili Íslands lýkur við lok þessa árs. Í ráðinu eiga sæti 54 ríki, þar af 13 ríki á Vesturlöndum. Þrjú norræn ríki eiga nú sæti í ráðinu, þ.e. Danmörk, Noregur og Ísland.

Efnahags- og félagsmálaráðið heldur árlega tvo fundi sem standa í 3–4 vikur hvor. Vorfundur er haldinn í New York en sumarfundur í Genf.

Á vorfundinum í fyrra var einkum fjallað um mannréttindamál og voru samþykktar ályktanir og ákvarðanir um mannréttindamál sem áður höfðu hlotið afgreiðslu í Mannréttindaráðinu (Human Rights Commission). Þá voru framlengd umboð sérstakra fulltrúa, sem skipaðir hafa verið, til að fylgjast með ástandi mannréttinda í Chile, Íran, El Salvador,

Afganistan og Guatemala. Enn fremur voru skipaðir nýir fulltrúar til að rannsaka aðgerðir ríkisstjórnna sem þykja brjóta í bága við yfirlýsinguna um trúfrelsi. Fíkniefnanefnd Sameinuðu þjóðanna gerði grein fyrir undirbúningi alþjóðlegs ráðherrafundar um fíkniefnamál sem haldinn verður í Vínarborg í júní n.k.

Á sumarfundi ECOSOC, sem einkum fjallaði um efnahagsmál, var samþykkt stefnumótandi ályktun um hin fjölpættu störf stofnana Sameinuðu þjóðanna að þróunarmálum, en þau eru tekin til umfjöllunar og endurskoðunar í Efnahags- og félagsmálaráðinu þriðja hvert ár.

1.4. Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna, UNESCO.

Í ársbyrjun 1986 kom til framkvæmda úrsögn Bretlands og Singapúr úr UNESCO, ári síðar en Bandaríkin höfðu sagt skilið við stofnunina. Engin önnur aðildarríki tilkynntu hins vegar úrsögn á árinu.

Framkvæmdastjórn UNESCO fjallaði um fjölmörg mál. Sérnefnd stjórnarinnar, sem fulltrúi Íslands á sæti í, fylgdist með framgangi þeirra umbóta á starfi stofnunarinnar sem stjórnin hafði samþykkt haustið 1984 að beita sér fyrir. Taldi nefndin að ýmislegt hefði áunnist, t.d. hefði mat á árangri starfsþátta stofnunarinnar verið fært í nútímalegra horf, en aftur á móti þyrfti að herða róðurinn á öðrum sviðum, einkum í upplýsingamiðlun og starfsmannastjórn. Þá gerði framkvæmdastjórn rækilega samþykkt um hver skyldu vera meginatriði frumvarps aðalforstjóra í starfsskrá og fjárhagsáætlun UNESCO fyrir árin 1988–1989, svo og um frumundirbúning starfsskrár stofnunarinnar fyrir árin 1990–1995.

Norðurlönd tóku virkan þátt í þessu starfi, en fulltrúar þeirra í framkvæmdastjórn eru Ísland og Svíþjóð. Má nefna hér sem dæmi norrænar tillögur, sem framkvæmdastjórn féllst á, um eflingu starfs UNESCO í baráttu gegn ólæsi í heiminum. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti í desember ályktun þar sem lýst var yfir alþjóðlegum áratug menningarþróunar sem haldinn yrði á vegum Sameinuðu þjóðanna og UNESCO árin 1988–1997.

Hinn 6. október 1986 tilkynnti Amadou-Mahtar M'Bow, aðalforstjóri UNESCO, að hann mundi ekki sækjast eftir endurkjöri þegar öðru kjörtímabili hans lýkur haustið 1987. Er undirbúningur að kosningu aðalforstjóra fyrir tímabilið 1987–1993 þegar hafinn. Veltur vitaskuld á miklu að þar takist giftusamlega til og þurfa Norðurlönd að fylgjast vel með því máli.

1.5. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin, WHO.

Þriggja ára kjörtímabili Íslands í framkvæmdastjórn Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO lauk á miðju ári 1986. Samkvæmt skiptivenju Norðurlandanna er Svíþjóð nú í framboði til kjörs í framkvæmdastjórnina og bendir allt til þess að Svíþjóð verði kjörin á komandi alþjóðaheilbrigðisþingi í maí n.k. Samskipti Íslands við WHO hafa aukist verulega undanfarin ár, bæði með þátttöku starfsmanna WHO í verkefnum hér innanlands og svo með því að sérfræðingar frá Íslandi eru boðnir til tímabundinna starfa að hinum ýmsu verkefnum.

Dr. Jo E. Asvall kom í opinbera heimsókn til Íslands í mars 1986 og kynnti þá ríkisstjórninni, alþingismönnum og starfsmönnum í heilbrigðisþjónustunni áætlun og sérstök markmið WHO í Evrópu til næstu aldamóta. Sem liður í heimsókn dr. Asvalls var haldinn fundur fulltrúa heilbrigðisyfirvalda í Evrópu um átak til útbreiðslu þekkingar meðal almennings um forvarnarstarf. Í framhaldi af heimsókn dr. Asvalls ákvað ríkisstjórnin að gera áætlun um forvarnarstarf í heilbrigðismálum í samræmi við stefnu WHO um „Heilbrigði allra árið 2000“ (HFA 2000).

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sat 39. alþjóðaheilbrigðisþingið í maí s.l. ásamt embættismönnum. Ráðherra flutti þar ávarp þar sem vakin var sérstök athygli á mikilvægi forvarnarstarfs. Jafnframt greindi hún frá brýnni nauðsyn á alþjóðlegu viðvörðunarkerfi vegna efna- og kjarnorkuslysa, en slysið í Chernobyl kjarnorkuverinu var ofarlega í hugum manna á þessu þingi sem haldið var tveimur vikum eftir slysið.

1.6. Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, IAEA.

Stjórn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar er í höndum aðalfundar sem haldinn er árlega. Milli aðalfunda fer stjórnarnefnd með stjórnina. Í nefndinni eiga nú sæti 35 aðildarríki, en þau eru alls 113. Norðurlöndin hafa hin síðari ár yfirleitt átt tvo fulltrúa í stjórnarnefndinni. Ísland hefur ekki átt þar sæti þar sem seta þar krefst mikillar vinnu og góðrar aðstoðu heima fyrir og í Vínarborg. Náð samband og samráð hefur jafnan verið milli Norðurlandanna, bæði á aðalfundunum og utan þeirra.

Markmið IAEA er að efla friðsamleg not kjarnorku og tryggja að aðstoð, sem stofnunin veitir, verði ekki notuð í hernaðarlegum tilgangi. Viðamestu starfssvið eru hagnýting kjarnfræða (í landbúnaði, læknisfræði, iðnaði, jarðvísindum, eðlisfræði og efnafræði) með um 35% af heildarútgjöldum og öryggiseftirlit með um 25%. Öryggiseftirlitið miðar að því að tryggja að kjarnkleyf efni, þjónusta og tækjabúnaður, sem stofnunin lætur í té, verði ekki notuð í hernaðarskyni. Stofnunin hefur í vaxandi mæli tekið að sér slíkt eftirlit með starfsemi ríkja á sviði kjarnorku, en aðeins samkvæmt beiðni ríkjanna sjálfra. Öryggiseftirlitið gegnir lykilhlutverki í viðleitni til að hindra dreifingu kjarnavopna og tengist þannig NPT-samningnum (Non-Proliferation Treaty). Önnur starfssvið eru viðaminni. Kjarnorkuvinnsla tekur um 9% og öryggi kjarnorkuvera og geislavarnir um 8% af heildarútgjöldum.

Tækniástoð og tæknisamvinna á hinum ýmsu starfssviðum er mikilvægur þáttur í starfsemi stofnunarinnar. Til þessa þáttar fer rúmur fjórðungur af heildarútgjöldunum. Ísland hefur fengið verulega tækniástoð frá stofnuninni, samtals 823 500 bandaríkjadala á tímabilinu 1957–1986. Þessi upphæð skiptist þannig: 604 800 hafa farið til tækjakaupa, 144 900 til ýmissa námsstyrkja og 73 800 til erlendar sérfræðiaðstoðar. Auk þessa hafa íslenskar stofnanir fengið styrki gegnum svokallaða rannsóknarsamninga.

Í kjölfar kjarnorkuslyssins í Chernobyl 26. apríl 1986 beindist athyglin mjög að Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni. Þetta var í fyrsta skipti sem áhrifa slyss í kjarnorkuveri gætti utan landamæra þess ríkis þar sem slysið varð. Sovétmenn afþökkuðu boð annarra ríkja um aðstoð, en buðu aðalforstjóra IAEA, dr. Hans Blix, að koma til Sovétríkjanna ásamt tveimur sérfræðingum frá stofnuninni. Var þeim gerð ítaleg grein fyrir ástandinu eftir slysið og gefinn kostur á að kynna sér aðstæður á slysstaðnum. Þetta sýndi að Sovétmenn báru traust til stofnunarinnar og varð það henni til mikils álitsauka. Að ósk IAEA fóru Sovétmenn að senda daglega til IAEA upplýsingar um geislavirkni á nokkrum stöðum í vesturhluta Sovétríkjanna sem IAEA sendi áfram til meðlima sinna. Sovésk yfirvöld kváðust einnig reiðubúin til að veita allar þær upplýsingar, sem fyrir lögju um slysið, á fundi innan IAEA þar sem reynt skyldi að komast að orsökum og gangi slyssins og rekja afleiðingar þess. Fundur þessi var haldinn í lok ágúst 1986 í aðalstöðvum IAEA í Vínarborg og sátu hann um 500 sérfræðingar víðs vegar að úr heiminum. Fundur þessi var enn eitt dæmi um gagnsemi IAEA og mikilvægi á þessu sviði.

Stjórnarnefnd IAEA var kölluð saman til aukafundar 21. maí 1986, að ósk Vestur-Þjóðverja, til að ræða slysið í Chernobyl og afleiðingar þess og hugsanlegar aðgerðir IAEA til að bæta alþjóðasamvinnu um öryggi kjarnorkuvera. Sérfróðum fulltrúum frá aðildarríkjum IAEA var falið að semja drög að tveimur alþjóðasáttmálum um skjóta tilkynningu um kjarnorkuslys og um aðstoð vegna kjarnorkuslysa eða hættuástands vegna geislunar.

Jafnframt var ákveðið að kalla saman sérstakan aðalfund IAEA 24. september 1986 til að fjalla um þessi drög. Á þeim fundi voru þessir tveir sáttmálar samþykktir og 51 ríki undirritaði þá. Ísland undirritaði með fyrirvara um staðfestingu eins og flest ríkin gerðu.

Þessir sáttmálar eru mikilvæg skref í átt að því að draga úr áhrifum kjarnorkuslysa. Stofnunin hefur einnig snúið sér að því að reyna að tryggja að ekki verði slyss. Á 31. aðalfundi IAEA, sem haldinn var strax á eftir sérstaka fundinum, var samþykkt áætlun um verulega aukningu á starfsemi stofnunarinnar á sviði öryggismála. Þó að hvert ríki verði áfram ábyrgt fyrir öryggi eigin kjarnorkuvera verður hlutverk stofnunarinnar í æ ríkara mæli að koma á alþjóðlegum stöðlum og eftirliti með þjálfun starfslíðs, hönnun og rekstri kjarnorkuvera.

2. Atlantshafsbandalagið, NATO.

Nú eru liðin hartnær 38 ár frá stofnun Atlantshafsbandalagsins og reynslan hefur sannað að það hafi gegnt réttmætu ætlunarverki sínu á farsælan hátt. Bandalaginu hefur tekist að varðveita frið og frelsi í þeim heimshluta sem það tekur til. Stefna Atlantshafsbandalagsins hvílir í fyrsta lagi á því að halda uppi trúverðugum fælingarmætti sem m.a. byggist á sveigjanlegum herfræðilegum viðbrögðum. Það þýðir að öllum leiðum er haldið opnum varðandi andsvör við árás á eitt eða fleiri aðildarríki bandalagsins. Þannig mun bandalagið ekki lýsa yfir fyrir fram hvernig árás yrði svarað. Hins vegar á sérhverjum andstæðingi að vera ljóst að bandalagsríkin muni gera það sem nauðsyn krefur, þar á meðal hugsanlega að nota kjarnavopn til þess að yfirbuga árársaraðila og koma friði á að nýju. Í öðru lagi hefur Atlantshafsbandalagið stöðugt unnið að raunverulegri slökun, auknum og bættum samskiptum við þjóðir Varsjárbandalagsríkjanna og að afvopnun undir traustu eftirliti.

Er ég tók við embætti utanríkisráðherra var hálfnað kjörtímabil forvera míns sem heiðursforseta ráðs Atlantshafsbandalagsins. Gegndi ég því þeirri stöðu er utanríkisráðherrar NATO héldu vofund sinn í Halifax 29.–30. maí í fyrra. Í ávarpi mínu við setningu fundarins komst ég m.a. svo að orði:

„Eftir síðari heimsstyrjöldina sáu vestrænar lýðræðisþjóðir sig tilneyddar til að sameinast gegn þeirri hættu, sem þeim stafaði af útpenslustefnu einræðisríkja. Tilgangurinn með stofnun Atlantshafsbandalagsins var að slá skjaldborg um hinn siðmenntaða heim og undirstöður hans, þar á meðal lýðræði, einstaklingsfrelsi, lög og rétt. Frá upphafi var bandalaginu því ekki aðeins ætlað að standa vörð um friðinn sem slíkan, heldur mun fremur um grundvallarhugsjónir. Í þessu felst að frelsi og sjálfsákvörðunarréttur þjóða eru skilyrði þess friðar, sem við æskjum. Skilningur þessi endurspeglar að mínu mati í samspili orðanna „friður og öryggi“ í sáttmála hinna Sameinuðu þjóða. Tenging orðanna felur í sér að skilyrði öryggis séu ekki ávallt hin sömu og skilyrði friðar og að ekki sé víst að hið síðarnefnda vegi ávallt þyngra á metunum, ef velja þarf á milli. Svo sem kunnugt er, hefur Atlantshafsbandalagið marglýst því yfir, að það muni aldrei ráðast gegn öðrum ríkjum, nema á það hafi verið ráðist að fyrra bragði.“

Utanríkisráðherrafundir NATO eru haldnir tvisvar á ári, í desember í höfuðstöðvunum í Brussel og á vorin í bandalagsríkjunum til skiptis. Næsti vofundur utanríkisráðherranna verður haldinn í Reykjavík 11.–12. júní n.k.

3. Evrópuráðið.

Segja má að starfsemi Evrópuráðsins á umliðnu ári hafi verið með hefðbundnum og nokkuð svipuðum hætti og áður. Á það einnig við um þátttöku í störfum þess af Íslands hálfu.

Í ráðherranefndinni voru sem fyrr til umræðu og afgreiðslu mál á fjölmörgum sviðum. Bar þar einna mest á mennta- og menningarmálum, þar með talin íþróttamál og stefnu-

mótun að því er tekur til reksturs útvarps- og sjónvarpsstöðva. Umhverfismál voru einnig mjög til umræðu og skipaður var nýr framkvæmdastjóri fyrir þá deild Evrópuráðsins sem fjallar um þennan málaflokk og hún jafnframt endurskipulögð. Eins og áður voru mannréttindamál mjög til umræðu, enda hefur Evrópuráðið, svo sem kunnugt er, mjög látið þau til sín taka og má hiklaust telja mannréttindanefndina og mannréttindadómstólinn með merkustu stofnunum á þessu sviði. Á Ísland að sjálfsgöðu fulltrúa bæði í nefndinni og dómstólnum sem taka virkan þátt í störfum þeirra.

Utanríkisráðherrar aðildarríkjanna eða fulltrúar þeirra komu saman til fundar tvisvar sinnum á árinu, svo sem venja er. Ræddu þeir þá eins og áður fyrst og fremst ástand í alþjóðamálum og á sviði stjórnmála innan Evrópu, auk ýmissa annarra og sérhæfðari mála. Þá varð talsverð umræða um vaxandi samvinnu Evrópuráðsins og Evrópubandalagsins, en árið áður hafði ráðherranefndin samþykkt ályktun um samvinnu þessara stofnana beggja sem báðar starfa oft og einatt að sömu eða svipuðum verkefnum. Nú þegar 12 af 21 aðildarríki Evrópuráðsins hafa einnig öðlast fulla aðild að EB er meiri þörf á því en áður að þessar stofnanir hafi samráð sín í milli. Flestir eru sammála um að slík samvinna sé æskileg og óhjákvæmileg, en samt er ekki laust við að vart hafi orðið við nokkurn ótta um að EB fíki sig æ meir yfir á starfssvið Evrópuráðsins. Einkum á það við um fulltrúa þeirra landa innan Evrópuráðsins sem ekki eiga aðild að EB.

Á árinu var á vegum Evrópuráðsins efnt til nokkurra ráðstefna ráðherra sem fara með sérstaka málaflokka, svo sem íþróttamál, fjölmiðlamál og menntamál. Létu þær frá sér fara ýmsar merkar ályktanir. Í desembermánuði var síðan efnt til ráðstefnu dómsmálaráðherra Evrópuráðslandanna um samvinnu þeirra í baráttunni gegn hryðjuverkum. Sótti dómsmálaráðherra Íslands þá ráðstefnu. Þótti hún takast mjög vel og marka merkilegt spor í átt til aukinnar samvinnu í milli Evrópulanda í baráttunni gegn vaxandi hryðjuverkastarfsemi.

4. Norðurlandasamvinna.

Hið margslungna og nána samstarf Norðurlanda er á alþjóðlegum vettvangi oft nefnt sem dæmi um hvernig nágrannasamskipti ríkja geta best orðið. Til þess er gjarnan vitnað sem hvatningar til þjóða um að búa saman í sátt og samlyndi.

Margt er það sem bindur Norðurlöndin traustum böndum. Þau eru, að undanskildu Finnlandi, byggð þjóðum sem tala mjög skyld tungumál. Menning þeirra og saga hefur um aldir verið samofin. Það er hins vegar ekki fyrr en á síðustu áratugum að norræn samvinna fór að þróast með þeim hætti sem við þekkjum. Norðurlandaráð var formlega stofnað 1953, en það er samstarfsvettvangur þjóðþinganna. Íslandsdeild Norðurlandaráðs gefur út skýrslu um málefni ráðsins og þingmenn fá enn fremur skýrslur um málefni ráðsins og um störf samstarfsráðherra Norðurlanda. Vísast hér til þeirra um nánari frásagnir.

Á utanríkisráðherrafundum Norðurlanda, sem haldnir eru tvisvar á ári, er fjallað um alþjóðamálefni, ekki síst þau sem tekin eru fyrir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Næsti fundur norrænu utanríkisráðherranna verður haldinn í Reykjavík 25.–26. mars n.k.

Náið samstarf milli embættismanna norrænu utanríkisráðuneytanna, milli fastanefnda þeirra hjá alþjóðastofnunum og starfsmanna norrænna sendiráða gera hinni fámennu íslensku utanríkisþjónustu kleift að sinna mikilvægum verkefnum sínum betur en ella. Það er hins vegar svo að ekki fellur nema lítill hluti norrænnar samvinnu undir utanríkisráðuneytið. Að þeirri samvinnu vinna öll ráðuneytin beint, t.d. hvað varðar sameiginlegan vinnuarkað, sameiginlegt tryggingakerfi, gagnkvæm námshlunnindi, orku- og umhverfismálasamstarf, Norræna fjárfestingabankann, Norrænu eldfjallastöðina, Norrænu iðnþróunarstofnunina, Norræna iðnþróunarsjóðinn fyrir Ísland, svo að fátt eitt sé nefnt. Flestar íslenskar stofnanir og frjáls samtök hafa og samstarf við norrænar systurstofnanir og samtök.

4.1. Grænland.

Grænlenzka heimastjórnin hefur nú tekið i eigin hendur verulegan hluta af innanlands-málum Grænlands. Á þessu ári tekur hún til viðbótar við stjórn Grænlenzku tæknistofnunarinnar (GTO), en sú stofnun hefur m.a. haft með höndum íbúðabyggingar, orkumál, vegalagningar, hafnarmál og fjarskipti, og á næsta ári er líklegt að Grænendingar taki við stjórn heilbrigðismálanna. Sennilegt er, að eftir það verði Grænlandsmálaráðuneytið í Kaupmannahöfn lagt niður.

Viðskipti milli Íslands og Grænlands hafa aukist nokkuð. Meðal annars hafa verið seld frá Íslandi til Grænlands veiðarfæri, fiskkassar, fiskmjöl o.fl. Á milli iðnaðardeildar Sambands ísl. samvinnufélaga á Akureyri og grænlenzskra aðila tókust á s.l. ári samningar um samvinnu, m.a. varðandi byggingu nýrrar sútunarverksmiðju í Qaqurtoq (Julianehaab). Verið er að kanna möguleika á kaupum á kvasi frá Grænlandi fyrir járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga, og einnig eru í athugun möguleikar á sölu á sementi og öðru byggingarefni til Grænlands.

Í maímánuði kom til Íslands hópur landsþingmanna frá Grænlandi í boði Alþingis og var hér í fimm daga. Slíkt boð hafði verið ítrekað nokkrum sinnum á undanförunum árum, en ekki getað orðið af heimsókninni fyrr en nú.

Vestur-norræna samvinnan mun styrkjast við það, að á árinu 1986 var endanlega gengið frá stofnun Hins norræna þróunar sjóðs fyrir Færeyjar, Grænland og Ísland. Hinn 20. ágúst s.l. hittust á Þingvöllum stjórnarformenn landanna þriggja, Steingrímur Hermannsson, Jonathan Motzfeldt og Atli Dam, til að ræða sameiginleg vandamál.

Á undanförunum árum hafa Grænendingar haft leyfi til að landa afla á Íslandi. Ekki hefir verið gerður formlegur samningur um tilhögun þessara landana og hefir heimildin verið framlengd til eins árs í senn. Um s.l. áramót var löndunarheimild Grænendinga ekki framlengd og Grænendingum tilkynnt að við óskuðum að hafa sem allra fyrst viðræður við þá um sameiginlega fiskstofna og landanir á Íslandi. Viðræður embættismanna fóru síðan fram í Reykjavík 24.–25. janúar s.l. og tóku þátt í þeim tveir embættismenn grænlenzku heimastjórnarinnar og fulltrúi danska utanríkisráðuneytisins.

Að því er fiskstofna snertir var fyrst og fremst rætt um rækju, karfa og loðnu. Ýmsar tillögur voru settar fram og ræddar en engar niðurstöður fengust á fundinum, enda eru tveir þessara stofna sameiginlegir með þriðja aðila, þ.e. loðnan með Norðmönnum og karfinn með Færeyingum. Samkomulag var um nauðsyn á frekari rannsóknum á áður nefndum fiskstofnum og ákveðið var að halda árlega tvíhliða fundi Íslendinga og Grænendinga og að hafa sem fyrst viðræður við Norðmenn og Færeyinga um hina sameiginlegu stofna.

Utanríkismálanefnd Alþingis var skýrt frá viðræðunum og 27. janúar ákvað ríkisstjórnin að framlengja veiðiheimildir Grænendinga á Íslandi til 1. júlí 1987.

5. Samstarf Evrópuþjóða á sviði vísinda og tækni, EUREKA.

Á undanförunum árum hefur stórlega vaxið áhugi á samvinnu milli landa um rannsóknir og þróunarstarfsemi. Lengi hefur verið samvinna um almenn atriði stefnumörkunar á sviði vísinda t.d. á vettvangi OECD sem Íslendingar hafa m.a. haft gagn af. Sömuleiðis hafa ýmsar stofnanir Sameinuðu þjóðanna stuðlað að samráði um rannsóknir, sérstaklega í þágu þróunarlanda. Aukinn áhugi síðari ára beinist hins vegar í meira mæli að samvinnu um afmörkuð rannsóknarverkefni, skipti á vísindamönnum og flutning tækniþekkingar milli landa.

Merkilegt má telja að áhuginn á samvinnu á þessu sviði vex samhliða því að samkeppni milli landa á viðskiptasviðinu harðnar. Skýringin er sú að engin ein þjóð getur nú orðið ráðið yfir allri nauðsynlegri vísinda- og tækniþekkingu til að tryggja alhliða efnahags- og þjóðfélagsframfarir. Allir sjá sér því hag í að eiga samskipti við aðrar þjóðir á þessu sviði.

Margar þjóðir kappkosta að gera tvíhliða samninga um vísinda- og tæknisamstarf en annars staðar er um fjölhliða samstarf að ræða. Síðar nefnda formið er algengast innan Vestur-Evrópu. Samstarf Norðurlanda á því sviði er vel þekkt og eru rannsóknir og þróunarstarfsemi mjög ríkur þáttur í öllu samstarfi á vegum Norðurlandaráðs. Er nú m.a. stefnt að því að efla það með sameiningu NORDFORSK og Norræna iðnaðarsjóðsins í eina öfluga stofnun sem á að hafa frumkvæði um samvinnu, skipuleggja hana og fjármagna. Efnahagsbandalagið hefur á sínum vegum fjölmargar samvinnuáætlanir um rannsóknir og þróunarstarfsemi sem að hluta eru kostaðar af sameiginlegum sjóðum.

Á sameiginlegum ráðherrafundi EFTA- og EB-landa í Luxemborg árið 1984 var ákveðið að stóruka samvinnu milli EFTA-landa og Evrópubandalagsins, m.a. með því að opna EFTA-löndum aðgang að rannsóknáætlunum bandalagsins. Hafa öll EFTA-löndin nú óskað eftir eða þegar lokið við rammasamninga við EB sem kveða á um almennar forsendur þess samstarfs. Jafnframt þarf svo að gera sérstaka samninga um aðild EFTA-landanna að einstökum áætlunum sem fjármagnaðar eru úr sjóðum bandalagsins. Þá þarf að semja um framlög viðkomandi landa til þess sameiginlega sjóðs sem ætlað er að fjármagna viðkomandi áætlun.

Ísland hefur óskað eftir rammasamningi við Evrópubandalagið og jafnframt aðild að svokallaðri „hvataáætlun“ (Stimulation Programme). Í henni er gert ráð fyrir að styrkja verkefni sem byggjast á samvinnu vísindamanna eða vísindastofnana í a.m.k. tveim löndum, t.d. Íslandi og einu EB-ríkjana. Ætti það að geta gagnast íslenskum aðilum vel því verkefni má velja efnislega innan víðs ramma á ýmsum sviðum grundvallarvísinda og hagnýtra rannsókna.

Nýjasti þátturinn í rannsóknasamstarfi Vestur-Evrópuríkja er EUREKA-áætlunin sem skipulögð var að frumkvæði Mitterands Frakklandsforseta og kynnt vorið 1985. Hugmyndin með EUREKA er að skapa sameiginlegan evrópskan starfsvettvang fyrir vísinda- og tæknipækkingu og sameiginlegan markað fyrir afrakstur rannsókna og þróunarstarfs innan álfunnar. Leggja á nýjar forsendur að samstarfi á þessu sviði með því að láta atvinnulífið sjálft velja rannsóknarverkefni í samræmi við markaðsforsendur og láta fyrirtækin síðan um að markaðssetja afrakstur samstarfsins og um leið ryðja úr vegi hindrunum fyrir markaðslegri og þekkingarlegri einingu Evrópu. Hlutverk stjórnvalda er aðeins að hjálpa til og styðja fyrirtækin í samstarfinu. Reiknað er með að hvert land styðji við fyrirtæki sín í samræmi við venjur og aðstæður, en ekki verði komið á sameiginlegum sjóði til að fjármagna og meta samstarfsverkefni.

Hugmynd Mitterands var svo vel tekið af ríkisstjórnnum og forsvarsmönnum iðnaðar í Evrópu að innan hálfis árs var búið að samþykkja stofnskrá EUREKA og fyrstu 10 verkefnið komin af stað. Síðan hafa 109 verkefni verið samþykkt innan áætlunarinnar af 173 sem þegar hefur verið stungið upp á. Áætlaður kostnaður við verkefnið er yfir fimm milljarðar Evrópumunteininga (ECU).

Aðild að EUREKA-áætluninni eiga 19 Vestur-Evrópulönd auk Evrópubandalagsins sem á sjálfstæða aðild. Ísland var síðast til að leita eftir aðild og var það samþykkt á ráðherrafundi EUREKA í London 30. júní á s.l. ári og naut þar eindregins stuðnings hinna Norðurlandanna.

Þar sem EUREKA-áætlunin gerir sérstaklega ráð fyrir að smá og meðalstór fyrirtæki geti tekið þátt í samstarfi innan hennar og sum verkefni snúast um hagnýtingu nýrrar tækni á hefðbundnum sviðum var talið líklegt að Ísland gæti haft gagn af henni. Ríkisstjórnin ákvað að fela menntamálaráðuneytinu að hafa umsjón með aðild Íslands, en ráðuneytið fól síðan Rannsóknaráði ríkisins að sjá um framkvæmdaatriði og samræma upplýsingamiðlun og aðgerðir varðandi þátttöku í áætluninni. Hefur ráðið skipað samstarfsnefnd með aðild samtaka iðnaðarins, Háskóla Íslands og ýmissa ráðuneyta í þessu skyni.

Nýlega var EUREKA-áætlunin kynnt opinberlega hér á landi. Naut Rannsóknaráð þar aðstoðar frönsku EUREKA-skipuleggjendanna. Jafnframt var EUREKA-verkefnið ALIOS-fiskiskip 10. áratugarins kynnt fyrirtækjum sem framleiða tæki og búnað fyrir útgerð. Þýðst Íslendingum nú formleg aðild að verkefninu sem Frakkland og Spánn hafa haft frumkvæði um. Hefur m.a. verið rætt um að íslensk fyrirtæki og Háskóli Íslands taki að sér forystu um þróun tölvu- og upplýsingakerfa til nota um borð í fiskiskipum. Í athugun er aðild Íslendinga að fleiri verkefnum innan EUREKA.

Með aðild að EUREKA-verkefnum ættu íslensk fyrirtæki í samstarfi við erlend fyrirtæki að geta tekist á við umfangsmeiri þróunarverkefni en ella og fá aðgang að stórum markaði og kynningu sem gæti reynst ómetanleg til að ná markaðsfótfestu. Að öðru leyti veitir EUREKA-aðildin aðgang að upplýsingum um mikinn fjölda verkefna á fremsta stigi tækniþróunar og gerir kröfur til þátttakenda um öguð og skipuleg vinnubrögð sem stuðlað gætu að örari tækniþróun hér á landi.

III. Málefni fjarlæggra heimshluta.

1. Afríka.

Alvarlegasta vandamál flestra Afríkuríkja um þessar mundir er mikil kreppa í efnahags- og atvinnulífi. Almenn neyðarástand í álfunni var tilefni sérstaks aukafundar allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna er boðað var til í maí 1986 þar sem ríkisstjórnir margra Afríkuríkja sýndu fram á vaxandi vilja til að takast á við efnahagskreppuna. Nokkuð hefur dregið úr miðstýringu hins opinbera auk þess sem ríkisstjórnir hafa lýst sig fúsar til samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn um aðgerðir í efnahagsmálum. Gjaldeyrisöflun flestra ríkja álfunnar hvílir að mestu á útflutningi einhæfrar framleiðsluvöru, oft lítt unninna hráefna, og því er efnahagslíf þeirra viðkvæmt fyrir verðsveiflum á heimsmarkaði. Á sama tíma og þjóðartekjur margra Afríkuríkja rýrna eykst skuldabyrði erlendra lána. Einungis vaxtagreiðslur af erlendum lánum eru mörgum ríkjum ofviða.

Íslenskir útflytjendur skreiðar til Nígeríu hafa af eigin raun kynnst efnahagskreppu þeirri er nú ríkir í mörgum Afríkuríkjum. Í Nígeríu hefur stjórnarfar verið óstöðugt og stjórnarbyltingar tíðar. Verðhrun á heimsmarkaðsverði olíu hefur leitt til mikilla hafta í utanríkisviðskiptum landsins. Hefur íslenskum skreiðarútflytjendum gengið illa að fá að fullu greitt fyrir skipsfarma af skreið er samið hefur verið um sölu á við nígeríska innflytjendur.

Tekist hefur að mestu að útrýma örbirgð og hungurvofu í **Eþíópíu** og **Súdan** eftir langvarandi matvælaskort af völdum mikillar þurrkatíðar 1984 þar sem þúsundir manna dóu úr hungri. Enn vinna ríkisstjórnir og alþjóðlegar hjálparstofnanir mikið starf á þeim svæðum er verst urðu úti í þurrkunum. Þótt tekist hafi að mestu að sigrast á hungurvofunni blasir önnur ógn víða við. Mannskæðir sjúkdómar stofna lífi milljóna íbúa álfunnar í hættu. Sjúkdómurinn eyðni er þeirra ógnvænlegastur. Hvergi í veröldinni hefur eyðniveiran breiðst eins hratt út og í ríkjum **Austur-** og **Vestur-Afríku**.

Þrátt fyrir gífurlega fólksfjölgun er barnadauði í Afríku margfalt tíðari en í öðrum þróunarlöndum og helmingur vinnufærra manna er atvinnulaus eða hefur ónóga atvinnu.

Ekkert lát er á ofbeldisaðgerðum í **Suður-Afríku**. Minnihlutastjórn P.W. Botha hefur ekki hikað við að beita aukinni hörku hers og lögreglu gegn andófi blökkumanna. Fordæming umheimsins á aðgerðum minnihlutastjórnar hvíttra vex stöðugt og að sama skapi einangrun Suður-Afríku í samfélagi þjóðanna. Rótgróin viðskiptalönd Suður-Afríku í Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu hafa fordæmt aðskilnaðarstefnu stjórnvalda og beitt sér fyrir auknum efnahagslegum refsiaðgerðum í því skyni að knýja fram grundvallar-

mannréttindi til handa blökkum meiri hluta landsins. Mörg erlend stórfyrirtæki hafa á undanförunum mánuðum hætt starfsemi sinni í Suður-Afríku. Í kjölfar refsiaðgerða hefur mikill samdráttur orðið í efnahagslífi landsins og fólksflótti hvítra aukist. Á sama tíma leita suður-afrísk stjórnvöld sér nú nýrra viðskiptasambanda, einkum í Asíu. Utanaðkomandi þrýstingur virðist frekar hafa sameinað fylkingar hvítra og tvíeflt stjórnvöld fremur en aukið líkur á samningaviðræðum kynþáttanna um stjórn landsins. Í kjölfar blóðugra átaka og vaxandi spennu lýsti Suður-Afríkustjórn yfir setningu sérstakra neyðarástandslaga í júní síðastliðnum, en þá var þess minnst að tíu ár voru liðin frá fjöldamorðum lögreglu á blökkumönnum í Soweto. Í krafti neyðarástandslaganna voru þúsundir blökkumanna fangelsaðar án réttarhalda og stjórnvaldsaðgerðir einkenndust af vaxandi harðýðgi. Enn fremur er ritskoðun eflað og frekari hömlur settar á starfsemi erlendra fréttastofa í landinu.

Afstaða íslenskra stjórnvalda til Suður-Afríku er í samræmi við samþykktir utanríkisráðherra Norðurlanda um frekari ráðstafanir gegn Suður-Afríku eftir fund þeirra í Kaupmannahöfn 13.-14. ágúst s.l. Þar undirstrikuðu utanríkisráðherrarnir enn frekar fordæmingu sína á aðskilnaðarstefnu minnihlutastjórnar hvítra og árásarhneigð gagnvart ríkjum blökkumanna í sunnanverðri Afríku. Einnig var ítrekuð samþykkt utanríkisráðherranna frá fundi þeirra í Osló 17. og 18. október 1985 um norræna áætlun um ráðstafanir gegn Suður-Afríku. Íslendingar líta svo á að kynþáttaaðskilnaðarstefna Suður-Afríkustjórnar brjóti í bága við mannréttindaákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna og vilja stuðla að því að horfið verði frá aðskilnaðarstefnunni með friðsamlegum hætti. Þess má geta að tillaga um refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku var felld í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna hinn 20. febrúar s.l., en Bretar og Bandaríkjamenn beittu neitunarvaldi.

En almenn þegnuréttindi eru víðar fótum troðin í heimsálfunni. Flestir Afríkubúar hafa atkvæðisrétt, en í mörgum tilvikum geta þeir aðeins rætt að atkvæði sínu á einn frambjóðanda. Á meðal fjörutíu stærstu blökkumannaríkja álfunnar umbera aðeins sjö starfsemi stjórnarandstöðuflokka. Í sautján þessara ríkja er aðeins leyfður einn stjórnmalaflokkur, flokkur valdhafanna, og í öðrum sautján eru herforingjar við völd.

Borgarastyrjöldin í **Angóla** virðist í sjálfheldu. Skæruliðum UNITA hefur þó nokkuð vaxið ásmegin á undanförunum mánuðum í baráttu sinni gegn ríkisstjórn marxista er nýtur stuðnings Kúbu og Sovétríkjanna. Sovétmenn hafa einnig dyggilega stutt við bakið á leppstjórnnum sínum í **Eþíópíu** og **Mósambík**.

Herforingjastjórnin í **Súdan** efndi loforð sitt um almennar þingkosningar í landinu í apríl síðastliðnum. Borgarastríð setti þó svip sinn á kosningarnar og hamlaði framkvæmd þeirra í sumum héruðum. Í kjölfar kosninganna var myndað þjóðarráð er fer með stjórn landsins og fulltrúar fjögurra stærstu stjórnmalaflokkanna eiga þátt í.

Gaddafy leiðtogi **Líbýu** reynir að auka áhrif sín í álfunni með margvíslegu móti. Hersveitir Líbýumanna hafa átt aðild að átökum í **Chad** og **Súdan** þar sem þær hafa stutt við bakið á uppreisnaröflum. Slegið hefur í brýnu með sveitum Gaddafys og frönskum hersveitum sem staðsettar eru í **Chad** og **Mið-Afríkulýðveldinu**. Í kjölfar verðfalls á olíu hefur dregið úr möguleikum Líbýu á að afla sér áhrifa með efnahagsaðstoð til annarra Afríkuríkja. Meint aðild Líbýumanna að alþjóðlegri hermdarverkastarfsemi og loftárás Bandaríkjamanna á líbýsk skotmörk í apríl s.l. hefur að auki dregið úr áhrifum Líbýumanna í álfunni og aukið á tortryggni annarra Afríkuríkja í þeirra garð.

2. Mið- og Suður-Ameríka.

Illur efnahagur og ófriður hefur mjög markað þróun mála í Mið- og Suður-Ameríku undanfarin ár og er svo enn. Í þessum kringumstæðum hefur lýðræðislegt stjórnarfar átt örðugt uppdráttar. Lýðræðislegar kosningar og stjórnarskipti urðu þó í þremur ríkjum, **Kólombíu**, **Barbados** og **Dóminíska lýðveldinu**.

Lækkun olíuverðs hefur haft neikvæð áhrif á efnahagslíf **Mexíkó, Venesúela og Perú**. Aukið framboð á heimsmarkaði af landbúnaðarafurðum hefur haft sams konar áhrif á mörg önnur ríki svæðisins. Ríkisstjórnir landanna virðast í æ ríkara mæli gera sér grein fyrir ástæðum efnahagsvandans. Til að vinna bug á honum hafa þær meðal annars aukið samvinnu á ýmsum sviðum efnahagslífsins.

Óðaverðbólga einkennir efnahagslíf **Brasilíu** um þessar mundir, en 8% hagvöxtur og hagstæður viðskiptajöfnuður við útlönd gerði landinu kleift að standa í skilum við erlenda lánardrottna á síðasta ári. Lækkun á heimsmarkaðsverði olíu, helstu útflutningsvöru Mexíkó, hefur haft í för með sér að landið hefur ekki getað staðið í skilum við erlenda lánardrottna. Ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á að hún hyggist vinna bug á efnahagsvandnum. Í því skyni hefur aðhald verið aukið í efnahagsmálum og landið opnað fyrir erlendri fjárfestingu.

Horfur eru betri í efnahagsmálum í **Chile** en þær hafa oft verið. Hagvöxtur var rúmlega 4% síðastliðið ár, verðbólga var á milli 15 og 20% og atvinnuleysi minnkaði. Ástandið er þó dökkt í innanlandsmálum. Ríkisstjórn Pinochets forseta lætur engan bilbug á sér finna þrátt fyrir þrýsting frá Vesturlöndum um að taka upp lýðræðislegri og frjálslyndari stjórnarhætti. Mótmæli, sem hafa blossað upp öðru hvoru, hafa verið brotin á bak aftur. Ríkisstjórnin segir aðgerðirnar beinast gegn kommúnistum. Ljóst er að kommúnistar gera það sem í þeirra valdi stendur til þess að auka spennu í landinu og til að fá ríkisstjórnina til að grípa til harðneskjulegra aðgerða gegn andstæðingum sínum. Tilgangurinn er að afla stefnu þeirra um vopnaða andstöðu gegn stjórninni fylgis og að útiloka að hægfara öfl komist til áhrifa í landinu.

Skæruliðar herja í ýmsum löndum svæðisins. Þar á meðal **Perú, Kólombíu og Equador**. Í **Perú** ber mest á samtökum maóista sem kalla sig „hina upplýstu leið“. Hingað til hefur mest borið á aðgerðum þeirra í Suður-Perú þar sem talið er að þau beri ábyrgð á dauða þúsunda manna. Upp á síðkastið hafa þau látið á sér kræla í höfuðborginni LÍma. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur ríkisstjórn landsins ekki tekist að ráða niðurlögum samtakanna. Öfgafyllstur af fjölmörgum hópum í **Kólombíu** er „M19“ sem hefur nána samvinnu við eiturfjasmýglara og alþjóðlega glæpahringi. Fátt bendir til að skæruhernaði linni í landinu. Þó að stjórnvöldum í **Equador** hafi tekist að halda niðri skæruhernaði að miklu leyti láta skæruliðahópar studdir af Líbýu og Kúbu sífellt á sér kræla.

Ófriðurinn í **El Salvador** dregst á langinn þrátt fyrir viðræður á milli stjórnar Duarte forseta og skæruliða. Þótt báðir aðilar kveðist tilbúnir að leysa deilur sínar við samningaborðið er óttinn við að vera í veikari stöðu hernaðarlega, þegar sest er við samningaborðið, nægur til að ófriðurinn heldur áfram. Mannréttindabrotum hefur heldur fækkað og aftökur án dóms og laga lagst af að mestu. Sömu sögu er þó ekki hægt að segja um pyntingar.

Í **Nikaragúa** virðist stjórn Sandinista vera föst í sessi. Í októbermánuði 1985 afnam stjórn Sandinista öll borgaraleg þegnréttindi í eitt ár og bar við að nauðsyn bæri til vegna utanaðkomandi afskipta af málefnum landsins. Níunda janúar s.l. var sett ný stjórnarskrá. Í samræmi við ákvæði hennar lýsti forseti landsins samdægurs yfir neyðarástandi og framlengdi þar með afnám þegnréttinda um óákveðinn tíma. Kapólsku kirkjunni í landinu hefur verið gert erfitt um vik. Dagblöðum og útvarpsstöðvum hefur verið lokað, gefið að sök að ganga erinda Bandaríkjastjórnar. Í skýrslu útgefni í febrúarmánuði 1986 gagnrýnir Amnesty International stjórn Sandinista í Nikaragúa og andstæðinga hennar fyrir mannréttindabrot. „Contra“-skæruliðar, sem herja í landinu með stuðningi Bandaríkjastjórnar, hafa hingað til mátt láta í minni pokann fyrir Sandinistum. Þessi hernaður hefur leitt til spennu á landamærum Nikaragúa og Hondúras og Nikaragúa og Costa Rica. Hersveitir Sandinista hafa elt skæruliða inn í þessi ríki. Efnahagur Nikaragúa heldur áfram að versna og landið verður sífellt háðara erlendri efnahagsaðstoð. Í **Keesing's Record of World Events** (Nr.

8/1986) kemur fram að Líbýumenn hafa á laun gefið stjórn Sandinista 400 milljónir dollara í efnahagsaðstoð og að auki sent þeim ráðgjafa á ýmsum sviðum. Litlar líkur eru á bata í efnahagsmálum á meðan rúmlega helmingur ríkisútgjalda fer til hermála.

Sjónarmið íslenskra stjórnvalda í málefnum Mið-Ameríku hefur verið að þar sem annars staðar beri að leysa deilur á friðsamlegan hátt. Ísland hefur lýst yfir stuðningi við frumkvæði „Contadora-ríkjanna (Venesúela, Mexíkó, Kólombíu og Panama). Þessi ríki hafa reynt að koma á viðræðum milli stjórnar og stjórnarandstöðu í Nikaragúa annars vegar og milli stjórnar Nikaragua og grannríkja þess hins vegar. Eins og mál standa nú virðist pólitískur vilji ekki fyrir hendi til að gera alvöru úr tillögunum. Veldur þar mestu djúpstæður ágreiningur stjórnar Sandinista annars vegar og stjórna annarra Mið-Ameríkuríkja hins vegar.

3. Austurlönd nær.

Á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda í Kaupmannahöfn í ágúst á síðasta ári var lögð áhersla á að ríki mættu ekki undir neinum kringumstæðum stofna því í hættu sem þegar hefði áunnist og umfram allt ætti að leita friðsamlegra lausna á vandamálum þeim sem herja á ríkin fyrir botni Miðjarðarhafs. Ástand mála í Austurlöndum nær hefur síst batnað að undanförunu og á olíuverðslækkunin, sem bitnað hefur illa á þeim ríkjum sem að miklu leyti byggja efnahag sinn á olíuvinnslu, sinn þátt í því.

Eftir að **Jórdaníumenn** létu af friðarumleitunum sínum, hefur bilið milli þeirra og Samtaka Palestínnumanna (PLO) farið breikkandi. Stefna Jórdana hefur verið að styðja yfirráð Palestínnumanna yfir vesturbakkanum, en Ísraelsmenn hafa þar öll ráð sem endranær.

Samskipti **Ísraelsmanna** og **Egypta** hafa skánað að undanförunu og átti lausn Taba-deilunnar á síðasta ári sinn þátt í því þó að enn beri mikið á milli þjóðanna.

Ekki bólar enn á stjórnmalalegri lausn þeirrar ömurlegu stöðu, sem nú er í **Líbanon**, og ræðast deiluaðilar varla við. Á síðasta ári hélt stjórn landsins einn fund, og á honum voru ekki samþykktar neinar tillögur sem leitt hefðu getað til sátta og tryggt öryggi óbreyttra borgara. Eitt áhyggjuefni er öllum, sem þarna eiga hlut að máli, sameiginlegt, en það er hnignun efnahagslífs í landinu sem auðveldar ekki lausn mála. Sýnt þykir að gæslulið Sameinuðu þjóðanna í suðurhluta Líbanon hafi stuðlað að friði, en á þeim svæðum hafa mikil átök verið. Talið er að brottflutningur gæsluliðsins úr þessum landshluta geti leitt til aukinnar spennu milli Múhamedstrúarmanna og Ísraels sem svo myndi leiða til stórfelldra átaka.

Þó að ríkisstjórnarskipti hafi orðið í **Ísrael** er víst að það mun ekki skipta sköpum innanlands. Líkud-bandalagið mun ekki hafa alla valdatauma í hendi sér og talið er að hin harða stefna, sem fylgt var á valdatímum Begins, muni varla eiga afturkvæmt.

4. Austurlönd fjær.

Ófriðarsvæðin í Austurlöndum eru hin sömu og fyrr: styrjöldin við Persaflóa heldur áfram, frelsissveitir berjast við heri Sovétmanna og leppstjórnarinnar í Afganistan, bardagar blossa stöðugt upp í Kampútseu og annað slagið eru mannskæð vopnaviðskipti á landamærum Kína og Víetnams.

Í styrjöld **Írana** og **Íraka** gengur á ýmsu. Fréttir af bardögum eru oft óljósar, en öllum kemur saman um að mannfall er gífurlegt. Sáttatilaunir hafa engan árangur borið. Írakar hafa lengi viljað semja frið og hafa boðist til að láta af öllum landakröfum en þeir telja sér ekki fært að ganga að skilyrðum Írans fyrir friði, sem m.a. fela í sér kröfu um að Hussein forseti fari frá völdum.

Í **Afganistan** hafa haldið áfram hörmungar þjóðarinnar. Nálega fimm milljónir manna eru landflótta, fyrst og fremst í Pakistan en einnig í Íran. Fyrir nokkru bauð núverandi

oddviti leppstjórnar Sovétmanna í Kabúl, Najibullah, foringjum frelsissveitanna vopnahlé, en þeir kváðust ekki ljá máls á vopnahléi fyrr en Sovétherinn væri farinn úr landinu. Najibullah lýsti þá yfir sex mánaða einhliða vopnahléi, en bardagar hafa haldið áfram. Þess hafa sést nokkur merki á undanförnum mánuðum að Sovétmenn séu fúsari en áður að fara með her sinn frá Afganistan. Viðræður hafa haldið áfram á ýmsum fundum í Genf með milligöngu Diego Cordovez aðstoðaraðalritara Sameinuðu þjóðanna um Afganistanmálið og einnig beinar viðræður milli Sovétmanna og Pakistana. En skilyrðin, sem Sovétmenn setja fyrir brottför herliðs þeirra, eru þess eðlis að ekki virðist ástæða til bjartsýni um skjóta lausn Afganistanmálsins.

Hinn 28. júlí s.l. flutti Sovétleiðtoginn Gorbachev ræðu í Vladivostok sem nokkra athygli vakti. Hinn minnti á að Sovétríkin væru ekki aðeins í Evrópu, heldur væru þau líka Asíu- og Kyrrahafsríki, og lýsti yfir vilja Sovétmanna til að hafa góða sambúð við önnur ríki í þeim heimshluta. Almenn er talið að ræðan hafi fyrst og fremst verið hugsuð sem liður í hinni áköfu viðleitni Sovétmanna til að bæta sambúðina við Kínverja. Gorbachev boðaði nokkra fækkun í Sovéthernum í Afganistan og í setuliði Sovétmanna við kínversku landamærin í Mongólíu. Hvorugt er talið hafa neina hernaðarlega þýðingu sem máli skipti. Til dæmis er hin umrædda fækkun í Sovéthernum á Afganistan aðeins um 5%. Kínverjar hafa ekki látið í ljós neina hrifningu yfir Vladivostok-ræðunni og er ástæðan talin fyrst og fremst sú að í ræðunni var hvergi fjallað um Kampútseumálið.

Sem fyrr láta Sovétmenn **Víetnömum** stöðugt í té aðstoð sem talin er nema sem svarar 3–4 milljónum dollara á dag.

Víetnamar og leppstjórn Heng Samrins hafa tögl og hagldir í **Kampútseu**. Frá því að Víetnömum tókst að leggja undir sig herstöðvarnar við landamæri Kampútseu og Thailands 1984–85 hefur verið tiltölulega rólegt á þeim svæðum. En Víetnömum hefur ekki tekist að loka landamærunum alveg svo að birgðaflutningar halda áfram til skæruliðasveitanna inni í landinu. Þær sveitir gera oft mikinn usla víðs vegar um landið. Það eru eingöngu Indverjar, auk ríkisstjórna kommúnistalanda, sem viðurkenna stjórn Heng Samrins. Hjá Sameinuðu þjóðunum er það samsteypustjórn Sihanouks fursta sem heldur sæti Kampútseu, en að henni standa sem fyrr „rauðu khmerarnir“, „þjóðfrelsisfylking“ Son Sanns og „hin þjóðlega samfylking“ Sihanouks. Af hálfu ASEAN-landanna eru stöðugt gerðar tilraunir án árangurs til að finna friðsamlega lausn á Kampútseumálinu, þ.e. semja um brottför Víetnamherliðsins og nýja stjórn landsins. Nýlega hafa þrjú helstu stjórnendur Víetnams látið af völdum og yngri menn tekið við. En ekki er við því búist að þessi mannaskipti boði nýja stefnu í Kampútseu-málinu hjá Víetnömum.

Í **Kína** hefur verið nokkur ólga að undanförunu. Í kjölfar „opnunarstefnunnar“ í efnahagsmálum komu fram nýjar hugmyndir um stjórnarhætti í landinu. Framan af fóru fram opinskáar umræður um þau mál, en þegar kröfur um lýðræði fóru að magnast og stúdentar efndu til ólöglegra fjöldafunda og hópangna til stuðnings þeim kröfum gripu stjórnvöld í taumana. Sumir voru handteknir og öðrum vikið úr starfi. Aðalritari kommúnistaflokksins, Hu Yaobang, sagði af sér og játaði ýmiss konar mistök. En hinn aldri leiðtogi Deng Xiaoping er enn valdamesti maður landsins, og hefur hann lýst yfir því að „opnunarstefnan“ í efnahagsmálum verði óbreytt.

Að því er snertir **Japan** hefur vakið athygli sú staðreynd að á fjárhagsárinu, sem hefst í apríl 1987, er nú gert ráð fyrir því að útgjöld til landvarna fari fram úr 1% af vergri þjóðarframleiðslu (verði 1,004%), en árið 1976 var ákveðið að ekki skyldi farið fram úr 1%. Aukning landvarna hefur verið eitt af baráttumálum Yasuhiro Nakasone forsætisráðherra og stuðningsmanna hans sem benda á hinn stórauðna vígbúnað og umsvif Sovétmanna í Austurlöndum og á Kyrrahafi, ekki síst í námunda við Japan.

Samskipti Íslands við Austurlönd fjær eru fyrst og fremst við Japan og Kína.

Samskipti Íslendinga og Japana hafa farið vaxandi á undanförunum árum eins og lýst var í skýrslu minni um utanríkismál í fyrra. Útflutningur okkar til Japans er um 5% af heildarútflutningi okkar. Ferðamannafjöldi frá Japan til Íslands fer vaxandi (857 árið 1986). Nokkrir íslenskir námsmenn eru við nám í Japan. Í byrjun nóvember kom Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra við í Japan á leið heim úr opinberri heimsókn til Kína. Ræddi hann m.a. við Nakasone forsætisráðherra og við stjórnendur Háskóla Sameinuðu þjóðanna í Tókíó.

Til Kína fór í júní 1986 íslensk sendinefnd til að kanna möguleika á samvinnu Íslendinga og Kínverja að því er snertir nýtingu jarðhita í Tíbet. Var gert samkomulag um framhald þeirra athugana, og er gert ráð fyrir að hingað komi í sumar nefnd jarðhitastarfsmanna frá Tíbet. Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra var í opinberri heimsókn í Kína seint í október og ræddi þar við suma æðstu menn landsins. Samkomulag varð um að hingað komi á þessu ári nefnd frá Peking til að kanna almennt möguleika á samskiptum Íslendinga og Kínverja varðandi nýtingu jarðhita og að til Kína fari nefnd manna frá Íslandi til að athuga hvort grundvöllur er fyrir samvinnu Íslendinga og Kínverja að því er snertir sjávarútvegsmál.

IV. Utanríkisviðskipti.

Viðskiptaráðuneytið hefur tekið saman kafla um utanríkisviðskiptin 1986 sem fer hér á eftir. Fyrst er greint frá utanríkisviðskiptum Íslendinga almennt séð og síðan er fjallað um alþjóðlega efnahags- og viðskiptasamvinnu sem Íslendingar eru aðilar að.

1. Almenn viðskiptamál.

1.1. Viðskiptajöfnuður.

Samtals nam heildarverðmæti vöruútflutnings 44 968 m.kr. fob á árinu 1986 en heildarverðmæti vöruinnflutnings 40 988 m.kr. fob og varð vöruskiptajöfnuður því hagstæður um 3980 m.kr. á árinu 1986 samanborið við því sem næst sléttan jöfnuð árið áður, nánar tiltekið 12 m.kr. halla. Við þennan samanburð ber að hafa í huga að birgðir útflutningsvara voru tæpum 2300 m.kr. minni að verðmæti í lok síðasta árs en í byrjun þess. Á árinu 1985 minnkaði verðmæti útflutningsvörubirgða um 684 m.kr. Viðskiptakjörin bötnuðu um rúmlega 4% á árinu, einkum vegna lækkunar á olúverði, hækkunar á fiskverði erlendis og lækkunar vaxta á alþjóðlegum lánamörkuðum.

Á árinu 1986 jókst verðmæti vöruútflutnings um 15,7% miðað við árið áður og hafa þá útflutningstölur ársins 1985 verið umreiknaðar til meðalgengis 1986. Verðmæti útfluttra sjávarafurða jókst um 19%. Verðmæti álútflutnings jókst um 7%, en útflutningsverðmæti kísiljárns dróst saman um 5%. Verðmæti annars útflutnings jókst um 17,5%.

Heildarverðmæti vöruinnflutnings jókst um 5,4%. Almennur innflutningur jókst um 5,6%, en innflutningur á olúvörum dróst saman um 37%, þannig að almennur innflutningur að frátöldum olúvörum jókst um tæp 15%. Innflutningur sérstakra fjárfestingarvara jókst um 62% og munar þar mest um skipainnflutning, sem jókst um 112%. Innflutningur flugvéla jókst um 15%. Innflutningur vegna járnblendiverksmiðju dróst saman um 9% og innflutningur vegna álversins um 24%. Innflutningur vegna byggingar flugstöðvar á Keflavíkuvelli var 72 milljónir á móti 75 m.kr. árið áður og innflutningur á vegum Landsvirkjunar var 67 m.kr. á móti 52 m.kr. árið áður, reiknað á föstu gengi.

Líkur benda til að þjónustujöfnuður ársins 1986 verði neikvæður um svipaða fjárhæð og vöruskiptajöfnuður varð jákvæður þannig að viðskiptajöfnuður verði nálægt núllpunktinum, en árið áður varð viðskiptajöfnuður neikvæður um 5550 m.kr., reiknað á gengi ársins 1986, sem svarar til 4,3% af vergri landsframleiðslu.

1.2. Útflutningur eftir vörutegundum.

Á árinu 1986 nam heildarútflutningsverðmæti tæplega 45 milljörðum króna, eins og áður er getið, og hafði aukist um 33% frá árinu áður í krónum talið. Að mestu leyti er þessi aukning til komin vegna stóraukins útflutnings á sjávarafurðum en útflutningur þeirra nam á síðasta ári 35,5 milljörðum króna sem er 37% aukning frá árinu áður. Útflutningsverðmæti landbúnaðarafurða og iðnaðarvara jókst minna eða um 23% og 17%. Hlutdeild sjávarafurða í heildarútflutningi jókst úr 77% 1985 í tæplega 79%, en hlutur íslenskra iðnaðarvara minnkaði úr rúmlega 20% í tæplega 18%.

Af einstökum vörutegundum var langmest flutt út af frystum fiskflökum, þá óverkuðum saltfiski, áli og ferskum fiski. Mest aukning varð í útflutningi á ferskum fiski og frystri rækju. Talsverð aukning varð einnig í útflutningi á áli, loðnumjöli, kísiljárn og heilfrystum fiski, en útflutningur á frystum fiskflökum, óverkuðum saltfiski og lagmeti var svipaður og á árinu 1985. Útflutningur á loðnulýsi og ullarvörum dróst hins vegar saman miðað við árið á undan.

Að öðru leyti gera eftirfarandi töflur nánari grein fyrir útflutningi ársins 1986 eftir vinnslugreinum og helstu vörutegundum.

Útflutningur vara eftir vinnslugreinum 1986.

	Pús.kr.	%
Sjávarafurðir	35 469 002	78,9
Landbúnaðarafurðir	584 613	1,3
Iðnaðarvörur	8 031 710	17,8
Ýmsar vörur	882 479	2,0
Alls	44 967 804	100,0

Útflutningur helstu vörutegunda 1986.

	Tonn	Pús. kr.	%
1. Fryst fiskflök	115 385	12 100 367	26,9
2. Óverkaður saltfiskur	45 441	4 893 450	10,9
3. Ál	77 489	4 124 716	9,2
4. Ferskur fiskur	90 685	3 851 576	8,5
5. Fryst rækja	12 389	3 636 211	8,1
6. Loðnumjöl	165 093	2 338 719	5,2
7. Kísiljárn	64 990	1 334 419	3,0
8. Heilfrystur fiskur	20 359	1 060 290	2,3
9. Skreið	7 166	900 367	2,0
10. Loðnulýsi	96 629	887 588	2,0
11. Lagmeti	3 807	841 758	1,9
12. Saltfiskflök	7 150	816 987	1,8
13. Þrjónavörur úr ull	536	805 257	1,8
Aðrar vörur		7 376 099	16,4
Alls		44 967 804	100,0

Útflutningur **frystra fiskflaka** var nánast hinn sami að magni til árið 1986 og árið 1985 eða um það bil 115 400 tonn. Langmest var selt til Bandaríkjanna, 59 000 tonn. Þá voru seld 25 500 tonn til Bretlands og 14 000 tonn til Sovétríkjanna. Töluverður samdráttur varð í sölnunni til Bandaríkjanna en þangað fóru 66 500 tonn árið 1985. Einnig var um mikinn samdrátt í sölu að ræða til Sovétríkjanna. Hins vegar var um verulega aukna sölu að ræða til Bretlands og námu kaup Breta 25 000 tonnum árið 1986 miðað við 20 000 tonn árið á undan.

Langstærstu markaðir fyrir **óverkaðan saltfisk** eru Portúgal og Spánn sem taka við samtals 80% af þessum útflutningi. Útflutningur óverkaðs saltfisks jókst aðeins lítillega að magni til eða um tæplega 4% en útflutningsverðmætið jókst um 27% reiknað á föstu meðalgengi íslensku krónunnar árið 1986. Hefur því verið um verulegar verðhækkningar á árinu að ræða.

Útflutningur á **ferskum fiski** hefur aukist mjög á síðustu árum og nam aukningin milli árána 1985 og 1986 63%. Langmestur hluti er seldur til Bretlands eða rúmlega 60%, u.þ.b. 30% eru seld til Vestur-Þýskalands og meðal annarra kaupenda eru Frakkar og Bandaríkjamenn.

Útflutningur á **frystri rækju** hefur einnig aukist mikið á síðustu tveimur árum. Að magni til jókst útflutningurinn um 46% á árinu 1986 en útflutningsverðmæti jókst um 77% ef reiknað er á föstu meðalgengi íslensku krónunnar 1986, þannig að um umtalsverðar verðhækkningar hefur verið að ræða. Um það bil þriðjungur af rækjuútflutningnum er seldur til Bretlands, en aðrir stórir kaupendur eru Japanir, Norðmenn, Danir og Bandaríkjamenn. Á milli árána 1985 og 1986 hefur hlutur Japans og Bandaríkjanna í heildarútflutningi á frystri rækju minnkað, en hlutfallslega meira var flutt út á síðasta ári til Noregs og Danmerkur en áður.

Að mestu leyti má skýra þá miklu aukningu á útflutningi **loðnumjöls**, sem nam 21 500 tonnum milli árána 1985–1986, til aukins útflutnings til Svíþjóðar. Á árinu 1985 keyptu Svíar aðeins 4500 tonn af loðnumjöli og sem var um 3% af útflutningi loðnumjöls á því ári, en 1986 námu kaup þeirra 32 400 tonnum sem er 20% af heildarútflutningi loðnumjöls. Aflabrestur í Noregi hefur m.a. áhrif hér. Voru Svíar þar með þriðju stærstu kaupendur loðnumjöls á eftir Finnum sem keyptu 34 900 tonn og Bretum sem keyptu 32 600 tonn.

Stærstu kaupendur **kísiljárns** 1985–1986 hafa verið Japanir, Vestur-Þjóðverjar og Bandaríkjamenn. Keyptu Japanir á síðasta ári rúmlega þriðjung af útflutningnum, Bandaríkjamenn tæplega þriðjung og Þjóðverjar fjórðung. Á síðasta ári jókst útflutningurinn um rúmlega 8000 tonn eða sem nemur 14% af heildarútflutningi á þeirri vöru og stafaði það aðallega af auknum útflutningi til Bandaríkjanna.

Þá aukningu, sem orðið hefur á útflutningi **heilfrysts fisks** og nam tæplega 4000 tonnum á árinu 1986, má að mestu leyti rekja til aukins útflutnings til Japans. Á síðasta ári keyptu Japanir um 9400 tonn eða sem nemur 46% af útflutningnum það ár meðan útflutningur til annarra ríkja, svo sem Sovétríkjanna og Vestur-Þýskalands, stóð í stað eða dróst saman, eins og til Bretlands.

Umtalsverð aukning varð á útflutningi **skreiðar** eða úr rúmlega 900 tonnum 1985 í tæplega 7200 tonn 1986. Útflutningurinn til Ítalíu og Kamerún tvöfaldaðist á árinu og nam 840 tonnum til Ítalíu og 340 tonnum til Kamerún. Hins vegar margfaldaðist útflutningurinn til Nígeríu og nam á árinu 1986 5800 tonnum samanborið við aðeins rúmlega 100 tonna útflutning 1985, en greiðslur hafa ekki enn þá borist nema fyrir lítinn hluta útflutningsins.

Útflutningur á **loðnulýsi** dróst verulega saman 1986 og nam aðeins 96 600 tonnum samanborið við 122 400 tonn 1985. Veruleg verðlækkun varð á árinu 1986 á loðnulýsi og lækkaði útflutningsverð á tonn um 29% frá árinu á undan, reiknað á föstu meðalgengi íslensku krónunnar árið 1986. Mestur hluti loðnulýsisins var seldur til Japans eða tæplega 40%, en til Noregs og Hollands voru seld 23–24% til hvors lands.

Útflutningur á **lagmeti** var svipaður milli árána 1985 og 1986. Vestur-Þjóðverjar keyptu tæplega 1300 tonn sem er um þriðjungur útflutningsins (aðallega rækja). Sovétmenn juku kaup sín talsvert á síðasta ári og námu kaup þeirra 1000 tonnum samanborið við tæplega 700 tonn árið áður (einkum gaffalbitar). Aðrir stórir kaupendur eru Frakkar sem keyptu tæplega 600 tonn bæði árin eða 15–16% af útflutningnum hvort árið um sig (fyrst og fremst kaviar).

Útflutningur á **saltfiskflökum** tvöfaldaðist að magni til árið 1986, en útflutningsverðmætið jókst enn meira eða um 140% frá árinu á undan. Þrjár þjóðir, Vestur-Þjóðverjar, Ítalir og Spánverjar, keyptu 80% af flökunum, en öll þessi lönd juku innflutning sinn verulega. T.d. keyptu Vestur-Þjóðverjar 3000 tonn 1986 en 1700 tonn 1985 og útflutningur til Ítalíu jókst um 1000 tonn, úr 600 tonnum í rúmlega 1600 tonn.

Verulega dró úr sölu á **þrjónavörum úr ull**, helstu tegund ullarvara, 1986 og nam samdrátturinn tæplega 30%. Útflutningurinn á árinu 1986 nam aðeins 540 tonnum samanborið við 760 tonn árið 1985. Stafar samdrátturinn aðallega af minni kaupum Sovétmanna á ullarvörum, en útflutningur til þeirra dróst saman um helming milli ára eða úr 390 tonnum í 180 tonn. Útflutningurinn til Bandaríkjanna dróst hins vegar aðeins lítillega saman og nam rúmlega 150 tonnum samanborið við tæplega 170 tonn árið 1985.

1.3. Viðskipti við einstök lönd og markaðssvæði.

Á árunum 1984–1986 hefur sú breyting orðið á markaðssvæðum fyrir íslenskar útflutningsvörur að hlutur Bandaríkjanna og Austur-Evrópulanda hefur minnkað en hlutur núverandi EFTA- og EBE-landa og annarra landa aukist. Á árinu 1986 var skipting **útflutningsverðmætis** þannig að til EBE-landanna fóru 54% af heildarútflutningi, 10% voru flutt út til EFTA-landanna, 22% til Bandaríkjanna, 5,5% til Austur-Evrópulandanna og 8,5% til annarra landa.

Engu að síður eru **Bandaríkin** enn sem fyrr stærsti kaupandi íslenskra útflutningsvara og námu kaup þeirra á árinu 1986 tæplega 9,8 milljörðum króna. Hlutdeild Bandaríkjanna í heildarútflutningi hefur, eins og áður segir, minnkað og var á árinu 22% samanborið við 27% og 28,5% á næstu tveimur árum þar á undan.

Hlutur ríkja **EBE**, sem eru nú 12 talsins eftir inngöngu Spánar og Portúgals í bandalagið í ársbyrjun 1986, hefur aldrei verið jafnstór í heildarútflutningi og á árinu eða 54% í samanburði við 47% og 49% næstu tvö ár þar á undan miðað við sölulönd. Veruleg aukning varð á útflutningnum milli 1985 og 1986 samkvæmt þessu. Af einstökum aðildarríkjum EBE var langmest flutt út til Bretlands, eða að verðmæti tæplega 9,2 milljarðar króna sem er aukning um 45% frá árinu á undan, og er þar aðallega um að ræða mjög mikla aukningu á útflutningi fersks fisks og frystrar rækju. Athyglisvert er að Bretland kemur nú fast á hæla Bandaríkjanna í útflutningnum. Af öðrum aðildarríkjum í EBE jókst útflutningur einnig verulega til Vestur-Þýskalands, Frakklands, Ítalíu og Portúgals.

Útflutningur til **EFTA-landanna** fimm (að frátöldu Portúgal sem gekk í EBE 1. janúar 1986) jókst verulega á árinu eða um 57%. Er þar aðallega um að ræða mikinn útflutning á loðnumjöli til Svíþjóðar, en einnig jókst útflutningur talsvert til Noregs vegna aukinnar sölu á frystri rækju og til Sviss vegna aukins útflutnings á áli.

Viðskipti við ríki **Austur-Evrópu** drógust saman um 6% á síðasta ári frá árinu áður svo sem nánar verður vikið að hér á eftir. Útflutningur til Nígeríu jókst mikið en miklir erfiðleikar hafa verið varðandi sölu á skreið þangað. Af **öðrum löndum**, sem voru stórir kaupendur íslenskra útflutningsvara, má nefna Japan en þangað er aðallega seldur frystur karfi, fryst rækja og kísiljárn. Á árinu 1985 var vöruskiptajöfnuðurinn við Japana okkur hagstæður sem fáar þjóðir geta státað sig af, en 1986 jókst innflutningur japanskra vara um 80% og vöruskiptajöfnuðurinn varð því okkur óhagstæður um rúmlega 800 milljónir.

Ekki varð nein veruleg breyting á **hlutdeild helstu markaðssvæða í innflutningi** til landsins, en þó juku EBE- og EFTA-löndin sinn hlut örlítið og sömuleiðis hefur innflutningur frá Asíulöndum fjær, svo sem Japan, Hong Kong, Suður-Kóreu, Taívan og Singapúr, aukist verulega á síðustu árum. Rúmlega helmingur innflutningsins kemur frá EBE-löndum og fimmtungur frá EFTA-löndum.

Hér á eftir gefur að líta tvær töflur, sem sýna annars vegar hlutfallslega skiptingu út- og innflutnings eftir markaðssvæðum 1985 og 1986 og hins vegar tíu stærstu út- og innflutningslönd árið 1986 og verðmæti þeirra viðskipta sem Íslendingar áttu við þau á því ári. Í fyrri töflunni eru Spánn og Portúgal talin með EBE-löndum enda þótt þau hafi ekki gengið í EBE fyrir en í ársbyrjun 1986.

	Útflutningur		Innflutningur	
	1985	1986	1985	1986
EBE-lönd	48,9	54,2	52,7	52,9
EFTA-lönd	8,6	10,1	19,7	20,6
Bandaríkin	27,0	21,7	6,8	7,0
Austur-Evrópulönd	7,8	5,5	8,8	6,5
Önnur lönd	7,7	8,5	12,0	13,0

Tíu helstu útflutningslöndin		Tíu helstu innflutningslöndin.	
Upphæðir í millj. kr. (fob)		Upphæðir í millj. kr. (cif)	
Lönd	1986	Lönd	1986
1. Bandaríkin	9 771	1. V-Pýskaland	6 958
2. Bretland	9 178	2. Danmörk	4 753
3. V-Pýskaland	4 080	3. Svíþjóð	4 100
4. Portúgal	2 915	4. Holland	3 927
5. Frakkland	2 152	5. Bretland	3 754
6. Japan	2 147	6. Noregur	3 324
7. Sovétríkin	1 925	7. Bandaríkin	3 208
8. Danmörk	1 714	8. Japan	2 994
9. Spánn	1 593	9. Sovétríkin	2 610
10. Sviss	1 425	10. Frakkland	1 375
Önnur lönd	8 068	Önnur lönd	8 907
Útflutn. samtals	44 968	Innfl. samtals	45 910

Viðskiptin við **Austur-Evrópuríkin** drógust enn saman á árinu 1986. Útflutningurinn minnkaði um rösk 6% og innflutningurinn um rösk 9%. Sem hlutfall af heildarútflutningi Íslands minnkaði útflutningurinn til þessara ríkja úr 7,8% 1985 í 5,5% 1986. Innflutningurinn minnkaði hins vegar úr 8,8% í 6,5%.

Á árinu 1986 voru fluttar út vörur til **Sovétríkjanna** fyrir 1,9 milljarða kr. en verðmæti innflutningsins nam 2,6 milljörðum kr. Hallinn var nokkru minni en árið áður, tæpar 700 milljónir kr. eða 17 milljónir dollara miðað við meðalgengi. Á sama mælikvarða minnkaði útflutningur og innflutningur um 22%. Hluttur útflutningsins í heildarútflutningi Íslands lækkaði úr 6,7% 1985 í 4,3% 1986, en hluttur innflutningsins í heildarinnflutningi minnkaði úr 8,0% 1985 í 5,7% 1986. Í hagskýrslum eru oft nokkrar sveiflur í magni og verðmæti eftir því m.a. hvernig afgreiðslur skiptast á árið og um áramót. Meginskýringarnar á þessum breytingum eru þó þær að heimsmarkaðsverð á olíu, þar á meðal á sovéska olíu, lækkaði mikið á árinu, svartolíunotkun minnkaði til muna og verulegar vanefndir urðu á afgreiðslu á íslenskum freðfiski.

Samkvæmt hagskýrslum minnkaði útflutningur á freðfiski til Sovétríkjanna úr 20 800 tonnum 1985 í 19 300 tonn 1986. Voru aðeins afgreiddir $\frac{3}{4}$ hlutar af umsömdu magni samkvæmt sölusamningi. Þá minnkaði útflutningur saltsíldar úr 21 800 tonnum í 15 600 tonn. Sveiflur í afgreiðslu miðað við áramót eru hluti af skýringunni en einnig fórst á jóladag flutningaskip með um 2000 tonn. Útflutningur á lagmeti jókst úr 670 tonnum í 1060 tonn og var talsvert langt yfir meðaltali árána 1981–1985. Útflutningur á ullarvörum var 180 tonn (420 tonn 1985) en árið 1985 var mjög gott söluár og 1984 jafnvel enn betra. Verðmæti

ullarvara í krónum 1986 var 60% af verðmæti ársins 1985 en á árinu 1986 var þó aðeins keyptur um ¼ af kvóta viðskiptasamningsins. Meiri hluti útflutningsins 1986 var sem sé í formi vöruskipta. Verðágreiðingur á viðkvæmum tíma hafði m.a. áhrif á beinu viðskiptin. Á árinu 1986 var útflutningur mestur á freðfiski (1057 milljónir kr.), þá kom saltsíld (150 millj.), síðan ullarvörur (171 millj.) og loks lagmeti (150 millj.). Ekki seldist málning á árinu en Sovétmenn höfðu beðið um nýja tegund.

Helstu innflutningsvörur voru sem fyrr olíuvörur (2229 milljónir kr.) eða 85% af innflutningnum frá Sovétríkjunum. Miðað við keypta og lestaða farma var olíuinnflutningurinn frá Sovétríkjunum örliðu minni en 1985, fór úr 304 000 tonnum 1985 í 299 000 tonn 1986, þ.e. 78 000 tonn af bílabensíni, 137 000 tonn af gasolíu og 85 000 tonn af svartolíu. Samdrátturinn stafar aðallega af minni notkun á svartolíu en innflutningur hennar minnkaði úr 107 000 í 85 000 tonn milli ára. Af þessum þrem helstu olíuvörum var öll svartolían, 85 000 tonn, keypt frá Sovétríkjunum, 78 000 af 110 000 tonnum af bensíni (71%) og 137 000 af 265 000 tonnum af gasolíu (52%) eða samtals 299 000 af 460 000 tonnum (65%). Samkvæmt hagskýrslum nam innflutningur olíuvara frá Sovétríkjunum 61% af heildarinnflutningi allra olíuvara á árinu 1986 (337 000 af 554 000 tonnum). Talsvert mismæmi getur verið milli talna eftir því hvort miðað er við keypta og lestaða farma eða stuðst við hagskýrslur sem byggjast á formlegri tollafgreiðslu en hún fer fram allöngu eftir losun skipa. Þotueldsneyti, flugvélabensín, smurolíur o.fl. er ekki flutt inn frá Sovétríkjunum. Í desember 1986 var samið við sovéska ríkisolíufélagið um kaup á 270 000–310 000 tonnum af olíuvörum á árinu 1987 (310 000 tonn næstu tvö ár þar á undan). Skiptingin var 70 000 tonn af bílabensíni, 120 000 tonn af gasolíu og 80 000–120 000 tonn af svartolíu. Viðskiptaráðuneytið vinnur að gerð olíukaupasamninga í samvinnu við olíufélögin og er formlegur aðili að þeim — ólíkt því sem gerist varðandi aðra vörukaupasamninga sem viðskiptaaðilar gera beint sín á milli að öllu leyti nema hvað ráðuneytið kemur til aðstoðar ef erfiðleikar koma upp. Ráðuneytið framselur síðan olíusamninginn í hendur íslensku olíufélaganna.

Í byrjun febrúar 1987 voru horfurnar í viðskiptum við Sovétríkin á árinu 1987 mun óvissari en á svipuðum tíma næstu ár þar á undan. Í byrjun nóvember 1986 var samið um sölu á saltsíld, aðallega til afhendingar á árinu 1987. Samningaumleitani höfðu byrjað mjög seint og gengið mjög erfiðlega þrátt fyrir stöðuga viðleitni söluaðila og fulltrúa stjórnvalda til að ná hagkvæmri lausn sem fyrst. Umsamið magn var 20 000 tonn (200 000 tonn) eins og fyrir árið 1986 sem var metár. Keypt var að þessu sinni einungis heilsóltuð síld en flokkaskipting breyttist þannig að heildarverðmæti var það sama og í síðasta samningi. Í byrjun febrúar var óvissa um sölu á freðfiski, bæði varðandi afhendingartíma óafgreidds magns frá 1986 og væntanlegt samningsmagn 1987, en samningaviðræður stóðu fyrir dyrum. Þá stóðu einnig fyrir dyrum samningaviðræður um sölu á ullarvörum. Í desember 1986 var útlit fyrir að helsta ullarvörukaupafyrirtækið mundi aðeins hafa sama fjármagn og keypt var fyrir á árinu 1986 eða um ¼ af kvóta viðskiptasamningsins fyrir bein viðskipti. Var fulltrúi viðskiptaráðuneytisins þá sendur til Moskvu til að knýja á um að sovésk stjórnvöld veittu gjaldyri til ullarvörukaupa í samræmi við viðskiptasamninginn. Í byrjun febrúar hafði náðst samkomulag um kaup á miklu magni af lagmeti að verðmæti 4,9 milljónir bandaríkjadala í stað 3,8 milljóna árið áður sem þó var mjög gott söluár. Gert var ráð fyrir undirritun um miðjan febrúar. Samningaumleitani um sölu málningar voru þá hafnar.

Í viðskiptasamningi Íslands og Sovétríkjanna, sem gildir á tímabilinu 1986–1990, er gert ráð fyrir aukinni sölu á freðfiskflökum og saltsíld, svo og ullarvörum. Frá Sovétríkjunum eru aðallega keyptar olíuvörur og var í samningnum gert ráð fyrir svipuðum viðskiptum og verið höfðu. Samningnum, sem er rammasamningur, fylgja tveir listar yfir þær íslensku og sovésku vörur sem gert er ráð fyrir að keyptar séu árlega á samningstímabilinu. Forsendan fyrir því að í reynd sé samið um kaup á vörum í samræmi við rammasamninginn er sú að

viðkomandi viðskiptaaðilar í löndunum nái samkomulagi um verðmagn og aðra skilmála í sölusamningum sem gerðir eru ár hvert milli þeirra. Þótt viðskiptasamningur landanna sé ekki vöruskiptasamningur er samt stefnt að sem mestu jafnvægi í viðskiptunum. Ef samdráttur yrði í kaupum á olíu, sem er yfir 90% af innflutningnum frá Sovétríkjunum, má fastlega búast við því að Sovétmenn mundu fljótlega draga úr eða hætta kaupum sínum á útflutningsvörum okkar til Sovétríkjanna, freðfiski, saltsíld, ullarvörum, lagmeti, málningu o.fl.

Á árinu 1986 fóru fram hinar árlegu viðskiptaviðræður við fulltrúa Sovétríkjanna, Póllands og Tékkóslóvakíu, svo og viðræður við fulltrúa Þýska alþýðulýðveldisins sem haldnar eru annað hvert ár. Útflutningur til Póllands jókst mikið á árinu vegna aukinnar sölu á loðnumjöli og þorskmjöli.

Viðskiptin við **Norðurlöndin** jukust á árinu 1986 án þess þó að drægi úr viðskiptahallanum. Hlutfall útflutningsins til Norðurlandanna í heildarútflutningnum óx úr 9,0% 1985 í 11,3% 1986, en hlutfall innflutningsins þaðan í heildarinnflutningnum jókst úr 27,2% í 29,3%. Verðmæti útflutningsins til þessara landa jókst úr 3,0 í 5,1 milljarð króna eða um 68% á meðan útflutningsverðmætið almennt jókst um 33%. Hlutfallslega jókst útflutningurinn mest til Grænlands eða um 215% (úr 14 í 44 millj. kr.), þar næst til Svíþjóðar, um 185%, aðallega vegna stórauðinnar sölu á loðnumjöli, en síðan til Danmerkur, um 80%, og til Noregs, um 61%, aðallega vegna aukinnar sölu á frystri rækju til þessara landa. Aukning innflutningsins frá Norðurlöndunum var mun meiri en almenn aukning innflutningsins milli ára, mest þó frá Færeyjum, 91%, Danmörku, 39%, og Svíþjóð, 37%.

1.4. Útflutningsráð Íslands.

Lög nr. 38 5. maí 1986, um Útflutningsráð Íslands, gengu í gildi 1. október 1986. Undirbúningur að starfsemi hófst þegar eftir setningu laganna. Stofnfundur ráðsins var haldinn að Hótel Sögu 7. október. Stjórn ráðsins var fullskipuð á þeim fundi. Formaður stjórnarinnar er Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda, en framkvæmdastjóri ráðsins er Práinn Þorvaldsson viðskiptafræðingur er gegndi áður störfum framkvæmdastjóra Útflutningsmiðstöðvar iðnaðarins. Til starfseminnar á árinu 1987 eru ætlaðar á fjárlögum 10 milljónir sem framlag ríkissjóðs, framlag útflytjenda sjávarafurða er 25 milljónir og er það hluti af endurgreiddum söluskatti til sjávarútvegs, en framlag iðnrekenda, sem greiðist af iðnlánasjóðsgjaldi, er einnig 25 milljónir. Tekjur af árgjöldum eru 3 milljónir og af þjónustu um 2 milljónir. Alls eru áætlaðar tekjur því 65 milljónir króna sem er mun meira fé en Útflutningsmiðstöð iðnaðarins hefur fengið í sinn hlut enda er starfssvið ráðsins miklu víðtækara, nær til útflutnings allra vara en ekki einungis iðnaðarvara, svo og útflutnings á þjónustu. Ráðgert er að ráða tvo viðskiptafulltrúa til viðbótar þeim sem nú starfa í New York og London. Yrði annar þeirra í Kaupmannahöfn en hinn á meginlandi Evrópu.

2. Alþjóðlegt viðskiptasamstarf.

2.1. Efnahagsbandalag Evrópu, EBE, og Fríverslunarsamtök Evrópu, EFTA.

Hinn 1. janúar 1986 urðu Spánn og Portúgal aðilar að Efnahagsbandalagi Evrópu. Eru EBE-löndin tólf nú orðin langmikilvægasta markaðssvæði í utanríkisviðskiptum Íslendinga, ekki aðeins með um helming af heildarinnflutningnum, heldur einnig með um helming af heildarútflutningnum. Miðað við tölur 1986 eru EBE-löndin með 54% af viðskiptaveltu Íslands (51% 1985), EFTA-löndin með 15% (14%), Bandaríkin með 14% (17%), Austur-Evrópulöndin með 6% (8%) og önnur lönd með 11% (10%). Vegna fríverslunarsamningsins við EBE njótum við þýðingarmikila tollfríðinda fyrir helstu útflutningsvörur okkar, bæði sjávarafurðir og iðnaðarvörur. Mikilvægustu vörurnar eru fryst fiskflök, fryst rækja, ísfiskur, loðnumjöl, lagmeti, ál, ullarvörur og kísiljárn.

Í tengslum við aðild Spánar og Portúgals að EBE og nauðsynlegar breytingar á fríverslunarsamningnum við bandalagið í því sambandi komu upp ýmsir erfiðleikar vegna ákvörðunar EBE um að leggja að nýju toll á saltfisk, saltfiskflök og skreið og tilrauna bandalagsins til að tengja saman viðskiptafríðindi og fiskveiðiréttindi. Af Íslands hálfu var ekki léð máls á slíkum tengslum. Ekki sköpuðust sérstakir erfiðleikar í útflutningi á saltfiski á árinu 1986 enda höfðu aðalinnflytjendur saltfisks til bandalagsins, Portúgalir, hagsmuni af því að knýja fram háan innflutningskvóta með lágum tolli á saltfiski miðað við upphaflega ákvörðun. Stjórnvöld beittu sér á margvíslegan hátt fyrir farsælli lausn saltfiskvandamálsins. Kvótaákvæðanir bandalagsins eru þó til skamms tíma í senn. EBE virðist ekki vilja leysa vandamál sem þessi til frambúðar án þess að fá tilslakanir varðandi fiskveiðiréttindi og sama máli virðist gegna um frekari fríðindi fyrir íslenskar sjávarafurðir, en fríverslunarsamningurinn nær ekki til allra sjávarafurða heldur þeirra mikilvægustu, t.d. frystra fiskflaka sem eru tollfrjáls og helstu tegunda ísfisks sem eru í lágum tolli. Betri möguleikar hafa skapast á því að sinna margvíslegum samskiptum við EBE eftir að utanríkisráðuneytið opnaði sérstaka skrifstofu fyrir almenna sendiráðsstarfsemi og EBE-mál í desember 1986.

EFTA- og EBE-löndin eru í vaxandi mæli háð hvert öðru efnahagslega. Nær samvinna þeirra því til fjölmargra málaflokka og fer stöðugt vaxandi. Á fjölmönnum ráðherrafundi EFTA í Reykjavík í júní 1986, sem viðskiptaráðuneytið undirbjó af Íslands hálfu en Albert Guðmundsson iðnaðarráðherra stýrði í fjarveru Matthíasar Bjarnasonar viðskiptaráðherra, lýstu ráðherrarnir því yfir að þeir hygðust leggja meira af mörkum til að hrinda í framkvæmd efnahagslegri einingu Evrópu. Sameiginleg yfirlýsing ráðherra EFTA- og EBE-landanna á fundi í Luxemborg í apríl 1984, Luxemborgar-yfirlýsingin, er mjög mikilvæg varðandi samstarf fríverslunarlandanna. Þar heita löndin því að halda áfram, styrkja og færa út samstarf sitt innan ramma fríverslunarsamninga og jafnframt á víðara sviði.

Með það markmið í huga að koma á virku evrópsku efnahagssvæði lýstu ráðherrarnir yfir vilja sínum til að standa gegn þrýstingi um verndaraðgerðir og til að greiða fyrir viðskiptum með iðnvarning milli landanna. Í þessu sambandi var minnst á samstarf um samræmingu staðla, afnám tæknilegra viðskiptahamla, einföldun landamæraeftirlits og upprunareglna, afnám óréttmætra viðskiptahátta, ríkisstyrki sem væru andstæðir fríverslunarsamningnum og á þátttöku í opinberum útboðum.

Hagkvæm og sveigjanleg samvinna utan ramma fríverslunarsamskipta EFTA- og EBE-landanna er talin eðlilegt framhald síaukinna viðskipta. Í Luxemborgar-yfirlýsingunni er kveðið nánar á um slíka samvinnu og tekið fram að auka beri samstarf og samráð á ýmsum sviðum, svo sem í samgöngumálum, landbúnaðarmálum, sjávarútvegi og orkumálum. Í Visby-yfirlýsingu forsætisráðherra og annarra ráðherra EFTA-landanna í maí 1984 er auk þess m.a. minnst á samvinnu í efnahags- og gjaldeyrismálum, viðskiptum með fisk- og landbúnaðarafurðir, umhverfismálum, þjónustuviðskiptum, neytendavernd og löggjöf varðandi einkaleyfi og vörumerki.

Á næstunni er fram undan aukið samstarf á sviði rannsókna og þróunar til að bæta samkeppnisstöðu evrópskra iðnaðarvara í alþjóðasamkeppni, bæði á grundvelli ramma-samninga milli einstakra EFTA-landa og EBE og vegna þátttöku í EUREKA-áætluninni. Ísland hefur gerst aðili að áætluninni og gerir væntanlega ramma-samning um vísinda- og tæknisamstarf í lok ársins 1987. Á árinu 1987 verður væntanlega gengið frá samningi um samræmt tollskjal með vörusendingum milli landa EFTA og EBE, og gert er ráð fyrir að reglur um staðfestingu á uppruna vöru verði einfaldaðar.

Með hliðsjón af því að EBE stefnir að sameiginlegum markaði árið 1992 er ljóst að aukið starf er framundan af hálfu EFTA-landanna að því að hafa í tæka tíð áhrif á framvindu mála og aðlaga sig nýjum aðstæðum á ýmsum sviðum.

Ekki er ólíklegt að einn liðurinn í nánari samskiptum Íslands við hin fríverslunarlöndin verði aukin samvinna við erlenda aðila og jafnframt aukning á eignaraðild þeirra í fyrirtækjum hér á landi, ekki aðeins iðnfyrirtækjum. Norðmenn hafa t.d. veitt fjármagni í fiskeldisfyrirtæki og miðlað þekkingu á því sviði.

Framkvæmdastjóri utanríkis- og viðskiptamála í framkvæmdanefnd EBE, Willy De Clercq, og ráðherrar EFTA-landanna héldu fund í Reykjavík í júní 1986 í tengslum við ráðherrafund EFTA og ræddu möguleika á auknu samstarfi EBE og EFTA á grundvelli Luxemborgar-yfirlýsingarinnar. Matthías Á. Mathiesen utanríkisráðherra stjórnaði fundi þessum. Þá átti framkvæmdastjórinn fund með forsætisráðherra og utanríkisráðherra ásamt embættismönnum. Embættismenn viðskiptaráðuneytisins og bandalagsins áttu einnig með sér fund, en formlegur fundur sameiginlegrar nefndar Íslands og EBE var haldinn í Brussel í byrjun desember.

Að frátalinni mjög mikilli vinnu við undirbúning og framkvæmd ráðherrafundar EFTA í Reykjavík, hinum fyrsta frá 1971, auk funda ráðgjafarnefndarinnar í apríl og júní sem iðnaðarráðherra stýrði, var þátttaka Íslendinga í starfsemi EFTA á árinu 1986 með venjulegu sniði og m.a. tengd fundum þingmannanefndar og sérfræðinganeftanda um viðskiptamál, tollamál og efnahagsmál. Finnland varð fullgildur aðili að EFTA 1. janúar 1986 en hafði áður verið aukaaðili.

2.2. Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti, GATT.

Ráðherrafundur GATT var haldinn í Uruguay 15.–20. september 1986. Tilgangur þessa fundar var að hefja nýjar alþjóðlegar viðskiptaviðræður sem að þessu sinni skyldu ekki aðeins ná yfir vöruviðskipti heldur einnig ýmis önnur mál, svo sem þjónustuviðskipti, fjárfestingar o.fl. sem ekki hefur áður verið samið um innan GATT enda tekur GATT-samningurinn ekki til þeirra.

Síðustu viðskiptaviðræður í GATT voru ákveðnar á ráðherrafundi í Tókíó árið 1973 og stóðu þær til ársins 1979. Góður árangur náðist á ýmsum sviðum í þeim viðræðum. Sérstakur ráðherrafundur var svo haldinn árið 1982 til að stuðla að eflingu alþjóðaviðskipta á nýjan leik eftir þau áföll sem höfðu orðið í kjölfar olíuverðshækkana í lok áttunda áratugarins, og til að stemma stigu við sívaxandi tilhneigingu til hafta- og verndarstefnu í alþjóðaviðskiptum. Árangur þessa fundar varð frekar lítill.

Undirbúningur ráðherrafundarinnar í Uruguay stóð marga mánuði. Var m.a. deilt um þá málaflokka sem ræða ætti í nýjum viðskiptaviðræðum. Hörð andstaða var hjá nokkrum þróunarlöndum gegn því að ræða önnur mál en vöruviðskipti og höfðu Brasilía og Indland sig einkum í frammi. Önnur lönd, eins og EFTA-löndin, EBE-löndin og Bandaríkin, vildu að þjónustuviðskipti yrðu einnig á dagskrá nýrra viðskiptaviðræðna enda verða þau viðskipti sífellt stærri hluti alþjóðlegra viðskipta. Er til ráðherrafundarinnar kom var enn deilt um mörg atriði og voru helstu ágreiningsefnið sem fyrr niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum, aðgerðir í peningamálum, skuldir þróunarlandanna og þjónustuviðskipti. Að lokum tókst samkomulag um orðalag á yfirlýsingu ráðherrafundarinnar og er viðfangsefnum nýrra viðskiptaviðræðna þar skipt í tvennt, þ.e. vöruviðskipti og þjónustuviðskipti.

Í yfirlýsingu ráðherrafundarinnar er umræðuefnum skipt í marga málaflokka, en helstu mál, sem hafa þýðingu fyrir Íslendinga, eru tollar, aðrar viðskiptahindranir, náttúru-audlindir, landbúnaðarvörur og niðurgreiðslur og jöfnunargjöld.

Víð undirbúning þessara nýju viðræðna í GATT lögðu Íslendingar áherslu á að forðast umræðu um að tengja saman fiskveiðiréttindi og viðskiptafríðindi. Varð það niðurstaðan, m.a. vegna stuðnings Bandaríkjanna, Kanada og ýmissa þróunarlanda. EBE lýsti því hins vegar yfir að með hliðjón af þessari niðurstöðu yrði bandalagið ekki til viðræðu um tollalækkanir á fiskafurðum í hinum nýju viðræðum.

Frá því að ráðherrafundinum lauk hafa verið haldnir margir fundir um starfshætti og viðfangsefni þeirra nefnda sem fjalla munu um hina ýmsu málaflokka viðræðnanna svo að raunverulegar viðræður komist í gang. Hefur verið mikill ágreiningur um ýmis mál, svo sem um landbúnaðarmál milli Bandaríkjanna og EBE og um þjónustuviðskipti milli Brasilíu og Indlands annars vegar og flestra annarra ríkja hins vegar. Í lok janúar 1987 náðist loks samkomulag um tilhögun og skipulag Uruguay-viðræðnanna.

Auk viðskiptaviðræðnanna fjallaði GATT um ýmis önnur mál á árinu 1986. M.a. var haldið áfram undirbúningi að gildistöku samræmdrar tollheitaskrár frá 1. janúar 1988.

2.3. Efnahags- og framfarastofnunin, OECD.

Starf Íslendinga að málefnum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París var með svipuðum hætti á árinu 1985 og árið áður. Á ráðherrafundi stofnunarinnar, sem haldinn var í París 17.–18. apríl og Albert Guðmundsson iðnaðarráðherra sótti að þessu sinni ásamt embættismönnum, benti hann m.a. á að oft væri mikill misbrestur á því að alþjóðlegum yfirlýsingum um aukna fríverslun og afnám viðskiptahamla væri hrundið í framkvæmd. Nefndi hann sem dæmi saltfisktoll EBE. Hann benti og á að ríkisstyrkir bitnuðu bæði á viðskiptum með sjávarafurðir og iðnaðarvörur og nefndi skipasmíðar sérstaklega.

Á árinu 1986 gerði nefnd á vegum OECD könnun á íslenskri menntastefnu hér á landi að ósk íslenskra stjórnvalda. Könnunin fór þannig fram að menntamálaráðuneytið lét gera ítarlegt yfirlit yfir menntakerfið sem sent var OECD til athugunar og úrvinnslu. Síðan komu nefndarmenn hingað til lands og heimsóttu þá menntastofnanir og áttu viðtöl við ýmsa innan menntakerfisins og utan. Dvöldust þeir hér á landi í tvær vikur og sendu síðan frá sér skýrslu til menntamálanefndar OECD sem tók hana fyrir á fundi sínum í júní á síðasta ári. Skýrslan verður þýdd á íslensku og henni dreift.

Í skýrslu nefndarinnar eru ýmsar athugasemdir og tillögur um úrbætur á ýmsum sviðum menntamála. M.a. er bent á að of mikill tími fari í að kenna erlend tungumál miðað við aðrar mikilvægar námsgreinar. Lítil eða engin tengsl séu milli einstakra framhaldsskóla og er það talinn Þrándur í Götu umbóta í námi og kennslu. Spurt er hvort ekki sé ástæða til þess að öll menntun kennara sé á háskólastigi. Víkið er að lágum launum kennara sem birtist m.a. í því að 50–70% kennaranema komi aldrei til kennarastarfa eða hætti þeim snemma og snúi sér að öðrum störfum. Of margir kennarar vinni hlutastarf og yfirvinna sé allt of mikil sem komi niður á gæðum kennslunnar. Þá er höfundum skýrslunnar starsýnt á þá staðreynd að 50% nemenda í Háskóla Íslands hætta námi þegar á fyrsta ári og aðeins 25% innritaðra nemenda ljúka námi. Þeir staldra einnig við þá staðreynd að aðeins 250 háskólakennarar eru í föstu starfi en 400 lausráðnir. Hjóti þetta að hafa áhrif á gæði menntunar við skólann. Rannsóknir við skólann séu yfirleitt á lágu stigi þar eð kennarar geti ekki sinnt þeim með allri hinni miklu vinnu sinni. Námslánakerfið er talið til fyrirmyndar almennt séð en lagt er til að jafnhliða því sé tekið upp námsstyrkjakerfi. Hvatt er til aukinnar valddreifingar í menntamálaum. Skipulagsbreytingar eru taldar nauðsynlegar í þeim tilgangi að bæta menntakerfið og er í því sambandi minnst á lengri skóladag, lengra skólaár, styttri undirbúningstíma fyrir háskólanám, fjölmennari bekkisums staðar, upphaf skólagöngu við sex ára aldur í stað sjö ára aldurs og lengingu háskólanáms um eitt ár.

V. Þróunarsamvinna.

Framlag af ríkisfé til þróunarsamvinnu var á árinu 1986 tæpar 85 millj. króna sem er um 0,058% af vergri þjóðarframleiðslu. Á fjárlögum yfirstandandi árs er gert ráð fyrir tæpum 90 millj. kr. sem er um 0,054% af áætlaðri þjóðarframleiðslu. Íslendinga vantar því jafn mikið og áður á að ná því marki sem velmegunarríki Sameinuðu þjóðanna hafa sett sér, þ.e. að ríkisfé, sem nemi 0,7% af þjóðarframleiðslu, verði varið til þessara mála.

Á s.l. hausti urðu nokkrar umræður á Alþingi um hve hægt miðar að ná því marki að opinber framlög til uppbyggingar í þróunarríkjunum verði 0,7%. Allir þeir, sem til máls tóku, töldu að auka beri verulega framlög ríkisins, en enginn mælti í móti.

Stærsti hluti opinberra fjárveitinga ríkisins til þróunarsamvinnu rennur enn til alþjóðastofnana. Áhugi er á því að vaxandi framlög renni í ríkari mæli til tvíhliða verkefna.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands (PSSÍ) annast tvíhliða aðstoð við þróunarlöndin. Um árabíl hefur stofnunin tekið þátt í norrænum samstarfsverkefnum í Austur-Afríku. Nú eru horfur á að breytingar verði á norræna samstarfinu. Í Kenýa og Tanzaníu hafa Norðurlöndin stutt uppbyggingu samvinnureksturs til sveita. Samstarfssamningurinn við stjórnvöld í Kenýa er útrunninn og standa nú yfir umræður um hvort nýr norrænn samstarfssamningur verði gerður. Uppi eru hugmyndir um að rétt sé að breyta til. Verkefnið sé ekki það stórt að það réttlæti svo flókið og seinvirkt stjórnunarmynstur sem óhjákvæmilegt er þegar Norðurlöndin fimm standa saman að yfirstjórn. Gæti því svo farið, að Danir taki að sér verkefnið einir. Skæruhernaður í Mósambík torveldar enn aðstoð við bændur í landinu og tefur framkvæmd hennar. Samstarfssamningurinn við stjórnvöld í Mósambík rennur út á árinu 1989 og ef ekki tekst að stöðva skæruhernaðinn í landinu og koma á stjórnarfari sem íbúar þess sætta sig við er vandséð að hægt sé að halda áfram þróunarsamvinnu við landið. Verkefnið í Tanzaníu kemur sömuleiðis til endurskoðunar á árinu 1989.

Í janúar 1986 var undirritaður í Harare, höfuðborg Zimbabve, viljayfirlýsing um aðstoð Norðurlandanna við lönd í suðurhluta Afríku, svonefnd SADCC-lönd. Verið er að kanna hvar og hvernig PSSÍ geti unnið að þróunarsamstarfi í þessum löndum. Það sem veldur mestum erfiðleikum, þegar slíkar athuganir eiga sér stað, er að hafa enga hugmynd um hvaða fjármunum er út að spila.

Aðalverkefni PSSÍ er sem fyrr á Grænhöfðaeypjum. Verkefnið var rekið með líkum hætti á árinu 1986 og áður hefur verið. Megináhersla var lögð á tilraunaveiðar í framhaldi af þeim athugunum og rannsóknum sem gerðar höfðu verið á árunum á undan. R.S. Fengur, skip PSSÍ, stundaði humarveiðar, handfæraveiðar og togveiðar fyrri helming ársins, en einnig var leitað að rækju og gerðar voru veiðitilraunir með dragnót. Á s.l. ári lauk verkefnum R.S. Fengs og kom hann til Íslands til viðhalds og endurbóta. Á árinu gekk í gildi ný fimm ára efnahagsáætlun á Cabo Verde. Í samræmi við hana hafa Cabo Verde-búar gert tillögur að nýjum samstarfsverkefnum til næstu ára á sviði fiskveiða. Þar er öll áhersla lögð á stuðning við smábátaútgerð heimamanna. Er það í samræmi við þær áherslur sem koma fram í fimm ára efnahagsáætluninni. Jafnframt gera tillögur þeirra ráð fyrir mun víðtækari samvinnu en áður. Óskað er eftir samvinnu í heilbrigðis-, jarðhita- og velferðarmálum. Eru tillögurnar til athugunar hjá PSSÍ.

VI. Öryggis- og varnarmál.

1. Varnarmálaskrifstofa.

Sérstök varnarmálaskrifstofa innan utanríkisráðuneytisins hefur starfað frá 1. apríl 1985. Tilgangur með stofnun hennar er að á vegum utanríkisráðuneytisins verði til staðar fullnægjandi sérfræðileg þekking til eflingar íslensku frumkvæði í öryggis- og varnarmálum. Í síðustu skýrslu var ítarleg grein gerð fyrir stefnu Íslendinga í þessum málaflökki og vísast til þess. Grundvöllur að virkri þátttöku Íslands í varnarsamstarfi Atlantshafsbandalagsins er að Íslendingar öðlist sjálfir aukna reynslu og þekkingu á varnarmálum sem geri þeim fært að leggja sjálfstætt mat á þá hernaðarlegu stöðu sem þjóðin býr við. Markmiðið er að Íslendingar taki fullan þátt í stefnumörkun um fyrirkomulag varna landsins.

Verkefni varnarmálaskrifstofunnar varða í fyrsta lagi málefni er tengjast framkvæmd varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna, þ.e. yfirstjórn ríkisstofnana sem starfa á eða í tengslum við varnarsvæðin og heyra undir utanríkisráðherra. Skrifstofan hefur eftirlit með

verktökum og þjónustuaðilum er starfa á varnarsvæðum. Einnig hefur skrifstofan samskipti við nágrannasveitarfélög sem eru í nábýli við varnarsvæðin og stofnanir og aðila er hafa hagsmuna að gæta vegna veru varnarliðsins. Þess má geta í þessu sambandi að sérstök samvinnunefnd um skipulagsmál á Suðurnesjum hefur unnið að gerð svæðisskipulags fyrir Suðurnes. Stefnt er að því að það verði tilbúið í júní 1987.

Varnarmálaskrifstofan fæst í öðru lagi við herfræðileg og hertæknileg málefni er lúta að upplýsingaöflun og rannsóknum þannig að hægt sé hverju sinni að leggja hlutlægt íslenskt mat á hernaðarstöðu landsins, varnarþörfina og fyrirkomulag varnanna. Þá fylgist skrifstofan með störfum varnarliðsins, hermálanefndar og yfirherstjórnar Atlantshafsbandalagsins á Atlantshafi um gerð áætlana er varða varnir Íslands. Jafnframt annast varnarmálaskrifstofan skýrslugjöf og ráðgjöf fyrir ríkisstjórnina.

2. Ríkisstofnanir á varnarsvæðum.

2.1. Lögreglustjóraembættið.

Í árslok voru fastráðnir starfsmenn embættisins 78 talsins, en stöðugildi samkvæmt fjárlögum voru 77 og skiptust þannig milli deilda:

Yfirstjórn: 7 starfsmenn, þar af tveir í hálfu starfi.

Tollgæsla: 29 starfsmenn.

Lögregla: 42 starfsmenn.

Af þessum 77 stöðugildum ber ríkissjóður vegna embættisins kostnað af 63, en 14 eru endurgreidd, samkvæmt samningum. Ákveðið var á árinu, að haldið skyldi upp öryggisgæslu vopnaðra lögreglumanna í og við flugstöðina. Sérstaklega þjálfaðir lögreglumenn sinna nú gæslu þessari og ganga reglubundnar vaktir í og við flugstöðina, frá varðstofu sem þar hefur verið komið upp.

2.2. Flugmálastjórn.

Á árinu 1986 fóru samtals 603 877 farþegar um Keflavíkurflugvöll á móti 567 236 árið áður. Aukning milli ára er 6,5%. Farþegar hafa aldrei verið fleiri í sögu Keflavíkurflugvallar. Skiptingin var þannig að úr landi fóru 213 056 eða 16,8% fleiri en á árinu 1985. Til landsins komu samtals 211 539 sem er 15,3% aukning frá árinu 1985. Viðkomufarþegar (transit) voru alls 179 292 árið 1986, en voru 201 374 árið 1985. Fækkun viðkomufarþega má m.a. rekja til samdráttar á ferðum Bandaríkjamanna til Evrópu s.l. sumar af ótta þeirra við hryðjuverk.

Þegar framkvæmdir hófust 1983 við byggingu nýju flugstöðvarinnar komu 144 628 farþegar til landsins en frá landinu fóru 145 557. Viðkomufarþegar voru 165 698. Árið 1984 voru brottfararfarþegar 165 276, 168 470 manns komu til landsins og viðkomufarþegar voru 170 435. Í spá, sem höfð er til hliðsjónar vegna byggingar nýrrar flugstöðvar, er gert ráð fyrir 6% meðaltalshækkun milli ára.

Heildartekjur flugmálastjórnar á Keflavíkurflugvelli voru 96 159 334 krónur á árinu 1986. Þar af voru lendingargjöld 80 293 326 krónur. Rekstrargjöld voru 63 797 937 krónur, þar af launakostnaður 40 717 386 krónur. Skil til ríkissjóðs voru 30 milljónir króna.

Á árinu 1986 unnu 340 fastráðnir starfsmenn við almenna flugstarfsemi hjá innlendum stofnunum og fyrirtækjum. Um háannatímamann var starfsmannafjöldi á sjötta hundrað manns.

2.3. Ráðningarskrifstofa.

Ráðningarskrifstofa varnarmálaskrifstofu hefur með höndum framkvæmd á ráðningu starfsfólks til varnarliðsins. Enn fremur skal ráðningarskrifstofan vera íslensku starfsfólki varnarliðsins til aðstoðar um þau ágreiningsmál sem upp koma við starfsmannahald

varnarliðsins. Á árinu 1986 voru ráðnir til starfa 230 Íslendingar en 245 hættu störfum hjá varnarliðinu. 1. janúar 1987 voru íslenskir starfsmenn varnarliðsins 1097. Starfsmenn ráðningarskrifstofunnar eru 2.

Íslenskir starfsmenn varnarliðsins skiptast í eftirfarandi hópa:

	1. jan. 1985	1. jan. 1986	1. jan. 1987
Stjórnun	83	96	104
Verkstjórn	83	82	82
Slökkvilið og snjóruðn.	123	118	122
Iðnaðarstörf	226	239	194
Skrifstofu- og verslunarst.	255	256	320
Alm. verkafólk	248	271	224
Verkfræðingar og tæknimenn	35	39	43
Símvarsla	16	11	8

2.4. Frfhöfnin.

Heildarvelta Fríhafnarinnar í flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli var um 560 milljónir árið 1986 og er því veltuaukningin milli ára um 45%. Hreinn hagnaður Fríhafnarinnar var um 180 milljónir króna og skil hennar í ríkissjóð 165 milljónir króna eða 35 milljónum meiri en fjárlög fyrir 1986 gerðu ráð fyrir. Heildarveltan 1985 var alls 382 milljónir króna og nam hagnaður 131,1 milljón króna. Skil í ríkissjóð voru 115 milljónir króna.

2.5. Sala varnarliðseigna.

Rekstrartekjur Sölu varnarliðseigna voru á árinu 1986 50 500 000 kr. án söluskatts. Alls var rekstrarhagnaður 14 200 000 kr. Skil í ríkissjóð námu samtals 12 000 000 kr. Alls var álagður söluskattur 11 300 000 kr. og var því samtals skilað í ríkissjóð 23 300 000 kr. Tekjur Sölu varnarliðseigna rýrnuðu verulega á árinu vegna lækkunar á tollum af bifreiðum sem leiddi til minni skila í ríkissjóð.

2.6. Ný flugstöð.

Í samræmi við samning við Hagvirki h.f., sem er aðalverktaki í nýrri flugstöðvarbyggingu, verða öll svæði í byggingunni, sem snúa að afgreiðslu farþega, tilbúin fyrir miðjan apríl 1987 og stefnt er að því að nýja flugstöðvarbyggingin verði opnuð 14. apríl. Unnið er að vegagerð til að tengja Reykjanesbraut við flugstöðina. Um það bil helmingur tengibrautarinnar er fullgerður nú. Þá eru flugvélastæði og akbrautir, sem tengja flugbrautir og flugvélastæði, að mestu fullgerð. Birgðastöð fyrir flugvélaeldsneyti er í byggingu og Flugleiðir eru að reisa stórhýsi um 4.200 fermetra að flatarmáli í nágrenni flugstöðvarbyggingarinnar. Byggingin var fókheld um miðjan janúar 1986. Í byggingunni verður fullkomið flugeldhús, tollvörugæmsla, vöruafgreiðsla og fleira. Stefnt er að því að taka bæði þessi mannvirki í notkun um leið og flugstöðvarbygginguna sjálfa.

Þegar ákveðið var að byggja nýju flugstöðina var sú stefna mörkuð að skilja að starfsemi farþegaflugs og herflugs á Keflavíkurflugvelli, að svo miklu leyti sem það væri framkvæmanlegt. Slíkur aðskilnaður hefur ekki í för með sér að flugstöðin verði utan varnarsvæðisins, enda er flugstöðin og önnur tengd mannvirki í beinum tengslum við flughlað og akstursbrautir flugvallarins og til notkunar fyrir varnarliðið ef til hættuástands kæmi. Með nýju flugstöðinni og breytingu á öryggis- og tollgirðingu skapast annars vegar sú aðstæða fyrir farþega að aka beint að flugstöðinni og hins vegar sá möguleiki að láta af hendi frekari svæði til nágrannasveitarfélaga í samræmi við aðalskipulag fyrir Keflavík, Njarðvík og Keflavíkurflugvöll sem staðfest var haustið 1983. Huga þarf jafnframt að samkomulagi við önnur sveitarfélög vegna skipulagsmála flugvallarins og varnarsvæðanna.

3. Varnarliðið.

3.1. Eftirlits- og varnarhlutverk.

Varnarliðið heldur uppi stöðugu eftirliti með ferðum skipa og kafbáta umhverfis landið og hefur mikilvægi þess eftirlits vaxið samhliða auknum styrk og umsvifum norðurflota Sovétríkjanna á Atlantshafi. Jafnframt eftirlitshlutverkinu skipuleggur varnarliðið varnir Íslands í samráði við innlend stjórnvöld.

Árið 1986 flugu F-15 orrustuþotur varnarliðsins til móts við 170 sovéskar herflugvélar sem komið höfðu inn á íslenska loftvarnarsvæðið. Sovéskar herflugvélar komu að meðaltali á tveggja daga fresti inn á íslenska loftvarnarsvæðið.

Endurnýjun á flugvélakosti varnarliðsins lauk árið 1986 og er nú flugsveit varnarliðsins einvörðungu búin F-15 orrustuþotum. Við þessa breytingu hefur geta flugsveitar varnarliðsins til að sinna loftvarnarhlutverki sínu aukist verulega. Rétt er að geta þess að hávaði frá þotuhreyflum F-15 flugvélarinnar er mun minni en hávaðinn sem var af F-4 orrustuþotunum. Snemma á árinu 1987 er stefnt að því að skipt verði um hreyfla í KC-135 eldsneytisflutningavél varnarliðsins og verða nýju hreyflarnir mun lágværrari en þeir hreyflar sem vélin notar nú.

E-3A Sentry ratsjárflugvélarinnar fljúga eftirlitsflug reglulega frá Keflavíkflugvelli og sinna þessar vélar loftvörnum Íslands. Hollensk flugsveit tekur einnig þátt í eftirliti á hafsvæðunum í kringum Ísland. Fyrirhugað er að varnarliðið taki þátt í sameiginlegum loftvarnaræfingum með orrustuflugsvæitum frá Bretlandi og Noregi.

Haldið er áfram að bæta tengsl annarra NATO-ríkja við starfsemi varnarliðsins. Á árinu 1986 kom til landsins danskur flugliðsforingi og einnig hollenskur sjóliðsforingi sem báðir hafa hafið störf við yfirstjórn varnarliðsins. Ákveðið er að á næstunni komi til starfa liðsforingi frá Noregi.

3.2. Björgunar- og leitarstarf.

Hér fylgir yfirlit yfir störf björgunar- og leitarstarfa varnarliðsins fyrir tímabilið 1984, 1985 og 1986. Minnkunin, sem orðið hefur á leitar- og björgunarflugi sveitarinnar, stafar af aukinni getu Landhelgisgæslunnar til að sinna björgunarstörfum þar sem Landhelgisgæslan hefur nú tvær nýjar þyrlur til umráða.

	Útköll	Bjarganir
1984 (110 stundir)	30	19
1985 (62 stundir)	20	4
1986	20	5

3.3. Kostnaður við rekstur varnarliðsins.

Heildarkostnaður við rekstur varnarliðsins á árinu 1986 nam 127,8 millj. dollara eða 5,207 millj. króna. Þar af nam launakostnaður til íslenskra starfsmanna varnarliðsins 24,0 (976,8 millj. kr.) millj. dollara en 60,6 millj. dollara til varnarliðsmanna.

Varnarliðið greiddi á árinu 1986 um 101,2 millj. dollara (4,118 millj. kr.) til íslenskra fyrirtækja og einstaklinga vegna launa, verktöku, vöruinnkaupa og þjónustu. Áætlað er að eigin innkaup varnarliðsmanna og fjölskyldna þeirra á íslenskum landbúnaðarafurðum hafi numið 963 þús. dollara eða 39,2 millj. króna sem er um 12% hækkun frá árinu 1985.

Heildarkostnaður við mannvirki, sem nú eru í notkun hjá varnarliðinu, er talinn vera 309 millj. dollara (12,576 millj. kr.). Endurnýjunarkostnaður þessara mannvirkja miðað við núvirði er áætlaður 1,384 millj. dollara eða 56,388 millj. króna.

Fjöldi varnarliðsmanna er sem hér segir:

	31. des. 1984	31. des. 1985	31. des. 1986
Fjöldi varnarliðsmanna	3104	3057	3104
Þar af konur í varnarliðinu			456
Skyldulið varnarliðsmanna	2144	2045	2054
Þar af börn	1284	1230	1257

3.4. Búseta varnarliðsmanna utan varnarsvæða.

Utan varnarsvæða voru búsettir 1. desember 1986 63 menn er starfa fyrir varnarliðið, þar af 14 hermenn. 38 þessara 63 manna eiga íslenska maka. Af fyrrgreindum 49 borgaralegum starfsmönnum eru 17 við kennslu í gagnfræðaskóla og barnaskóla varnarliðsins. Aðrir erlendir starfsmenn vinna sérhæfð tæknistörf fyrir varnarliðið eða eru fulltrúar bandarískra fyrirtækja er annast viðhald og þjónustu á tækjabúnaði varnarliðsins.

3.5. Mengunarvarnir og hreinsun skotæfingasvæða.

Í samráði við sveitarfélög og sérfræðistofnanir fylgist varnarmálaskrifstofan náið með því að ráðstöfunum gegn mengun sé framfylgt á varnarsvæðunum. Einn liður í þessu er flutningur olíugeyma varnarliðsins. Varnarliðið hefur nú skilað sex tönkum til niðurrifs. Eftir standa sex tankar ofan jarðar og verða þeir einnig afhentir til niðurrifs. Þá verður flugvallargirðingin flutt til að umlykja þá átta neðanjarðartanka sem eftir standa.

Hreinsun skotæfingasvæðisins á Vogaheiði stóð yfir í júlí, ágúst og september 1986. Í hreinsuninni tóku þátt starfsmenn varnarliðsins. Starfsmenn Landhelgisgæslu og lögreglu fylgdust með störfum varnarliðsmannanna og voru þeim til ráðgjafar.

Hollustuvernd ríkisins er um þessar mundir að vinna að skýrslu vegna umfangsmikilla hávaðamælinga sem farið hafa fram umhverfis flugvöllinn og er reiknað með að skýrslan liggi fyrir áður en langt um líður.

3.6. Nýjar ratsjástöðvar.

Gert er ráð fyrir að samningagerð um rekstur stöðvanna ljúki í mars–apríl og þá verði hafin ráðning íslenskra starfsmanna. Bandaríkjamenn hverfa að mestu leyti úr ratsjástöðinni á Stokksnesi fyrri hluta árs 1988 og Íslendingar taka við störfum þar. Ráðgert er að ratsjástöðvar á Stigahlíðarfjalli og Gunnólfsvíkurfjalli verði teknar í notkun síðari hluta árs 1988 eða í ársbyrjun 1989. Stöðvarnar á Miðnesheiði og Stokksnesi verða jafnframt endurnýjaðar.

4. Verklegar framkvæmdir.

4.1. Verktakastarfsemi fyrir varnarliðið.

Heildarframkvæmdir á vegum íslenskra aðalverktaka námu 54,1 millj. dollara (2,201 millj. kr.) á árinu 1986, en árið áður var samsvarandi tala 24,9 millj. dollara (1,103 millj. kr.).

Helstu verkefni voru: Gerð flughlaðs og akstursbrauta flugvéla vegna nýju flugstöðvarinnar, einnig nýr vegur frá henni ofan Keflavíkur og Njarðvíkur, framkvæmdir við hina nýju höfn í Helguvík, stækkun vararafstöðvar Keflavíkurflugvallar, íbúðarhús fyrir einstaklinga, vegagerð í Gunnólfsvíkurfjalli og byrjunarframkvæmdir ratsjástöðva, vegagerð á Stigahlíðarfjalli við Bolungarvík og byrjunarframkvæmdir ratsjástöðva, smíði við fjögur flugskýli. Að auki var unnið að framkvæmd ýmissa smærri verka. Samstarfsnefnd með aðild Íslenskra aðalverktaka, Keflavíkurverktaka, Verktakasambands Íslands og ráðuneytisins hefur áfram unnið að því að opna fyrir undirverktöku í vissum verkefnum fyrir varnarliðið. Er þetta í samræmi við stefnumörkun forvera míns eins og frá var greint í síðustu skýrslu minni til Alþingis.

4.2. Nýjar framkvæmdir á vegum varnarliðsins.

Á árlegum fundi með byggingardeild sjóhersins, sem haldinn var í Norfolk í október s.l., voru eftirtaldar varnarliðsframkvæmdir heimilaðar árið 1987:

1. Bygging húsnæðis fyrir húsnæðisskrifstofu varnarliðsins, um 300 m².
2. Félagsheimili, um 400 m².
3. Húsnæði fyrir fjármála- og bókhaldsdeild flughersins, um 550 m².
4. Vegagerð, bifreiðastæði og að- og fráveitur fyrir nýtt 250 íbúða hverfi.
5. 250 íbúðir, 2ja, 3ja og 4ra herbergja.
6. Verkstæði, um 180 m², við flugskýli 885.
7. Tvær nýjar vararafstöðvar við byggingu kafbátaleitareftirlitsins.
8. Framhaldsframkvæmdir við gerð flughlaðs, akstursbrautir og flugvallarveg vegna nýju flugstöðvarinnar.
9. Viðgerð á akstursbraut S-2 og S-3.

Kostnaður við allar ofangreindar framkvæmdir greiðist af Bandaríkjunum nema viðgerð á akstursbrautum S-2 og S-3 sem Atlantshafsbandalagið greiðir. Áætlaður kostnaður ofangreindra framkvæmda er talinn vera um 59 millj. dollara, en endanlegt verð miðast við samningsgerð sjóhersins við Íslenska aðalverktaka. Ofangreindar framkvæmdir taka 2–3 ár og líklega kemst ekki skriður á framkvæmdir fyrr en upp úr miðju sumri. Íslenskir aðalverktakar fengu jafnframt nokkur stór viðhaldsverkefni við vegi, bifreiðastæði, flugvallarbrautir, vatnsdreifingarkerfi og viðhald á ýmsum möstrum. Áætlaður kostnaður 11 millj. dollara þannig að heildarkostnaður við verkefni Íslenskra aðalverktaka, sem hefjast á næsta ári, er um 70 millj. dollara samanborið við 80 millj. dollara á s.l. ári. Áætlað er að á árinu 1987 muni Íslenskir aðalverktakar framkvæma verk, þ.e. bæði eldri og ný, fyrir u.þ.b. 56 millj. dollara. Á fundinum í Norfolk var jafnframt gengið frá verkefnaáætlun fyrir Keflavíkurverktaka, þ.e. viðhaldsverkefni að upphæð 8,8 millj. dollara.

4.3. Mannvirkjasjóður Atlantshafsbandalagsins.

Í skýrslu s.l. árs gat ég þess að varnarmálaskrifstofan væri að gera ítarlega úttekt á hugsanlegri aðild okkar að Mannvirkjasjóði Atlantshafsbandalagsins. Þessari úttekt er nýlukið og hefur ráðuneytið hana nú til athugunar.

VII. Hafréttarmál.

1. Hafréttarsamningur Sameinuðu þjóðanna.

Hafréttarsamningurinn hefur verið fullgiltur af 32 aðilum. Hann var fullgiltur fyrir Íslands hönd 21. júní 1985, en hann tekur gildi einu ári eftir að 60 aðilar hafa fullgilt hann. Nefnd, sem vinnur að undirbúningi að starfsemi alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar og hafréttardómsins, náði talsverðum árangri á fundum sínum á árinu.

2. Hafsbotsmálefni.

Hinn 9. maí 1985 var gefin út reglugerð (nr. 196) varðandi afmörkun landgrunnnsins til vesturs, í suður og til austurs. Reglugerðin var sett samkvæmt lögum nr. 41 frá 1. júní 1979 um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Liggja nú formlega fyrir kröfur frá fjórum ríkjum til Rockall-svæðisins, þ.e. frá Bretlandi, Írlandi, Danmörku og Íslandi. Samkvæmt hafréttarsamningnum ber þessum ríkjum að leita samninga um málið. Viðbrögð Breta og Íra við ráðstöfunum Íslendinga voru að telja þessar ráðstafanir ólögmætari að þjóðarétti. Telja Bretar og Írar að svæðinu beri að skipta milli þeirra með línu frá austri til vesturs, en Danir telja að svæðið sé eðlilegt framhald af Færeyjum og tilheyri þeim.

Á fundi fulltrúa Dana (Færeyinga) og Íslendinga í Kaupmannahöfn hinn 10. september 1985 var ákveðið að fela dr. Talwani að undirbúa vísindalega rannsóknáætlun varðandi

Rockall-svæðið. Sú áætlun var rædd á fundi í Reykjavík hinn 1. maí 1986 og sendu Danir síðan tillögur um tilfærslu á svæðinu. Verður áætlunin athuguð nánar á fundi í Kaupmannahöfn 27. febrúar 1987. Ráðgert er að innan skamms verði Bretum og Írum boðin þátttaka í framkvæmd áætlunarinnar.

3. Hvalveiðimál.

Mjög gott samstarf hefur verið á milli sjávarútvegsráðuneytis og utanríkisráðuneytis varðandi málefni sem tengjast hvalveiðum í vísindaskyni. Fulltrúar beggja ráðuneytanna hafa sótt fundi, tekið virkan þátt í umræðum og gætt hagsmuna Íslands þar sem þetta mál hefur verið til umfjöllunar og ákvörðunar.

Endurskoðuð rannsóknáætlun Hafrannsóknastofnunarinnar um hvalrannsóknir 1986–1989 gerir ráð fyrir óbreyttum fjölda hvala sem veiða þarf árlega (80 langreyðar, 40 sandreyðar og 89 hrefnur) svo að unnt verði að meta ástand hvalastofna hér við land á fullnægjandi hátt, en samkvæmt ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins skal heildarendurmat á hvalastofnum framkvæmt eigi síðar en 1990.

Á síðasta ársfundi Alþjóðahvalveiðiráðsins, sem haldinn var í Malmö 9.–13. júní 1986, var helsta ágreiningsmálið varðandi veiðiheimildir í vísindaskyni. Fyrir lá að svokölluð „hvalfríðunarríki“ ætluðu að knýja fram ályktun er fæli í sér bann við milliríkjavíðskiptum með afurdir af hvölum veiddum í vísindaskyni. Það tókst að koma í veg fyrir þessi áform, ekki síst fyrir atbeina Íslendinga. Niðurstaðan varð sú að samkomulag náðist um ályktun um „sérstakar veiðiheimildir til vísindarannsókna“. Það ákvæði ályktunarinnar, sem víkur að nýtingu afurða, mælir með að þær séu einkum nýttar innanlands en útilokar hins vegar ekki útflutning.

Eftir að vísindaveiðar Íslendinga hófust s.l. sumar kom í ljós að bandarísk stjórnvöld lögðu annan skilning í þetta ákvæði en Íslendingar. Þetta leiddi m.a. til þess að hafnar voru tvíhliða viðræður milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda í Washington 7.–8. júlí 1986 þar sem sjónarmið hvors aðila um sig voru vandlega útskýrð. Sjávarútvegsráðherra var í forsvari fyrir íslensku viðræðunefndinni. Sendiráð Íslands í Washington hafði síðan milligöngu varðandi þetta mál og fylgdist náið með framvindu þess.

Í lok júlí 1986 bárust ríkisstjórn Íslands minnisþunkar frá viðskiptaráðuneyti Bandaríkjanna þar sem fram kom m.a. að ef Íslendingar stöðvuðu ekki þá þegar vísindaveiðarnar sæju bandarísk stjórnvöld sig knúin til, með hliðsjón af bandarískum lögum, svonefndum Pelly-viðaukalögum, að gefa út staðfesta yfirlýsingu til forseta Bandaríkjanna þess efnis að Íslendingar hefðu gerst brotlegir við verndunaráform Alþjóðahvalveiðiráðsins. Það gat haft þær afleiðingar að útflutningur á íslenskum fiski til Bandaríkjanna yrði stöðvaður.

Eftir ítarlegar umræður í ríkisstjórn og eftir fund sjávarútvegsráðherra og utanríkisráðherra með utanríkismálanefnd Alþingis var talið rétt að sjávarútvegsráðherra efndi til frekari viðræðna við bandarísk stjórnvöld undir forustu viðskiptaráðherra Bandaríkjanna. Þessar framhaldsviðræður fóru fram í Washington 4. og 5. ágúst 1986. Í kjölfar þeirra var gefin út ríkisstjórnarsamþykkt 6. ágúst 1986. Í niðurlagsorðum segir orðrætt:

„Til þess að tryggja, að því verði ekki haldið fram að ályktun Alþjóðahvalveiðiráðsins sé ekki fullnægt, og til að koma í veg fyrir frekari árekstra í máli þessu hefur verið ákveðið að aðeins verði fluttur út tæpur helmingur af kjötinu og einnig tæpur helmingur annarra hluta hvalanna og það sem eftir er nýtt innanlands, enda mun það tryggja framgang nauðsynlegra rannsókna og veiði á 80 langreyðum og 40 sandreyðum í því skyni.“

Ákvörðunum um hrefnuveiðar var frestað um óákveðinn tíma. Fyrirhugaðar eru viðræður við aðildarríki Alþjóðahvalveiðiráðsins fyrir næsta ársfund ráðsins.

4. Norður-Atlantshafslaxverndunarstofnunin, NASCO.

Þriðji ársfundur NASCO var haldinn í Edinborg 23.–27. júní 1986. Sovétríkin gerðust aðilar að stofnuninni 11. september 1986, en aðrir aðilar eru, auk Íslands, Bandaríkin, Danmörk f.h. Færeyja og Grænlands, Evrópubandalagið, Finnland, Kanada, Noregur og Svíþjóð. Á ársfundinum var Guðmundur Eiríksson þjóðréttarfræðingur endurkjörinn forseti stofnunarinnar til tveggja ára.

Á ársfundinum kynnti sendinefnd Íslands í Norðaustur-Atlantshafsnefnd stofnunarinnar afstöðu Íslands í laxamálum, sbr. ályktun Alþingis frá 14. mars 1983. Íslensku fulltrúarnir lögðu fram tillögu um laxveiðibann utan 12 sjómílna og bann við notkun rekneta. Fulltrúar Evrópubandalagsins lögðu fram tillögu um takmörkun veiða Færeyinga við 550 lestir en fulltrúar Noregs um takmörkun veiðanna við 500 lestir. Ekki náðist samkomulag um veiðar Færeyinga á fundinum. Samkvæmt tvíhliða samningi milli Færeyja og Evrópubandalagsins verða laxveiðar Færeyinga á tímabilinu 1. október 1986 til 31. maí 1987 takmarkaðar við 550 lestir.

Í Vestur-Grænlandsnefndinni náðist samkomulag til tveggja ára um takmörkun laxveiða við Vestur-Grænland við 850 lestir árlega. Í Norður-Ameríkunefndinni voru samþykktar ráðstafanir til að draga úr laxveiðum í sjó við Nýfundnaland.

5. Veiðar annarra þjóða við Ísland.

Belgar hafa heimild til að veiða hér við land samkvæmt samningi frá 1975 með breytingum frá 1981. Heimild þessi er bundin við tiltekin skip sem eru nú fimm talsins. Aðeins þrjú þeirra stunduðu veiðar við Ísland á árinu 1986. Leyfilegur hámarksafli belgísku skipanna er 4400 lestir. Afli belgískra skipa á árinu 1986 var um 1333 lestir, þar af þorskur um 219 lestir.

Færeyingar hafa leyfi samkvæmt samningi frá 1976 með breytingum frá 1979, 1981 og 1984 til að veiða hér við land allt að 17 000 lestir af botnfiski, en íslensk stjórnvöld ákveða hámarksafli. Á árinu 1986 var færeyskum sjómönnum heimilað að veiða á handfæri og línu 8500 lestir, þar af allt að 2000 lestir þorsks. Afli þeirra á árinu var 8755 lestir, þar af 2574 lestir þorsks, en farið var fram úr leyfðum afla með samþykki íslenskra stjórnvalda.

Samkvæmt samkomulagi frá 1976 hafa Norðmenn heimild til línu- og handfæraveiða við Ísland. Árið 1984 var gerður samningur við Noreg um veiðar Íslendinga í norskrri lögsögu og fallið frá uppsögn samkomulagsins um veiðar Norðmanna við Ísland. Afli Norðmanna á árinu 1986 var ákveðinn samkvæmt samkomulagi nú 400 lestir. Sex norsk línuskip stunduðu veiðar við Ísland á árinu, aðallega lúðuveiðar, og var afli þeirra 429 lestir.

Í desember 1986 var gerður samningur um að Norðmenn mættu veiða allt að 60 000 lestir loðnu innan íslenskrar lögsögu á tímabilinu 1. janúar til 15. febrúar 1987. Norðmenn veiddu á umræddu tímabili um 58 000 lestir.

6. Skipting loðnustofnsins.

Áfram hefur verið unnið að því að koma á samningi milli Íslands, Grænlands og Noregs um skiptingu veiða úr íslenska loðnustofninum. Frumdrög að heildarsamningi liggja fyrir síðan um mitt ár 1985, en ágreiningur er enn þá um hver vera skuli hlutdeild landanna þriggja í veiðunum. Þríhliða samningi er ætlað að taka við samkomulagi Íslendinga og Norðmanna frá 1980 um 85%–15% skiptingu veiðanna þeirra í milli, enda viðurkennt að Grænlandingum beri hlutur í veiðunum. Þeir hafa hins vegar krafist hærri hlutar, en forsendur hafa þótt standa til. Juku þeir kröfur sínar á fundi í Kaupmannahöfn í apríl 1986 í stað þess að endar næðust þar saman eins og vonast hafði verið eftir. Meðal þess, sem torveldað hefur endanlega lausn málsins, er óleystur ágreiningur Dana og Grænlandinga

annars vegar og Norðmanna hins vegar um lögsögumörkin milli Grænlands og Jan Mayen, þ.e. hvort miðlína eða fullar 200 mílur frá Grænlandi skuli gilda.

Á áðurnefndum fundi náðist samkomulag um að vísindamenn aðilanna þriggja tækju skiptinguna til endurskoðunar í ljósi nýrrar rannsóknaskýrslu frá því í maí 1983 um dreifingu loðnustofnsins. Endurskoðunin staðfesti að í stað þess, að fyrri skýrslan hafi sýnt 73–86% loðnustofnsins tilheyrja íslensku lögsögunni, bæri nú að telja 79–91% til hennar og 9–21% til Jan Mayen- og Grænlands-svæðanna sameiginlega. Íslendingar hafa lagt áherslu á að hin vísindalegu gögn um dreifingu stofnsins í heild séu eðlilegasti megingrundvöllur að skiptingu veiðanna, en hjá hinum hefur tilhneigingin verið að miða einungis við dreifingu veiðanlegs hluta stofnsins þá mánuði sem hann gengur út fyrir íslensku lögsöguna.

Nokkrar hugmyndir um mögulega lausn ágreiningsins, sem fjallað hefur verið um óformlega milli stjórnvalda landanna, bæði ráðherra og embættismanna, eru nú til áframhaldandi athugunar og mótunar með það fyrir augum að gerð verði ný sameiginleg tilraun til að leysa málið áður en næsta sumarvertíð hefst.

Á s.l. sumri veiddu færeysk skip um 60 þúsund lestir af loðnu sem voru hluti af kvóta sem grænenska heimastjórnin ákvað sér, en að öðru leyti hafa veiðarnar á því veiðitímabili, sem nú er að ljúka, farið fram á grundvelli umsaminnar skiptingar Íslendinga og Norðmanna.

Fylgiskjal I.

Sendiráð Íslands og fastanefndir — og umdæmi þeirra.

Hinn 5. febrúar s.l. var undirritaður forsetaúrskurður um sendiráð, fastanefndir hjá alþjóðastofnunum og sendiræðisskrifstofur. Helstu breytingar frá síðasta forsetaúrskurði eru þær að tvær skrifstofur verða í Brussel, önnur fyrir sendiráðið í Belgíu og Luxemborg hjá Efnahagsbandalagi Evrópu og hin fyrir fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsráðinu. Grikkland flyst frá sendiráðinu í Brussel til sendiráðsins í Bonn sem að auki fær Vatíkanið. Kúba og Bahamaeyjar flytjast frá sendiráðinu í Washington til fastanefndarinnar í New York. Fer forsetaúrskurðurinn hér á eftir:

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Samkvæmt fyrirmælum 4. gr. laga nr. 39 frá 16. apríl 1971 um utanríkisþjónustu Íslands eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. Íslensk sendiráð skulu vera í Kaupmannahöfn, Ósló, Stokkhólmi, London, París, Moskva, Bonn, Brussel og Washington. Fastanefndir skulu vera í Genf og New York og aðalræðisskrifstofa í New York.

2. Umdæmi stofnana þeirra, sem nefndar eru í 1. lið hér að framan, skulu vera sem hér segir:

- a. Kaupmannahöfn. Auk Danmerkur skal umdæmi sendiráðsins vera Ítalía, Tyrkland og Ísrael.
- b. Ósló. Auk Noregs skal umdæmi sendiráðsins vera Alþýðulýðveldið Pólland og Alþýðulýðveldið Tékkóslóvakía.
- c. Stokkhólmur. Auk Svíþjóðar skal umdæmi sendiráðsins vera Finnland, Sambandslýðveldið Júgóslavía, Albanía og Saudi Arabía.

- d. London. Auk Stóra-Bretlands og Norður-Írlands skal umdæmi sendiráðsins vera Lýðveldið Írland, Holland og Nígíería.
- e. París. Auk Frakklands skal umdæmi sendiráðsins vera Grænhöfðaeyjar, Spánn og Portúgal. Forstöðumaður sendiráðsins skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnuninni (OECD) og hjá Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
- f. Moskva. Auk Sovétríkjanna skal umdæmi sendiráðsins vera Alþýðulýðveldið Búlgaría, Alþýðulýðveldið Rúmenía, Alþýðulýðveldið Ungverjaland, Þýska alþýðulýðveldið og Alþýðulýðveldið Mongólía.
- g. Bonn. Auk Sambandslýðveldisins Þýskalands skal umdæmi sendiráðsins vera Austurríki, Sviss, Grikkland og Vatíkanríkið.
- h. Brussel. Auk Belgíu skal umdæmi sendiráðsins vera Luxemborg.
Forstöðumaður sendiráðsins skal vera sendiherra hjá Efnahagsbandalagi Evrópu og fastafulltrúi í Norður-Atlantshafsráðinu.
Tvær skrifstofur skulu vera í Brussel:
1. fyrir sendiráðið í Belgíu og Luxemborg og hjá Efnahagsbandalagi Evrópu,
 2. fyrir fastanefnd Íslands hjá Norður-Atlantshafsráðinu.
- i. Washington. Auk Bandaríkja Ameríku skal umdæmi sendiráðsins vera Kanada, Mexíkó, Brasilía, Argentína, Chile, Perú, Kólumbía, Venezúela og Barbados.
- j. Genf. Forstöðumaður fastanefndarinnar í Genf skal vera fastafulltrúi hjá Evrópuskrifstofu Sameinuðu þjóðanna og öðrum alþjóðastofnunum sem aðsetur hafa í Genf. Hann skal einnig vera fastafulltrúi hjá Fríverslunarsamtökum Evrópu (EFTA) og auk þess sendiherra í Kenýu, Tansaníu, Egyptalandi og Eþíópíu.
- k. New York. Forstöðumaður fastanefndarinnar í New York skal vera fastafulltrúi Íslands hjá höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna og auk þess sendiherra á Kúbu og Bahamaeyjum.
3. Ráðherra getur ákveðið að sendiherra í utanríkisþjónustunni með búsetu í Reykjavík skuli vera sendiherra í fjarlægum löndum, fyrst og fremst Asíu og Afríku eftir því sem nauðsyn kann að krefja.
 4. Starfsmaður utanríkisþjónustunnar með búsetu í Reykjavík skal vera fastafulltrúi Íslands hjá Evrópuráðinu.
 5. Úrskurður þessi skal taka gildi við undirskrift og um leið fellur úr gildi forsetaúrskurður nr. 17 frá 8. febrúar 1980.

Gjört í Reykjavík, 5. febrúar 1987.

Vigdís Finnbogadóttir.
(L.S.)

Matthías Á. Mathiesen.

Sendiherrar með búsetu í Reykjavík gegna embættum í eftirtöldum ríkjum: Japan, Kína, Indlandi, Pakistan, Bangladesh, Alþýðulýðveldinu Kóreu, Kóreulýðveldinu, Indónesíu, Thailandi, Íran, Írak, Kýpur, Túnis og Ástralíu.

Fylgiskjal II.

Skrá um helstu alþjóðasamtök sem Ísland er aðili að.

Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra.

Sameinuðu þjóðirnar (UN).
Matvæla- og landbúnaðarstofnun Sameinuðu þjóðanna (FAO).
Alþjóðaflugmálastofnunin (ICAO).
Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO).
Alþjóðavinnumálastofnunin (ILO).
Alþjóðaveðurfræðistofnunin (WMO).
Alþjóðasiglingamálastofnunin (IMO).
Menningarmálastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).
Alþjóðafjarskiptasambandið (ITU).
Alþjóðapóstsbandið (UPU).
Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (IMF).
Alþjóðabankinn (IBRD).
Alþjóðalánastofnunin (IFC).
Alþjóðafarastofnunin (IDA).
Hið almenna samkomulag um tolla og viðskipti (GATT).

Alþjóðakjarnorkumálastofnunin (IAEA).

Önnur alþjóðasamtök.

Atlantshafsbandalagið (NATO).
Evrópuráðið (Council of Europe).
Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin (OECD).
Fríverslunarsamtök Evrópu (EFTA).
Norðurlandaráð (Nordic Council).
Norræna póstsambandið (Nordic Postal Union).
Kjarnfræðistofnun Norðurlanda (NORDITA).
Bernarsambandið til verndar bókmenntum og listaverkum (Berne Union for the Protection of Literary and Artistic Works).
Alþjóðastofnun til útgáfu tollalaga (International Union for the Publication of Custom Tariffs).
Alþjóðahafrannsóknaráðið (International Council for the Exploration of the Sea).
Alþjóðahvalveiðiráðið (International Whaling Commission).
Norður-Atlantshafslaxverndarstofnunin (NASCO).
Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunin (Northwest Atlantic Fisheries Organization).
Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin (North-East Atlantic Fisheries Commission).
Alþjóðasjómælingastofnunin (International Hydrographic Organization).
Alþjóðagerðardómurinn í Haag (Permanent Court of Arbitration, The Hague).
Parísarsamþykktin um vernd á sviði iðnaðar (Paris Convention for the Protection of Industrial Property).
Tollasamvinnuráðið (Customs Co-operation Council).
Alþjóðasamband sakamálagreglu (International Criminal Police Organization, INTERPOL).
Alþjóðanáttúruverndarsambandið (International Union for Conservation of Nature and Natural Resources).

Fylgiskjal III.

Tillögur á 41. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna sem Ísland var meðflytjandi að (samtals 34):

Allsherjarþingið (5):	Ál. nr.	Dsl.	Úrslit
Kjörbréf Ísrael	Þst.	3	77—40—16
Kampútsea	41/6	25	115—21—13
Hafréttarmál	41/34	32	142— 2— 5
S.-Afriku sjóður S.þj.	41/35G	33	s.á.a.
Aðgerðir gegn aðskilnaði kynþátta	41/35H	33	149— 2— 3
Fyrsta nefnd (8):			
Bann við tilraunum með kjarnavopn	41/47	48	137— 1—15
Efna og sýklavopn	41/58C	59	137— 0—14
Óhlutdrægar upplýsingar um hermál	41/59B	60	116— 0—26
Efndir samninga um takmörkun vígbúnaðar og afvopnun	41/59J	60	s.á.a.
Vígbúnaðarkappklauþ á hafinu og afvopnun	41/59K	60	153— 1— 1
Upplýsingaskylda um kjarnatilraunir	41/59N	60	130— 1—22
Skýrsla afvopnunarnefndarinnar í Genf	41/86P	62	101— 0—50
Vopnaeftirlit	41/86Q	62	s.á.a.
Sérstaka stjórnmalanefndin (1):			
Ráðstafanir gegn flóttamannastræmi	41/70	76	s.á.a.
Önnur nefnd (3):			
Háskóli S.þj.	41/173	81	s.á.a.
Frjálst framtak	41/182	12	s.á.a.
Aðstoð við jaðarríki Suður Afríku	41/199	82	152— 0— 1
Þriðja nefnd (8):			
Kynþáttamisréttissamningur	Brþ. ¹⁾	89(b)	80— 0—45
Samningur um afnám alls misréttis gegn konum	41/108	92	s.á.a.
Samningur um réttindi barna	41/116	96	s.á.a.
Mannréttindasáttmálar	41/119	97	s.á.a.
Flóttamannafulltrúi S.þj.	41/124	99	s.á.a.
Alþjóðasamningur gegn pyntingum	41/134	103	s.á.a.
Sjóður vegna fórnarlamba pyntinga	41/135	103	s.á.a.
Skyndiaftökur	41/144	12	s.á.a.
Fjórtða nefnd (1):			
Menntunar og þjálfunaráætlun fyrir suðurhluta Afríku	41/27	107	s.á.a.

Fimmta nefnd (5):

Fjárþröng S.þj.	41/204A	112	s.á.a.
Frímerkjaútgáfa	41/204B	112	s.á.a.
Fríðhelgi Starfsm. S.þj.	41/205	117	s.á.a.
Fjármögnum UNIFIL	41/179A	120(a)	125— 2— 9
Fríðargæslusveitir UNIFIL	41/179B	120(a)	116— 2—19

Sjötta nefnd (3)

Genfarsamningur um vernd fórnarlamba hernaðarátaka	41/72	122	s.á.a.
Öryggi stjórnarerindreka	41/178	128	s.á.a.
Skýrsla alþjóðalaganefndarinnar	41/81	130	s.á.a.

1) L.24, breytingartillaga við L.9 (41/104), afgreidd í nefnd.

Skýringar: „Ál. nr.“ táknar ályktun númer. Þar eru einnig skráðar ákvarðanir, breytingartillögur (Brt.) og þingskapartillögur (Þst.) „Dsl“ merkir dagskrárliður númer. Undir „Úrslit“ eru skráð meðatkvæði—mótatkvæði—hjásetur. „S.á.a.“ táknar samþykkt án atkvæðagreiðslu.

Fylgiskjal IV.

Skrá yfir framlög ríkissjóðs vegna þróunaraðstoðar og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi 1978-1987 (í þús. kr.).

	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986	1987 ¹⁾
A. Langtíma þróunaraðstoð										
1. Þróunaraðstoð Sameinuðu þjóðanna	176	280	364	521	3 600	4 788	4 788	4 788	5 000	6 000
2. Alþjóðafmárafurstofnunin (IDA)	604	1 404	1 404	2 760	3 660	7 323	4 580	20 530	27 400	27 400
3. Iðnþróunarsjóður EFTA fyrir Portúgal	380	540	960		590					
4. Þróunarsamvinnustofnun Íslands	400	710	6 022	5 757	9 007	41 701	41 410	20 500	24 000	30 000
5. Alþjóðabankinn (IBRD), hlutafjárútkning	900					5 453	11 856	11 856	11 856	11 856
6. Háskóli Sameinuðu þjóðanna (UNU), jarðhitadeild		332	456	661	1 045	2 650	3 775	4 900	6 125	9 054
Alls	2 460	3 266	9 206	9 699	17 902	61 915	66 409	62 574	74 381	84 310
B. Önnur aðstoð.										
1. Alþjóðabarnahjálparsjóðurinn (UNICEF)	40	59	71	138	250	332	332	332	500	800
2. Matvælaáætlun Sameinuðu þjóðanna (WFP)	12	26	33	59	173	378	580	552	644	566
3. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR)	21	52	100	296	683	595	945	1 208	1 471	1 291
4. Aðstoð Sameinuðu þjóðanna við Palestínuflottamenn (UNRWA)	29	60	88	132	512	201	297	380	445	390
5. Aðstoð við flóttamenn	4	434	182	413	1 911	1 500	318			
6. Namibíusjóður Sameinuðu þjóðanna	6	10	16	29	45	41	58	80	84	80
7. Alþjóðanefnd Rauða Krossins	9	14	19	34	363	367	477	558	1 107	1 199
8. S-Afríkusjóður Sameinuðu þjóðanna				29	45	41	58	80	84	464
9. Neyðarhjálp Sameinuðu þjóðanna (UNDRO)	6	10	16	29	164	112	238	236	276	243
10. Mannfjöldisjóður Sameinuðu þjóðanna				3	58	50	88	104	122	107
11. Alþjóðamatvælabrigðisjóðurinn (IEFR)						248	294	258	302	238
12. Sérstök matvælaaðstoð vegna hungursneyðar o. fl.					1 150	2 559	2 000	10 800	4 800	
13. Tækniaðstoð við Kólombíu									970	
Alls	127	668	537	1 161	5 354	6 424	5 685	14 588	10 805	5 378
Samtals	2 587	3 931	9 743	10 860	23 256	68 339	72 094	77 162	85 186	89 688
Hlutfall af vegrri þjóðarframléiðslu viðkomandi árs	0.042%	0.043%	0.065%	0.047%	0.066%	0.115%	0.094%	0.073%	0.058%	0.054%

1) Áætlun. Spá 1987 er á áætlun meðalgengi 1987.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Fylgiskjal V.

Norræn áætlun um ráðstafanir gegn Suður-Afríku.

Á fundi norrænu utanríkisráðherranna í Kaupmannahöfn 13. og 14. ágúst síðastliðinn ítrekuðu þeir enn frekar samþykkt utanríkisráðherrafundar Norðurlanda í Ósló 17. og 18. október 1985 um norræna áætlun um ráðstafanir gegn Suður-Afríku.

1. Formáli.

Norrænu ríkin telja kynþáttaaðskilnaðarstefnuna í Suður-Afríku (apartheid) brot á grundvallarmannréttindum samkvæmt sáttmála Sameinuðu þjóðanna og alþjóðamannréttindayfirlýsingunni. Apartheid-stefnan er einsdæmi í veröldinni, þar sem hún felur í sér skipulagðan aðskilnað kynþátta og er bundin í stjórnskipunarlög Suður-Afríku. Þessi stefna og löglaut hernám Suður-Afríkulýðveldisins í Namibíu hefur leitt til alvarlegrar spennu í suðurhluta Afríku.

Enn fremur líta norrænu ríkin svo á, að apartheid-stefnan sé ógnun við alþjóðlegan frið og öryggi. Þess vegna munu þau vinna að því á vettvangi Sameinuðu þjóðanna að samþykktar verði skuldbindandi refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku til að stuðla að því að horfið verði frá apartheid-stefnunni með friðsamlegum hætti.

Meðan þess er beðið, að skuldbindandi refsiaðgerðir nái fram að ganga, hafa Norðurlönd ákveðið að grípa til einhliða aðgerða til að minnka efnahagsleg og önnur samskipti við Suður-Afríku. Þau hvetja önnur ríki til að fara að dæmi Norðurlanda og ákveða svipaðar ráðstafanir til að auka alþjóðlegan þrýsting á ríkisstjórn Suður-Afríku og gera hann áhrifaríkari. Vegna hins einstæða eðlis apartheids má óeining í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna um skuldbindandi refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku ekki koma í veg fyrir að einstök ríki grípi til ráðstafana til að draga úr samskiptum við Suður-Afríku.

2. Alþjóðlegar ráðstafanir gegn Suður-Afríku.

- Á vettvangi Sameinuðu þjóðanna munu Norðurlönd:
- vinna ötullega að því að öryggisráðið samþykki bindandi refsiaðgerðir gegn Suður-Afríku, m.a. á sviði fjárfestinga, viðskipta og flutninga. Virkt bann við olíuflutningum til Suður-Afríku gæti orðið mikilvægur liður í slíkum refsiaðgerðum. Norðurlönd munu stuðla að slíku olíubanni og hefja viðræður við lönd, sem gera út kaupskipaflota í því augnamiði að ná samkomulagi um sameiginlegt bann við olíuflutningum til Suður-Afríku;
 - vinna að því að önnur ríki geri þær ráðstafanir, sem mælt er með í ályktun 39. allsherjarþings S. þj. um samræmdar alþjóðlegar aðgerðir gegn apartheid (ályktun 39/72G);
 - vinna að því að ályktun öryggisráðs S. þj. nr. 418 (1977) um bann við sölu vopna til Suður-Afríku verði í hvívetna hlýtt. Enn fremur að vinna að því að vopnasölubannið verði gert víðtækara og virkara, t. d. með því að banna útflutning til Suður-Afríku á búnaði, sem nota mætti í jafnt hernaðarskygni og til almennra nota;
 - stuðla að því að þær ráðstafanir, sem mælt var með í ályktun öryggisráðs S. þj. nr. 558 (1984) og 569 (1985) verði gerðar skuldbindandi;

3. Norrænar ráðstafanir gegn Suður-Afríku.

Norðurlönd hafa ákveðið að beita sér fyrir eftirfarandi einhliða ráðstöfunum:

- að banna eða vinna gegn nýjum norrænum fjárfestingum í Suður-Afríku;
- að hefja samninga við norræn fyrirtæki um að draga úr framleiðslu sinni í Suður-Afríku;
- að hvetja norræn fyrirtæki, sem eiga verslunarviðskipti við Suður-Afríku, að leita annarra markaða í þeim tilgangi að draga úr viðskiptum milli Norðurlanda og Suður-Afríku;
- að gera þær ráðstafanir, sem öryggisráð S. þj. mælti með í ályktun nr. 558 (1984) um að kaupa ekki vopn, skotfæri eða brynvagna framleidda í Suður-Afríku;
- að hrinda í framkvæmd þeim ráðstöfunum sem öryggisráð S. þj. mælti með í ályktun nr. 569 (1985) en enn hafa ekki verið framkvæmdar á Norðurlöndum, þ. e.:
 - bann við innflutningi á suður-afrískum gullpeningum, Krügerands,
 - bann við nýjum samningum um samstarf á sviði kjarnorkumála,
 - bann við útflutningi á tölvubúnaði, sem her og lögregla Suður-Afríku gætu haft not af;
- gera ráðstafanir til að koma í veg fyrir að opinber fyrirtæki á Norðurlöndum geri innkaup í Suður-Afríku;
- að banna hvers konar ríkisstyrki er stuðlað gætu að auknum viðskiptum við Suður-Afríku;
- að banna eða vinna gegn lánveitingum, þar með talin þátttaka í alþjóðlegum lánnum, til Suður-Afríku. Svo lengi sem aðskilnaðarstefnan og hin neikvæðu áhrif hennar á efnahag Suður-Afríku vara, ber að vinna gegn lánveitingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til Suður-Afríku á grundvelli þeirra reglna, sem stofnskrá sjóðsins setur;
- að banna eða vinna gegn hvers konar leigusamningum við fyrirtæki í Suður-Afríku;
- að banna eða vinna gegn sölu einkaleyfa og framleiðsluréttinda til Suður-Afríku;
- að hætta flugsamgöngum við Suður-Afríku;
- að takmarka frekari samskipti við Suður-Afríku á sviði íþróttar, menningar og vísinda;
- að herða sameiginlegar norrænar leiðbeiningarreglur fyrir embættismenn um útgáfu vegabréfsáritana fyrir suður-afríska ríkisborgara í því augnamiði að styrkja framkvæmd þessarar áætlunar;
- að auka norræna mannúðarhjálp við flóttamenn, frelsishreyfingar, fórnarlömb og andstæðinga apartheid-stefnunnar;
- að auka norræna aðstoð við grannríki Suður-Afríku og önnur ríki í sunnanverðri Afríku og samstarfsstofnun þeirra (SADCC) til að gera þau minna háð Suður-Afríku efnahagslega og minnka þar með möguleika Suður-Afríku á að skapa glundroða í þessum löndum.

Norræni vinnuhópurinn um ráðstafanir gegn Suður-Afríku mun reglubundið íhuga nýjar hugsanlegar aðgerðir gegn Suður-Afríku.

Fylgiskjal VI.

Þingsályktun um stefnu Íslendinga í afvopnunarmálum.

Alþingi ályktar að brýna nauðsyn beri til að þjóðir heims, ekki síst kjarnorkuveldin, geri með sér samninga um gagnkvæma alhliða afvopnun þar sem framkvæmd verði tryggð með alþjóðlegu eftirliti.

Enn fremur telur Alþingi mikilvægt að verulegur hluti þess gífurlega fjármagns, sem nú rennur til herbúnaðar, verði veittur til þess að hjálpa fátækum ríkjum heims þar sem tugir milljóna manna deyja árlega úr hungri og sjúkdómum.

Alþingi fagnar hverju því frumkvæði sem fram kemur og stuðlað getur að því að rjúfa vítahring vígbúnaðarkapphlaupsins.

Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að styðja og stuðla að allsherjarbanni við tilraunum, framleiðslu og uppsetningu kjarnavopna undir traustu eftirliti, svo og stöðvun á framleiðslu kjarnakleyfra efna í hernaðarskygni, jafnframt því að hvetja til alþjóðlegra samninga um að árlega verði reglubundið dregið úr birgðum kjarnavopna. Þessu banni og samningum um niðurskurð kjarnorkuvopna verði framfylgt á gagnkvæman hátt þannig að málsaðilar uni því og treysti enda verði það gert í samvinnu við alþjóðlega eftirlitsstofnun.

Leita verður allra leiða til þess að draga úr spennu og tortryggni milli þjóða heims og þá einkum stórveldanna. Telur Alþingi að Íslendingar hljóti ætíð og hvarvetna að leggja slíkri viðleitni lið.

Um leið og Alþingi áréttar þá stefnu Íslendinga að á Íslandi verði ekki staðsett kjarnorkuvopn hvetur það til þess að könnuð verði samstaða um og grundvöllur fyrir samningum um kjarnorkuvopnalaust svæði í Norður-Evrópu, jafnt á landi, í lofti sem á hafinu eða í því, sem liður í samkomulagi til að draga úr vígbúnaði og minnka spennu. Því felur Alþingi utanríkismálanefnd að kanna í samráði við utanríkisráðherra hugsanlega þátttöku Íslands í frekari umræðu um kjarnorkuvopnalaust svæði á Norðurlöndum og skili nefndin um það álit til Alþingis fyrir 15. nóv. 1985.

Jafnframt ályktar Alþingi að fela öryggismálanefnd, í samráði við utanríkisráðherra, að taka saman skýrslu um þær hugmyndir sem nú eru uppi um afvopnun og takmörkun vígbúnaðar, einkum þær sem máli skipta fyrir Ísland með hliðsjón af legu landsins og aðild þjóðarinnar að alþjóðlegu samstarfi. Á grundvelli slíkrar skýrslu verði síðan leitað samstöðu meðal stjórnmalaflokkanna um frekari sameiginlega stefnumörkun í þessum málum.

Samþykkt á Alþingi 23. maí 1985.